Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók vatnsveitunefndar 1904-1932

Aðfnr. 5520 A


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók
vatnsveitunefndar

1904-1932

.077.5 - .824.11.075.15
:025.26 :628.1
Aðfnr. 5520 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
5520 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjörðabók

vatnsveitunefndarinnar

í

Reykjavík

1904 - 1932

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, þ. 15. júní, átti vatnsveitunefndin fund með sér.

1. Bæjarfógeti kosinn formaður nefndarinnar, G. Björnsson kosinn skrifari.

2. Samþykkt að veita Directeur Mr. Depree í Exeter umboð til að leita undirtekta Mr. Payne, justice af Piece um kröfur af hans hendi og skilyrði fyrir því, að bærinn megi nota Elliðaárnar til vatnsveitu í bæjinn.

3. Samþykkt að fara fram á það við stjórnarráðið, að það útvegi bænum aðstoð herstjórnarráðsins til að mæla og gera uppdrætti af vatnsveitustöðvunum að (Kóðavogshálsi) Kópavatnshálsi að sunnan skammt niður fyrir þjóðveginn að norðan og skammt inn fyrir Árbæ að austan.

4. Ingeniur Zimsen var á fundinum og skýrði nefndinni frá að hann hefði í höndum telegeafiskt tilboð frá Ingeniörunum Hein & Möller-Holst í Kaupmannahöfn, þar sem þeir bjóðast til að gera vatnsveitu í Reykjavík fyrir 12000 íbúa, ef nóg vatn næst úr jörðu í grennd við bæinn, fyrir 300 þús. krónur; er þar í falin vatnsveita um allar götur og 80 eldsvoðahanar.

Ingenieur Zimsen falið að útvega nefndinni áætlun frá Hein og Möller-Holst um það, hvað kosta mundi að leita að vatni með borun ásamt tilboði frá þeim um verkfæralán og verkstjórn.

5. Ingenieur Zimswn falið að rannsaka þéttleik grásteins og steinsteypu af ýmsri gerð.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. G. Björnsson. Kristinn Jónsson. Sigurður Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, 22. dag júlímánaðar átti vatnsveitunefndin fund með sér.

1. Lagt fram bréf frá ingenieur Möller-Holst, dags. í Reykjavík 20. júlí, þar sem hann ræður bæjarstjórn til að láta leita að vatni með jarðnöfrum milli Öskjuhlíðar og Skólavörðuholts, og áætlar að tilraunin muni kosta ca. 5000 kr.-

Nefndin samþykkir að bera fram tillögu í bæjarstjórn um það, að fé verði veitt til borunartilraunar og áhöld og borunarmaður fenginn frá Danmörku ~~sén fyrst~~ sbo fljótt sem verða má..

2. Lagt fram bréf frá Villey & Co. í Exeter dags. 28. júní og annað bréf dags. 1. júlí, þar sem þeir gera grein fyrir rannsóknum sínum hér og leggja fram kostnaðaráætlun, ennfremur gera grein fyrir málaleitan sinni við Mr. Payne um notkun Elliðaánna, og loks fara fram á að bæjarstjórn þegar segi af eða á um það, hvort hún vill ganga að tilboði þeirra.

Nefndin ákveður að fara þess á leit við Villey & Co. að þeir bíði eftir endanlegu svari án þess að ganga frá tilboði sínu, þar til gerð hefir verið borunartilraun og jarðvegur í götum bæjarins rannsakaður og tilboð komin, sem von er á frá dönskum félögum. Ennfremur vill nefndin fá vitneskju um það frá Villey & Co., hvað graftrarkostnaðurinn sé hátt settur á áætlun þeirra. Loks láta Villey & Co. vita að nefndin ætlar að skrifa mr. Payne og spyrjast fyrir um hvort hann muni vilja veita bæjarstjórn leyfi til að taka úr ánum allt að því ~~4000/gallon á/dag~~ 400000 gallon á dag, en það álítur nefndin að bænum muni nægja í fyrirsjáanlegri framtíð. Vill nefndin mælast til þess að V. & Co. fyrir hennar hönd geri endanlega samninga við Payne, þegar til kemur að þeir verða gerðir.

3. Lagt fram bréf frá mr. Payne ~~dags.~~ til bæjarfógeta, dags. 4. júlí, þar sem hann tjáir sig fúsan til að gera samning við bæjarstjótn um notkun ánna fyrir málaleitan Villy & Co., og setur upp 1000 kr. á ári fyrir 200000 gallon á dag.

Nefndin ákveður að þakka Payne fyrir góðar undirtektir og beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann muni vilja leyfa bæjarstjórn að taka úr ánum allt að því 400000 gallon á dag fyrir hið nefnda árgjald. Vill nefndin gefa mr. Payne í skin, sem sína skoðun, að slík notkun á ánum muni eigi rýra verðmæti þeirra svo að neinu nemi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. G. Björnsson. Kristján Jónsson.
Sighvatur Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, 27. dag desembermánaðar, átti vatnsveitunefndin fund með sér.

Ingeniur Zimsen var á fundinum. Hann skýrði frá því að byrjað hefði verið að bora suður undir Öskjuhlíð fyrst í október. Yfirborð jarðar er þar 65 1/4' yfir sjávarmál. Borholan er 3 þuml. víð. 85' fyrir neðan yfirborð hættir klöppin og tekur við sandlag 11 fet á þykt, og því næst leirlag. Niður í leirlagið er búið að bora ca. 3½ fet. Talsvert vatn er í klöppinni, meira í sandinum, langmest í leirlaginu. Vatnið hefir aukizt ca. um helming 3 síðustu fetin. Með dælu, sem stendur ofanjarðar er nú hægt að taka ca. 1000 tunnur á sólarhring, þá lækkar vatnið um 20 fet; niður að yfirborði vatnsins eru 6 fet. Hiti vatnsins hefir verið frá 7-9° C. Vatnið virðist vera mjög gott. Nú er ekki hægt að bora lengur, vegna þess að ekki er hægt að koma niður hólkum til að klæða innan holuna í sand- og leirlaginu og vegna þess að ekki er lengur hægt að skola upp borduftið: sandurinn hrynur jafnóðum niður í botn. Þess vegna er nauðsynlegt að víkka holuna alla leið niður úr klöppinni, svo að hún verði 6 þuml. á vídd. Verði þessi hola notuð seinna til að taka vatn úr henni handa bænum þarf hvort sem er að víkka hana.

Ingenieurinn leggur til 1) að byrjað sé nú að bora á öðrum stað, 2) að fengin séu utanlands frá verkfæri til að víkka gömlu holuna.

Borunarmaðurinn heitir Hansen og er frá Marius Knudsen í Odense.

Samþykkt að skrifa eftir þeim verkfærum sem vanta.

Ingenieur Zimsen falið að skrifa Marius Knudsen.

Halldór Daníelsson. Sighvatur Bjarnason. Kristján Jónsson.
G. Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905 hinn 27. janúar átti vatnsnefndin fund með sér að viðstöddum verkfræðing bæjarins hr. Kn. Zimsen.

Lagt fram bréf frá Hein- og Möller-Holst í Kaupmannahöfn dags. 3. þ.m., þar sem þeir fara fram á að sér verði sent vatn úr borholunum til rannsóknar.
Nefndin ákvað að tilkynna nefndu firma, að bæjarstjórnin muni sjálf annast rannsókn á vatninu, þegar henni þykir tími til kominn.
Sighvatur Bjarnason og Björn Kristjánsson voru ekki á fundinum.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. G. Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, hinn 23. dag septembermánaðar átti vatnsveitunefndin fund með sér að viðstöddum verkfræðing bæjarins.

Verkfræðingurinn skýrði frá því, að borað hefði verið í Vatnsmýrarjaðrinum niðurundan erfðafestulandi Einars Helgason; sú borun stóð yfir frá því síðast í desember 1904 þar til fyrstu daga í júní 1905. Borað var 165 fet niður og kom mjög lítið vatn, ca. 60 pottar á mínútu með 16 feta lækkun; hinsvegar fundust ýmsir málmar í þessari holu. Því næst var tekið til að víkka fyrri holuna með 6½ þuml. bor og hún grafin 101 fet; þá 3 þuml. holu niður í 104½ feta dýpi; þar var hörð klöpp fyrir; sjálft neðsta lagið gaf ca. 6 potta á mínútu, hitinn á vatninu 9°. Yfirleitt var nú talsvert minna vatn í þessari holu, en í fyrra haust, og vatnið stóð heldur ekki eins hátt- 14½ fet, en í fyrra 6 fet. Í miðjum þessum mánuði var hætt að bora.

Á síðasta bæjarstjórnarfundi var ákveðið að hætta öllum borunartilraunum og málinu vísað til vatnsveitunefndarinnar til nánari yfirvegunar.

Guðmundi Björnssyni falið að finna Mr. Payne og Mr. Deepree í Exeter, spyrjast fyrir hjá Payne um leigu eða sölu á Elliðaánum og fá að vita hjá Mr. Deeppee hvort hann muni vilja standa við tilboð sín; sömuleiðis var honum falið að leita upplýsinga hjá þeim dönskum félögum, Smith & Huttemeyer, Hein- og Müller-Holst og Krüger, sem boðizt hafa til að gera hér vatnsveitu.

Ákveðið að leggja til við bæjarstjórn að veittar séu um 500 kr. til þess að rannsaka jarðveg undir götum bæjarins til undirbúnings væntanlegri vatnsveitu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Sighvatur Bjarnason. G. Björnsson.
Kristján Jónsson. Björn Kristjánsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, hinn 28. nóvember átti vatnsveitunefndin fund með sér. Fjarverandi var einn nefndarmaður Guðmundur Björnsson héraðslæknir, sem nú dvelur erlendis.

Lesið var upp bréf frá Guðmundi Björnssyni, er skýrir frá málaleitun hans við Mr. Payne og Mr. Dupree. Tjáir að Payne þykist eigi lengur bundinn við tilboð sitt um að Reykjavíkurbær geti fengið nægilegt vatn úr ánum fyrir árgjald það, er hann ákvað árið 1904, en vilji nú selja árnar til bæjarins, þó eigi fyrir minna en £12500.oo. Nefnt bréf er dags. 4. þ.m. og stílað til bæjarstjórnarinnar. Bréfið geymist við Vatnsveituskjölin.

Nokkru eftir að fundur var settur kom verkfræðingur Jón Þorláksson á fundinn til viðtals við nefndina, að fyrirlagi formanns nefndarinnar. Téður verkfræðingur taldi haganlegast að taka vatn úr Elliðavatni, en eigi úr Elliðaánum sjálfum; taldi hann hugmynd sinni það helzt til gildis að eigi þyrfti turbínu ef vatn væri tekið úr Elliðavatni það myndi liggja svo hátt yfir sjávarflöt, að(~~fallhæð=yrði=nægileg~~)fallhraði yrði nægur.- Gæði neyzluvatns yrðu lík hvort sem vatnið yrði tekið úr ánum eða Elliðavatni, því vatnið í Elliðaánum kæmi úr Elliðavatni.- Nefndin fól það téðum verkfræðingi að mæla hæð Elliðavatns og ánna fyrir ofan fossa (fyrir ofan Árbæ) og skyldi mælingarannsókn þessi framkvæmd sem fyrst.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristinn Jónsson. Björn Kristjánsson.
Sighvatur Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, hinn 16. des. átti vatnsveitunefndin fund með sér. Fjarverandi voru 2 af nefndarmönnum: Guðmundur Björnsson, héraðslæknir og Björn Kristjánsson kaupmaður, sem báðir dvelja erlendis.

Lagt var fram bréf verkfræðingsins Jóns Þorlákssonar dags. 8. þ.m., er skýrir frá hæðarmælingum er hann hafi framkvæmt frá Elliðaárvogi upp með ánum, samkvæmt ályktun á síðasta nefndarfundi. Telur hann vatnsyfirborðið fyrir ofan flúðirnar hjá efri veiðimannahúsunum (-lengra hefur hann eigi mælt-) vera 224½ fet yfir flóðmál. Telur verkfræðingurinn það vafalaust að þessi vatnshæð sé nægileg til þess að taka þaðan neyzluvatn handa bænum.

Vatnsveitunefndin ákvað:

1. að leggja það til við bæjarstjórn að Reykjavíkurbær keypti Elliðaárnar með tilheyrandi jörðum af H. Payne fyrir allt að £6000.o.o. - sex þúsund pund sterling -, en hærra eigi.- Bj. Kristjánsson hafði tjáð sig þessu samþykkan á síðasta nefndarfundi. Einn nefndarmanna (S. Bj.) vildi fara upp að £ 7000.o.o.- Ástæðan til þess að nefndin vill eigi fara hærra er meðal annars sú, að hún telur það efalaust, að lögnám geti fengizt fyrir vatni úr ánum, ef á þarf að halda.

2. að leggja það til við bæjarstjórn að nauðsynlegt fé verði veitt úr bæjarsjóði til þess að láta hérlenda verkfræðinga gjöra undirbúningsráðstafanir er þurfa til þess að byggja á endilega kostnaðaráætlun um vatnsveitu t. d. hvar taka skal vatnið upp, hvernig jarðvegur er frá ánum og alla leið til bæjarins, jarðvegur undir götum bæjarins (sbr. fund 25. septemb.) o. s. frv.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristinn Jónsson. Sighvatur Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, 10. október átti vatnsveitunefndin fund með sér. Allir nefndarmenn voru mættir.

Rætt var um framkvæmd vatnsleiðslu frá Elliðaánum til bæjarins. Var þá:

1. Samþykkt að fela efnafræðing Ásgeiri Torfasyni að rannsaka vatnið í Elliðaánum, sem neyzluvatn.

2. Nefndin samþykkti að fara fram á það við stjórnarráðið, að verkfræðingur landsins Jón Þorláksson megi takast á hendur að rannsaka hvar upptök vatnsleiðslunnar úr Elliðaánum sé heppilegast og hverja leið skuli leggja vatnspípur þaðan til bæjarins. Nefndarmaður, verkfræðingur Jón Þorláksson lýsti því yfir að hann mundi taka þetta verk að sér að fengnu leyfi stjórnarráðsins ef honum kæmi saman við nefndina og bæjarstjórnina um endurgjald fyrir það..

Fleira ekki gjört.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Ásgeir Sigurðsson.
Björn Kristjánsson. Jón Þorláksson.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, hinn 5. nóvember, hélt vatnsnefndin fund með sér. Allir nefndarmenn voru mættir nema verkfræðingur Jón Þorláksson.

1. Formaður lagði fram bréf frá stjórnarráðinu dags. 2. nóvember, þar sem það samþykkir að lána verkfræðing Th. Krabbe til þess að rannsaka vatnsveitumálið fyrir bæjarstjórnina, en hefur ekki á móti því að Jón Þorláksson verkfræðingur taki þetta starf að sér, ef bæjarstjórninni semst við hann um það.

2. Lagði formaðurinn fram bréf frá verkfræðingi Jóni Þorlákssyni, þar sem hann býðst til að taka að sér rannsókn vatnsveitumálsins fyrir ákveðna borgun auk hundraðsgjalds ef fyrirmynd hans verður fylgt. Verkfræðingur Jón Þorláksson var beðinn að koma á fundinn til að gefa nokkrar skýringar á tilboði hans og var svo fundi frestað til næsta kvölds kl. 8½.

Halldór Daníelsson. Björn Kristjánsson. Ásgeir Sigurðsson.
Kristján Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, hinn 6. nóvember átti vatnsnefndin fund með sér, framhald af fundinum í gær. Allir nefndarmennirnir mættir nema Jón Þorláksson.

Var þá tekið fyrir að ákveða hverjum fela skuli að undirbúa leiðslu neyzluvatns frá Elliðaánum til bæjarins. Meiri hluti nefndarinnar samþykkti að ganga að tilboði Jóns Þorlákssonar verkfræðings í áðurnefndu bréfi hans dags. 4. þ.m., þó svo, að borgun sú sem hann áskilur sér sé reiknuð eftir 11. gr."Om Brobyggning og Vandbygning" í vinnutaxta fyrir verkfræðingastörf fra den Tekniske Forening, dags, 23. Nov. 1888. Svo vill og meiri hluti nefndarinnar sæta því boði hans að hann byrji á verkinu þegar í stað þegar veður leyfir, án þess að bíða eftir samþykki bæjarstjórnarinnar á næsta fundi hennar og fái þá enga borgun fyrir það, sem hann hefur unnið - ef bæjarstjórnin fellzt ekki á tillögur nefndarinnar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Björn Kristjánsson. Kristján Jónsson.
Ásgeir Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, hinn 18. marz átti vatnsnefndin fund með sér.-
Allir voru mættir nema Ásgeir Sigurðsson.

Formaður lagði fram bráðabirgðaáætlun um kostnað við vatnsleiðslu frá Gvendarbrunnum í Hólmslandi ofan að Hlemmnum við Rauðará, og frá efri veiðimannahúsunum við Elliðaárnar ofan að sama stað, sem verkfræðingur Jón Þorláksson hefur gjört. Ennfremur skrá yfir rannsókn á neyzluvatni eftir Ásgeir Torfason.

(~~Ákveðið að halda áfram~~) Ákveðið var að láta halda áfram að rannsaka leiðina inn að efri veiðimannahúsum og gera tilraun til að finna vatnsuppsprettu við Dymmu, hjá nefndum veiðimannahúsum.

Verkfræðingi Jóni Þorlákssyni ~~falið~~ var ~~falið~~ þvínæst falið að gera bráðabirgðar áætlun um kostnað við vatnsveitu um sjálfan bæinn frá Rauðarárhlemm gegn endurgjaldi eftir sama mælikvarða, er áður hefir verið samið um við hann.

Að fenginni bráðabirgðaráætlun yfir allan kostnað inni, gerir nefndin ráð fyrir að leggja málið fyrir bæjarstjórnina.

Kristjáni Jónssyni yfirdómara og verkfræðingi Jóni Þorlákssyni var falið að gera skriflegar tillögur eða uppkast til laga um vatnsskatt í Reykjavík.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Björn Kristjánsson. Kristján Jónsson.
Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, hinn 25. júlí, átti vatnsveitunefndin fund með sér. Allir fundarmenn voru mættir.

Lagðar voru fram tillögur eða frumvarp til laga um lóðarlögnám ~~í Reykjavík~~ vegna vatnsveitu í Reykjavík er nefndin fól þeim verkfræðingi Jóni Þorlákssyni og yfirdómara Kristjáni Jónssyni á síðasta fundi að semja. Frumvarp þetta var rætt og samþykkt og ákveðið að leggja það fyrir bæjarstjórnina.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Björn Kristjónsson. Ásgeir Sigurðsson.
Kristján Jónsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, hinn 6. nóvember átti vatnsveitunefndin fund með sér.

Allir nefndarmenn voru mættir.

Lagt var fram áætlun um kostnaðinn við að leggja vatnsleiðslu frá Elliðaánum við efri veiðimannahús ásamt 5 teikningum og samningsfyrirmyndum um ýmislegt efni og vinnu við vatnsveituna.
Nefnin leggur til að bæjarstjórnin efni til vatnsveitu í bænum á þeim grundvelli, sem fenginn er með áætlunum og uppdráttum verkfræðings Jóns Þorlákssonar. Ennfremur að undirbúningnum sé hraðað svo, að byrja megi á verkinu á næsta sumri. Leggur nefndin þetta til hvort sem það verður niðurstaðan að vatnið verði tekið úr Elliðaánum á móts við efri veiðimannahúsin eða upp í Gvendarbrunnum.
Nefndin telur að fyrst liggi fyrir til undirbúnings að ~~undirbúa~~ útvega hæfan verkfræðing til að hafa eftirlit með tilbúningi efnisins og vinnu, og í annan stað að bjóða til undirboðs bæði verkfæri og vinnu, sérstaklega vatnspípurnar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Björn Kristjánsson. Kristján Jónsson.
Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, 25. nóvember hélt vatnsveitunefndin fund.
Allir nefndarmennirnir voru mættir.

Rætt var um á hvern hátt skyldi útvega tilboð um vatnsleiðslupípur, hana og annað efni til vatnsleiðslunnar. Samþykkti nefndin að auglýsa á Englandi, Þýzkalandi, í Danmörku, Noregi og Svíaríki um hvaða efni bæjarstjórnin þarfnast til vatnsveitunnar og að fela verkfræðingi Lundby í Kaupmannahöfn að útbýta skilmálunum um kaup á efni þessu. Skulu öll tilboð um efni til vatnsveitunnar sendast bæjarstjórninni innan loka febrúarmánuðar næstkomandi.

Ennfremur var samþykkt að bjóða gröft og lagningu vatnspípnanna frá vatnslindunum að Rauðarárholti innanlands og í Noregi og Danmörku. Skal tilboð um gröftinn gert fyrir sig og lagning og samsetning ~~pípnanna~~ vatnspípnanna sé í lagi. Ennfremur lagning pípna innanbæjar. Samþtkkt var og að auglýsa í norzkum og dönskum blöðum eftir verkfræðingi, sem hæfur væri til þess að hafa eftirlit með steypu vatnspípnanna og lagninga þeirra..

Falið var verkfræðingi Jóni Þorlákssyni að láta prenta samningsfyrirmyndirnar um efniskaup og vinnu, svo og að semja auglýsingar og ~~þe~~ koma þeim í verkfræðileg bköð í þeim löndum, sem tiltekin eru hér að framan.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Björn Kristjánsson.
Ásgeir Sigurðsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 24. febrúar, hélt vatnsveitunefndin fund. Á fundinum voru allir nefndarmenn mættir nema Knud Zimsen verkfræðingur, sem tilkynnti forföll. Mættur var og á fundinum Jón verkfræðingur Þorláksson, eftir tilmælum nefndarinnar.
Skrifari nefndarinnar var kosinn Knud Zimsen.

Formaður lagði fram tilboð frá 9 verkfræðingum, er komið höfðu til nefndarinnar, um að taka að sér eftirlit með steypu og lagningu vatnspípnanna.- Athugaði nefndin tilboð þessi eftir föngum og komst að þeirri niðurstöðu að taka tilboði frá Holger A. Hansen verkfræðing, og leggja til við bæjarstjórnina, að hann yrði ráðinn svo framarlega sem ráðist væri í vatnsleiðsluna.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Þ. J. Thoroddsen. Kristján Jónsson.
Kl. Jónsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 7. marz hélt vatnsveitunefndin fund. Á fundinum voru mættir allir nefndarmenn auk verkfræðings Jóns Þorlákssonar.

1. Lögð voru fram 15. tilboð í pípur og formstykki. Lægsta tilboð var frá A/S Sophus Berndsen í Kaupmannahöfn að upphæð kr.97461.3o f . o. b. Antverpen og tilboð í flutning hingað 20 frcs pr. ~~tøn~~ tn. þar í innifalið ábyrgð á brotnun. Var samþykkt að leggja til við bæjarstjórnina að samþykkja þetta tilboð, en semja áður við Berndtsen um afhendingarfrest.

2. Lögð fram 13. tilboð í stopphana. Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tilboð frá A/S Sophus Berendsen í Kaupmannahöfn, að upphæð kr. 3119.7o sif Reykjavík, sem var lægsta boð.

3. Lögð fram 19 tilboð í brunahana. Lægsta tilboð var frá A/S Sophus Berendsen í Kaupmannahöfn 34 kr. stykkið og var samþykkt að reyna að fá Berndsen til að breyta dálítið gjörð hanans og fresta ákvörðun um kaup á hönum, þar til svar væri fengið frá honum.

4. Lögð fram 4 tilboð í pípulagningu. Samþykkt að fresta ákvörðun, þar sem tilboðin voru svo ónákvæm og óákveðin.

5. Samþykkt að leita samþykkis bæjarstjórnar fyrir heimild handa vatnsveitunefndinni til að bjóða út verkið (gröft etc.) hér heima og til að láta byrja á framkvæmd verksins.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Þ. J. Thoroddsen. Kl. Jónsson.
Kristján Jónsson. Jón Þorláksson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 10. marz hélt vatnsveitunefndin fund með sér.

1. Verkfræðingi Holger Hansen hafði verið sent símskeyti þess efnis, að bæjarstjórnin hefði ráðið hann til að hafa eftirlit og umsjón með vatnsveitunni. Var frá honum komið símsleyti svohljóðandi:
"Engagement modtaget".

2. Samþykkt að bjóða út verkið við gröft fyrir vatnspípunum utanbæjar, frá Rauðarárholti inn að Elliðaám og skyldi skipta þeirri vegalengd í fimm kafla. Útboðsfrestur ákveðinn til 1. apríl. Jóni Þorlákssyni falið að semja skilyrði fyrir útboðinu.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Jónsson. Kl. Jónsson. K. Zimsen. Jón Þorláksson. Þ. J. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 1. apríl, hélt vatnsveitunefndin fund með sér.

Tilboð voru komin 7 um gröft fyrir pípum utanbæjar. Samþykkt var að leggja til að taka lægsta tilboði frá G. Lövelí í Kolding og V. Kjögx í Reykjavík. Bjóðast þeir til að taka að sér verkið fyrir 18335 krónur. Nefndin telur rétt að þeir setji 3600 króna tryggingu fyrir framkvæmd verksins.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Þ.J. Thoroddsen.
K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 8. apríl, hélt vatnsveitunefndin fund með sér.
Tilefni fundarins var það, að þeir V. Kjögx og G. Lössl hafa farið frám á að tryggingin fyrir verki því, er þeir bjóðast til að taka að sér, sé ákveðin 1800 krónur, en ekki 3600 krónur, eins og bæjarstjórnin hafði ákveðið. H. V. Kjögx var mættur á fundinum og fyrir hönd V. Lössl var mættur hr. arkitekt Kjörboe.
Samþykkti nefndin að leggja það til við bæjarstjórn, að tryggingin væri færð niður í 1800 krónur og samþykktu þeir Kjögx og Kjörboe fyrir sitt leyti þá breytingu á skilmálunum að útborgun fari fram hálfsmánaðarlega en ekki vikulega.
Samþykkt var að ráða verkfræðing K. Zimsen til að hafa eftirlit með framkvæmdum á greftri fyrir pípunum o.fl. þangað til í júnímánaðarlok, en þá er gert ráð fyrir að verkfræðingur Holger Hansen verði hingað kominn. Skyldi greiða honum 700 kr. fyrir þetta starf.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Kl. Jónsson. K. Zimsen.
Þ. J. Thoroddsen.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 4. maí, hélt vatnsveitunefndin fund með sér.

1. Sophus Berndsen hafði sent nýjan uppdrátt af brunahönum. Hefir hann breytt hananum samkvæmt ósk nefndarinnar, og býðst hann til að selja hanana samkvæmt þessum uppdrætti fyrir kr. 35.50 hvern. . Samþykkti nefndin að leggja til við bæjarstjórnina að ganga að þessu tilboði.

Allir á fundi nema Kl. Jónsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Þ. Thoroddsen. K. Zimsen. Kristján Jónsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 19. maí, hélt vatnsveitunefndin fund með sér.

Var fyrir tekið erindi frá Einari Benediktssyni, fyrrv. sýslummanni, er bæjarstjórnin hefir vísað til nefndarinnar, og þar sem hann býður bænum kaup á veiðiréttinum í ánum Bugða og Kirkjuhólmsá.

Nefndin fól Kristjáni Jónssyni, Kl. Jónssyni og Knud Zimsen að skoða nefndar ár og samband þeirra við Gvendarbrunna.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Þ. Thoroddsen. Klemens Jónsson. K. Zimsen. Kristján Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908 hinn 23. maí hélt vatnsveitunefndin fund með sér til þess að taka ákvörðun um hverjum skyldi fela að leggja vatnspípurnar innanbæjar og utan.

Tilboð höfðu komið frá G. Lössl og S. M. Damgård, báðum í Kolding. Afréð nefndin að leggja til við bæjarstjórn að taka tilboði G. Lössls, með þeirri breytingu, að borgun fyrir lagningu ~~una~~ 10' pípna utanbæjar verði 75 aurar fyrir fetið í stað 77 aur. Hefir umboðsmaður Lössls, hr. Kjörbor tjáð sig samþykkan þeirri breytingu fyrir hönd Lössls. Er tilboðið í lagningu utanbæjar ca. 15370 krónur og innanbæjar ca. 18036 krónur. Samtals ca. 34406 krónur.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Kl. Jónsson.
K. Zimsen. Þ. J. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 3. júní hélt vatnsveitunefndin fund með sér og voru þá tekin fyrir þessi mál:

1. Nefndin leggur til að tilboði Einars Benediktssonar, um sölu á veiðirétti í Bugðu og Kirkjuhólmsáa, verði ekki tekið af bæjarstjórninni. Nefndin sér ekki, að vatnið, sem notað verður til vatnsveitunnar geti haft nein áhrif á veiði í Kirkjuhólmsá.

2. Þrjú tilboð höfðu komið í flutning á öllum pípum utanbæjar, og eitt tilboð í fluttning á pípum í tvo fimmtuparta.- Nefndin leggur til að tekið sé tilboði frá Daníel Daníelssyni og Valentínusi Eyjólfssyni, samtals kr. 3100.oo.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Þ. J. Thoroddsen. Kl. Jónsson.
Kristján Jónsson. K. Zimsen.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn þann 25. júní var fundur haldinn af vatnsveitunefndinni. Á fundinum voru þessi mál tekin fyrir:

1. Ákveðið að láta gjöra skúr í Rauðhólunum, þar sem verkfræðingur og aðstoðarmenn geti aðhafst meðan stendur á mælingu vatnspípnaleiðarinnar frá Elliðaám að Gvendarbrunnum. Sömuleiðis að láta gjöra smábrýr yfir árnar, þar sem þörf er á, vegna mælinganna.

2. Ákveðið að bjóða út gröft fyrir pípum innanbæjar, sumpart í austurbænum, miðbænum og vesturbænum, og sumpart í öllum bænum.

3. Ákveðið að gefa mönnum kost á, að bæjarstjórnin láti koma fyrir pípum frá aðalpípunum inn í húsin og um þau, á kostnað húseigenda og skyldi leggja fram lista er menn geta skrifað á, er þeir óska.

4. Ákveðið að auglýsa útboð á uppskipun pípnanna. Verkfr. Holger Hansen var á fundinum.

Fundi slitið.

Allir á fundi nema Kristján Jónsson.

Halldór Daníelsson. Þ.J.Thoroddsen. Kl. Jónsson. K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, þann 4. júlí var fundur haldinn af vatnsveitunefndinni.

1. Gufuskipið "Lydenhorn", sem flytur hingað vatnsveitupípurnar var komið ~~h~~ á höfnina og höfðu þv- með skömmum fyrirvara verið innkölluð tilboðin í uppskipun. Þrjú tilboð höfðu komið, en nefndin kom sér saman um, að réttara væri að auglýsa með götuauglýsingum, að tilboð mætti senda til kl. 8 í kvöld. Áleit nefndin ekki að þetta þyrfti að tefja skipið um of.

2. Samþykkt að kaupa hest handa verkfræðingnum hjá Árna Einarssyni verkstjóra fyrir allt að 280 krónur.

Allir á fundi nema Klemens Jónsson..

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. K.Zimsen. Þ.J.Thoroddsen.

Sama dag að kvöldi kl. 8, átti nefndin aftur fund með sér til að taka ákvörðun um uppskipun pípnanna.
Samþykkt að fela þeim Daníel Daníelssyni og Valentínusi Eyjólfssyni uppskipunina fyrir 2 krónur 50 aura á tonnið. Skulu þeir afferma minnst 150 ton á dag og að öðrum kosti greiða þann kostnað, sem töfin bakar bæjarsjóði. Ábyrgð skulu þeir og hafa á brotun. Tilboð höfðu þess utan komið frá Arnóri Árnasyni og Einari Teitssyni kr. 2.75 tonnið.
Ákveðið að fá eftirlitsmann við uppskipunina og helzt reynt að fá til þess Einar Finnsson steinsmið.

Allir á fundi nema Klemens Jónsson og Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 4. ágúst 1908 kl. 12 á hádegi var borgarstjórinn til staðar á skrifstofu sinni ásamt ritara vatnsveitunefndarinnar ingenieur Knud Zimsen, og voru þá opnuð og lesin tilboð þau, er send höfðu verið borgarstjóranum um gröft fyrir vatnsveitupípum innanbæjar. Alls höfðu komið 5 tilboð, öll í lokuðum umslögum, og voru þau opnuð í viðurvist þeirra er mættir voru.

Reyndust tilboðin að vera frá þessum mönnum:

1. Frá Tómasi Tómássyni, Ingólfsstræti nr. 18
2. Frá Sigurði Jónssyni Grettisgötu 54,
   Pétri, Mýrargötu 5, Þorsteinssyni.
   M. Vigfússyni, Kirkjubóli.
3. Frá Jóni Eiríkssyni Laufásvegi 43, og
   Jónasi Jónssyni búfræðingi
4. Frá G. Lössl og C. V. Kjögx.
5. Frá Jónasi Þorsteinssyni, Grettisgötu 19 A.

Öll tilboðin voru lesin í heyranda hljóði.-

Ingeniör H. A. Hansen var viðstaddur, og voru honum afhent tilboðin og hann beðinn að láta vatnsveitunefndina í té umsögn sína um þau, fyrir kl. 5 næsta dag.

Fleira gjörðist ekki.

Páll Einarsson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, þann 5. ágúst hélt vatnsveitunefndin fund með sér, og voru þá íhuguð tilboð þau, er komið höfðu í gröft fyrir vatnsveitupípunum innanbæjar. Var frestað að taka ákvörðun um þau, þar til búið væri að tala við nokkra af þeim mönnum, er gefið hafa tilboð og var ákveðið að halda fund á morgun kl. 8/ 2.

Hansen verkfræðingur var á fundinum, og allir nefndarmenn nema Klemens Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Þ. Thoroddsen. K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, Þann 6. ágúst hélt vatnsveitunefndin fund með sér að Hansen viðstöddum.

Nefndin gat ekki mælt með því, að tekið væri nokkuð af þeim tilboðum, er fram höfðu komið, en leggur til við bæjarstjórn, að hún láti vinna verkið fyrir eigin reikning.

Allir á fundi nema Klemens Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Þ.J.Thoroddsen. K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, þann 11. ágúst, hélt vatnsveitunefndin fund. Voru allir nefndarmenn mættir nema Klemens Jónsson.

1. Ákveðið að bjóða út pípur, krana o. fl. til innilagningar í hús.

2. Ákveðið að byggja skúr á stakkstæðinu við Hafnarstræti til geymzlu á pípum 'og krönum o. fl. tilheyrandi vatnsveitunni.

Fleira ekki gjört.

Fundi slirið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Þ.J.Thoroddsen. K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, 20. ágúst var fundur haldinn í vatnsveitunefndinni og voru allir nefndarmenn mættir nema Klemens Jónsson. Holger A. Hansen var og á fundinu.

1. Ákveðið að bjóða út pípur til innlagningar í hús, stopphana og annað, sem þar til þarf að nota. Skyldi gefa þessum mönnum kost á að bjóða í þetta:

Olsen & Almann,
Brödrene Dahl,
Bang & Pingel,
og Sophus Berendsen í Kaupmannahöfn.,
og Gísla Finnssyni,
Ólafi Hjaltested og
Helga Magnússyni & Co. í Reykjavík.

2. Samþykkt að fela Jóni Eiríkssyni og Jónasi Jónssyni að grafa fyrir pípunum frá Rauðarárholti að Barónsstíg fyrir 2600 krónur og var borgarstjóra falið að gera samning við þá um þetta verk.

Fundi skitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Þ.J.Thoroddsen. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, þann 29. ágúst hélt vatnsveitunefndin fund með sér. Allir á fundi nema Klemens Jónsson.

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að O. V. Kjögx hefði boðizt til að taka að sér "konduktör"-stöðuna við gröft og lagningu pípna innanbæjar fyrir 300 kr. á mánuði og ókeypis skrifstofu og með 2 mánaða ~~fyrirvara~~ uppsagnarfresti. Vatnsveitunefndin gekk að þessu tilboði og fól borgarstjóra að gjöra samninginn.

2. Ennfremur réði nefndin á fundinum verkfræðing Knud Zimsen til aðstoðar H.A,Hansen fyrir 195 krónur á mánuði og skyldi hann fyrir þessa borgun láta í té, sem svarar 6 klukkutíma vinnu daglega eftir nánara samkomulagi ~~H~~ við H. A. Hansen. Þessum samningi má af beggja hálfu segja upp með mánaðar fyrirvara.

3. Vatnsveitunefndin tók tilboði konsúls Kristjáns Þorgrímssonar um að leigja 3 herbergi niðri í húsi hans Kirkjustræti 10 fyrir 55 krónur um mánuðinn, sem skrifstofur fyrir verkfræðingana og leggur húseigandi þá jafnframt til ljós, hita og ræstingu og dálítið af húsgögnum.

4. Lögð fram beiðni frá Ólafi Hjaltested, kaupmanni, um að verða löggiltur innlagningarmaður. Nefndin vill ekki að svo stöddu láta löggilda neinn til þessa starfa, en samþykkir að auglýsa útboð á pípulagningum innanhúss.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, þann 18. ágúst hélt vatnsveitunefndin fund.

Tilboð höfðu komið í pípur, stopphana, krana o. fl. til innlagningar í hús, svo og í verkið við að koma þeim fyrir.- Samþykkt var að taka tilboði Helga Magnússon & Co. í uppsettar pípur, svo og tilboði sama firma, í "anboringsböjler" og stopphanalok. Borgarstjóra var falið að gjöra samning við Helga Magnússon & Co. og skyldi firmað setja hæfilega tryggingu.

2. Framlagt tilboð í dynamit frá Philipsen & Andersen. Nefndin fól borgarstjóra að leitast fyrir hvort ekki væri auðið að fá ódýrara tilboð, en ef það væri ekki , vildi nefndin samþykkja hið framkomna tilboð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson. Þ. J. Thoroddsen. K. Zimsen. Kristján Jónsson. Páll Einarsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, þann 20. október átti vatnsveitunefndin fund með sér. Á fundinum voru aðeins mættir borgarstjóri Páll Einarsson, bankagjaldkeri Þórður Thoroddsen, og verkfræðingur Knud Zimsen, og gerðist það á fundinum er hér segir:

1. Var lesið upp bréf Jónasar Jónssonar og Jóns Eiríkssonar dags. 8. þ.m., en í þessu bréfi lýsa þeir því yfir að þeir ekki geti komið í framkvæmd akkorði því, er þeir höfðu tekið, að grafa vatnsveituskurðinn frá Rauðarárholti að Barónsstíg og segja sig frá verkinu.- Með bréfi þessu fylgdi skrá yfir það er þeir skulda verkamönnum þeim, er hjá þeim hafa unnið að greftrinum.
Nefndin samþykkti að greiða til bráðabirgða út verkalaun þau er Jónas Jónsson og Jón Eiríksson skulda fyrir vinnu við skurðgröftinn og ætla nú að nemi 285.25 krónum, gegn endurgjaldi frá þeim síðar.
Ennfremur ákvað nefndin að láta vinna skurðgröftinn frá Rauðarárholti að Barónsstíg með daglaunavinnu, en geymir bæjarstjórninni rétt til að krefjaat fulls endurgjalds hjá Jónasi Jónssyni og Jóni Eiríkssyni á þeirri upphæð, sem verkið kostar umfram akkorðsupphæðina, 2600 krónur.

2. Samþykkt að kaupa allt að 15 accetylinblys fyrir samtals 335 krónur, og lýsa með þeim götur þær, sem verið er að vinna í.-

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Þ. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 7. nóvember hélt vatnsveitunefndin fund.

1. Samþykkt að borga út reikning Jóns Þorlákssonar verkfræðings fyrir áætlun um vatnsveituna og undirbúning.

2. Lagt fram og athugað erindi frá verkamannafélaginu Dagsbrún, þar sem félagið fer fram á að vinnan við ~~vatnsveituna~~ vatnsgröftinn sé veitt bæjarbúum og aðallega fjölskyldumönnum. Vatnsveitunefndin lætur þess getið, að hún hafi frá upphafi haft þetta í huga og vilji haga vinnunni svo, að svo miklu leyti sem unnt er.

3. Lagt fram kæruskjal frá mörgum bæjarbúum, þar sem þeir kvarta yfir að vatnsveituverkinu sé illa hagað og eftirlitið óhæfilega dýrt.

Fundinum frestað til mánudags kl. 5.

Allir á fundi nema Kristján Jónsson.

Páll Einarsson. Klemens Jónsson. Þórður Thoroddsen. K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, þann 9. nóv. var fundur haldinn í vatnsveitunefndinni og gjörðist það er hér segir.

1. Var lögð fram og tekin til íhugunar og umsagnar umkvörtun frá mörgum borgurum bæjarins dags. 27. f.m., og svarar nefndin henni á þessa leið:

1. Skurðgröfturinn í tveimur götum einkum Lindargötu og Laugavegi innanverðum hefur af ástæðum, sem nefndinni voru óviðráðanlegarsem sé að dynamit kom ekki á þeim tíma sem lofað var og rigningar stöðvuðu verkið um alllangan tíma, staðið lengur opinn en æskilegt hefði verið, en nú eru pípur þegar lagðar í þessa skurði og verða göturnar innan skamms komnar í samt lag aftur.

2. Að meira eða minna af verkinu við gröftinn hafi ónýtzt er ekki rétt nema að því leyti, að í stórrigningunum í haust rann nokkuð af mold ofan í skurðina, einkum þá er unnnir voru í akkorðsvinnu, og það af því að akkorðshafar ekki vildu fylgja ráðum yfirverkstjórans, að setja tré til stuðnings skurðahliðanna, en akkorðshafar bera skaðann af þessu, enda var hann ekki mikill og óhappið ekki meira en ætíð má búast við, þegar unnið er á þessum árstíma.

3. Allar pípur eru hreinsaðar áður en þær eru settar saman og engum verður leyft að taka ía sínum tíma vatn úr pípunum fyrr en eftir að þær hafa dögum saman hreinsaðar með fullum þunga vatnsins með 250 feta fallhæð.

4. Nefndin telur þetta að öllu leyti rangt. Vatnsveitunefndin sjálf ~~Nefndin telur þetta að öllu leyti rangt~~, sem slík hefur hvorki skyldur né sérþekkingu til að segja fyrir um einstök atriði vinnunnar sjálfrar. Aðeins einn verkfræðingur er ráðinn til að hafa stjórn og eftirlit með verkinu á hendi og hefur hann fengið sér um tíma annan verkfræðing til aðstoðar nokkra tíma á dag. En þriðji maðurinn, sem átt ~~er við~~ mun við, er yfirverkstjóri yfir allri vinnunni innanbæjar, og var óhjákvæmilegt að ráða slíkan mann, af því að bæjarstjórnin lét framkvæma vinnuna í tímaakkorðum og með daglaunavinnu. Bæjarverkfræðingurinn hefir samkvæmt ráðningu sinni enga meðgjörð með vatnsveituna.

2. Nefndin hefir meðtekið uppsögn frá O. V. Kjögx á stöðu hans sem yfirverkstjóra með fyrirvara samkvæmt samningi.-

3. Verkfræðingur Knud Zimsen segir einnig upp stöðu sinni frá 20. þ.m., en þá er gjört ráð fyrir að H. A. Hansen verði búinn með áætlun sína um vatnsveituna ofan Elliðaáa.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Þ. Thoroddsen. Kl. Jónsson.
Kristján Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, þ. 22. desember, átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Á fundinum gerðist það er hér segir:

1. Nefndarmennirnir höfðu áður en á fundinn kom kynnt sér skrif þau og samningsumleitanir, er farið höfðu milli verkfræðings H. A. Hansen annarsvegar og vatnsveitunefndarinnar hinsvegar um kaup hans. Nefndin heimilaði borgarstjóra að fullgjöra fyrir sína hönd endanlegan samning við H. A, Hansen á þá leið að hann skyldi fá frá þeim degi hann fór frá heimili sínu til Pant á Mousson og til þess dags, að hann kom til Reykjavíkur í kaup 300 krónur á mánuði og allan ferðakostnað að auki, og 400 kr. á mánuði frá komudegi hans til Reykjavíkur og þar til hann er heima aftur kominn að enduðu starfi hans við vatnsveituna og að auki ókeypis skrifstofu hér í bænum og fararskjóta til ferða hans við lagningu vatnsveitunnar utanbæjar. Þegar H. A. Hansen hefur næsta haust skilað vatnsveitunni af sér í hendur bæjarstjórnarinnar að öllu leyti, sem góðu og fullgildu,verki, og hún hefur verið prófuð nægilega, fær hann ennfremur í kaupbæti það, sem hann vantar á að hann hafi fengið fullar kr. 9000.oo - níu þúsund krónur - fyrir starf sitt, en hefur hinsvegar engar frekari kaupkröfur á hendur bæjarstjórninni.
Gangi H. A. Hansen ekki að þessu samningstilboði, stendur það ekki af hálfu vatnsveitunefndarinnar.-

2. Samþykkt að æskja fyrst um sinn eftir tilboði frá Sophus Berendsen & Co. einum um sölu á efni í vatnsveituna ofan Elliðaáa.-

3. Borgarstjóra falið að aðvara með auglýsingu þá er lög-gildingu vilja fá til að leggja vatnsæðar í hús inn, um að sækja um þetta nokkru fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Kristján Jónsson. Kl.Jónsson.
Þ. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 6. janúar átti vatnsveitu fund með sér. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist það er hér segir.

1. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin noti heimild þá, sem henni er veitt í 4. gr. laga nr. 84, 22. nóv. 1907, og láni húseigendum þeim, sem hún leggur vatnsæðar fyrir í húsin og þeir kunna að óska, kostnaðinn við innlagninguna, er svo endurgreiðist með jöfnum afborgunum á allt að 10 næstu árum, ásamt 5% vöxtum frá þeim degi innlagningu er lokið; húseigandi gefi skriflega viðurkenningu fyrir skuldinni, gjalddagi sé hinn sami dem gjalddagi vatnsskattsins.-

2. Nefndin réði verkfræðing Knud Zimsen, sem eftirlitsmann við innlagningu á vatnsæðum í húsum þeim, er bærinn lætur leggja fyrir húseigendur og hafa á hendi reikningshald það, sem því er samfara, allt eftir nánara samkomulagi við borgarstjóra. Sem borgun fyrir þetta starf fái hann 4½% af því er vatnsæðarnar innsettar með öllu tilheyrandi, kosta, að greftrinum einum undanskildum. Upphæðin reiknist sérstaklega fyrir hvert hús og færist húseiganda til útgjalda, sem einn liður innlagningarkostnaðarins.

3. Voru lagðar fram umsóknir 18 manna er æskja að verða löggiltir til að leggja vatnsæðar í hús inn frá götuæðunum.- Nefndin leggur til að löggiltir verði þessir sex af umsækjendum:

Helgi Magnússon, járnsmiður,
Ólafur Hjaltested, kaupmaður,
Knud Zimsen, verkfræðingur,
Guttormur Jónsson, járnsmiður,
Gísli Finnsson, járnsmiður,
Þorsteinn Jónsson, járnsmiður.

Þeir sem löggiltir verða séu skyldir til að hlýta í einu og öllu vinnukauptaxta og reglum þeim, er bæjarstjórnin síðar kann að setja.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Kristján Jónsson. Kl. Jónsson. Þ. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 2. marz var fundur haldinn í vatnsveitunefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Landritari Klemens Jónsson og bankagjaldkeri Þórður J. Thoroddsen gátu eigi komið. Hinir aðrir nefndarmenn voru mættir. H.A.Hansen verkfræðingur hafði verið boðaður á fundinn, en kom ekki. Á fundinum fór það fram er hér segir.

1. Nefndin fól formanni sínum borgarstjóranum að leggja fyrir H.A.Hansen verkfræðing að hafa afhent í sínar hendur miðvikudag 10. þ.m. fyrir kl. 12 á hádegi fullkomna áætlun með tilheyrandi uppdráttum yfir fyrirhugaða vatnsleiðslu ofan Elliðaáa og yfir árnar, ásamt skriflegum skýringum og ástæðum fyrir að hafa skuli það fyrirkomulag á þessum hluta vatnsveitunnar, sem Hansen ræður til. En áætlun þessi verður að leggjast fyrir bæjarstjórnina til samþykktar ekki síðar en á seinni fundinum í þessum mánuði, svo að nægur tími verði til að undirbúa framkvæmd verksins á komandi sumri.

2. Voru lögð fram tilboð, er komið höfðu frá ~~Berndsen~~ Sophus Berndsen í Kaupmannahöfn, og Vilh. Sonneson & Co. sama stað um sölu á pípum m.m. til vatnsveitunnar ofan Elliðaáa. Nefndin gat ekki gert tillögur að þessu sinni um hvort af tilboðunum skyldi taka, þar sem hana vantaði áætlun um vatnsveituna, sem að ofan greinir.-

3. Var lagt fram samningstilboð dags. 18. f.m., frá G. Lössl, þar sem hann býðst til að taka á sig 6 mánaða ábyrgð á pípulagningunum og samsetning pípnanna innanbæjar sem utan upp að Elliðaám, ef bæjarstjórnin fráfalli því að pípurnar skuli prófaðar með loftþrýstingi jafnóðum og þær eru lagðar og settar saman. Nefndin ákvað að ganga að samningstilboði þessu.

4. Var samþykkt að krefjast þess að H.A.Hansen verkfræðingur semji sem fyrst reglugjörð um lagningu á vatnsveitupípum í hús inn, er hinir löggiltu pípulagningamenn fari eftir.

5. Var lagður fram reikningur O. V. Kjögx, fyrir aukavinnu, er hann álítur sig hafa látið í té umfram samning, við gröftinn frá Rauðarárholti að Elliðaám. Nefndin vildi ekki samþykkja ~~samn~~ reikning þennan að svo komnu, en fól borgarstjóra að leita samninga þar að lútandi.

6. Borgarstjóra falið að tala við Jónas Þorsteinsson um greiðslu á skaðabótakröfum ekkjunnar Guðl. I. Jónsdóttur, Laugaveg 11.-

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Kristján Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 12. marz kom vatnsveitunefndin ~~fund~~ saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Í byrjun fundarins voru allir nefndarmennirnir á fundi. Á fundinum fór það fram, er hér segir:

1. H. A. Hansen verkfræðingur var viðstaddur og lagði hann fram uppdrátt og áætlun um hina fyrirhuguðu vatnsveitu frá Elliðaánum að Gvendarbrunni. Vill hann að járnpípur séu einnig notaðar á þessari leið en ekki leir eða cementspípur og að þessi kaflinn sé einnig byggður sem "trykledning" en ekki sem "gravitationsledning". Kostnaðinn áætlar hann alls ca.166 þús. krónur.- Nefndin ræður í einu hljóði til þess að tillögum Hansens um gjörð og fyrirkomulag þessa kafla vatnsveitunnar verði fylgt í einu sem öllu.

2. Fram voru lögð tilboð, er nefndin hafði fengið frá Sophus Berendsen A/S og Vilhelm Sonneson & Co. um sölu á pípum og öðru tilheyrandi til vatnsveitunnar frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum. Verð það er Sophus Berendsen býður, er lægra, og ræður nefndin eindregið til, að því verði tekið.-

3. Nefndin ræður til að boðið verði út bæði gröfturinn á kaflanum frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum og pípulagningin hvort fyrir sig.

4. Nefndin vill enn ekki samþykkja reikning þann, er O. V. Kjögx hefir gjört fyrir aukavinnu við gröftinn frá Rauðarárholti að Elliðaánum. En nefndin gengur fyrir sitt leyti inn á, að hlýta gjörðardómi um reikning þennan. Sé gjörðardómurinn þannig skipaður, að hvor málsaðili ~~skipar einn mann~~ tilnefnir einn mann, og þeir tilnefni aftur oddamann er sé lögfræðingur.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. Þ. J. Thoroddsen. K. Zimsen.
Kristján Jónsson.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 13. apríl átti vatnsveitunefndin fund með sér á skeifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi.

Borgarstjóri skýrði frá því, að þann 10. þ.m. kl. 12 á hádegi voru opnuð í viðurvist hlutaðeigenda þeirra, er mættir voru, tilboð þau, er komið höfðu í gröft fyrir pípum og lagningu pípna frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum og undir árnar og reyndust tilboðin að vera þessi:

Tómas Tómasson:

| | | |
|---|---|---|
| Skurðgröftur og vegir m.m. | | kr. 78000.00 |
| Pípulagning og samsetning | | - 15000.00 |
| | Samtals | Kr. 93000.00. |

Að auki 2 krónur fyrir hver samskeyti troðin með blýull, og 1 kr. fyrir hvern sundurskurð á pípum.- En í skurðgreftrinum er jafnframt innifalinn flutningur pípnanna frá uppskipunarstaðnum, og er sá kostnaður af frambjóðanda áætlaður 5000 krónur. Tilboðið gildir því aðeins, að frambjóðandi fái bæði skurðgröft og pípulagning.

2. O. V. Kjögx:

| | | |
|---|---|---|
| Skurðgröftur m.m. | | kr. 67410.00 |
| Pípulagning og samsetning | | - 12068.00 |
| | Samtals | Kr. 79478.00 |

Að auki kr. 4.50 og 5.50 fyrir hver samskeyti með blýull að hálfu og 8 kr. og 10 kr. að fullu.- Tilboðið gildir því aðeins, að frambjóðandi fái bæði skurðgröft og pípusamsetningu.

3. G. Lössl & Tutein:

| | | |
|---|---|---|
| Skurðgröftur með meiru: | | kr. 90832.00 |
| Pípusamsetning og lagning | | - 11830.00 |
| | Samtals | kr. 102662.- |

Að auki 2 krónur fyrir hver samskeyti með blýull og kr. 1.75 fyrir sundurskipting hverrar pípu,- Hvort tilboð má samþykkja fyrir sig.

4. Pétur Ingimundarson, Helgi Jónsson og Sigurður Jónsson:

Skurðgröfturinn með meiru kr. 72160.00

5. Þorsteinn Jónsson og Halldór Guðmundsson:

Pípusamsetning og lagning kr. 12650.00.

Aukaborgun fyrir blýull og 75 aurar fyrir sundurskipting hverrar pípu.

6. Helgi Magnússon & Co.:

Pípusamsetning og lagning kr. 12164.00

að auki kr. 1.50 og 2.50 fyrir hver samskeyti troðin með blýull. Allur vatnsaustur úr skurðinum fráskilinn.

Nefndin athugaði tilboðin og var sammála um að leggja til að tilboði O.V.Kjögx verði tekið, en þó með þeim skilyrðum, að innanbæjarverkamenn verði látnir sitja fyrir vinnunni, að verktakandi kaupi byrgðir bæjarins af dynamit, sprengihettum og kveikiþræði, að ekki verði unnið að því að leggja undir Elliðaárnar-júní ágúst nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnarinnar.-

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Kl. Jónsson. K.Zimsen.
Þórður J. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 17. apríl átti vatnsveitunefndin fund með sér til þess samkvæmt fyrirlagi bæjarstjórnarinnar að íhuga á ný tilboð þau, er gjörð höfðu verið í vatnsveituna frá Gvendarbrunnum niður fyrir Elliðaár, í tilefni af því, að þeir Pétur Ingimundarson, Helgi Jónsson og Sigurður Jónsson höfðu í bréfi dags. 15. þ.m. beðið um leiðréttingu á tilboði því, er þeir höfðu gjört í skurðgröftinn á nefndu svæði.

Innihald bréfs þessa var athugað, pg bjóðast þeir í því til þess að gjöra skurðinn 2800 kr. ódýrari en í sínu upprunalega tilboði.-

Vatnsveitunefndin leit svo á, að hér væri í raun og veru um nýtt tilboð að ræða, og að það væri beint brot á útboðsskilmálunum af hálfu bæjarstjórnar að sinna því nokkuð, þar sem það er komið fr m eftir að öll tilboð boru opnuð og innihald þeirra gjört opinbert. Nefndin heldur því fast við tillögur sínar á fundi 13. þ.m. að tilboði O. V. Kjögx verði tekið, með þeim skilyrðum, er nefndin þá stakk upp á.-

Jafnframt getur nefndin þess, að hið lækkaða tilboð Péturs Ingimundarsonar o.fl. er ca. 2000 krónum hærra en tilboð O. V. Kjögx og ber einnig frá því sjónarmiði heldur að taka tilboði hins síðarnefnda, auk þess sem hagkvæmara er, að sami maður gjöri bæði skurðina og leggi pípurnar.-

Allir á fundi,

nema Þ. J. Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Klemsens Jónsson Kristján Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 12. maí átti vatnsveitunefndin fund með sér. Á fundinum voru mættir: Borgarstjórinn,- Þ.J.Thoroddsen, og Klemens Jónsson.

Gjörðist það þá er hér segir:

1. Samþykkt var að greiða Eiríki Hjartarsyni 30 kr. í skaðabætur fyrir atvinnutjón það, er hann hefit orðið fyrir sökum ~~veikinda~~ meiðsla er hann fékk af því að skurður hrundi saman yfir hann.

2. Nefndin samþykkti þá ráðstöfun formanns að vatnspípur voru lagðar alla leið suður að kennaraskóla og gróðrarstöð - en á hinni upprunalegu áætlun hafði ekki verið gjört ráð fyrir að leiðslan næði svo langt, þar sem kennaraskólinn var enn ekki byggður.

3. Sömuleiðis samþykki nefndin að pípur verði lagðar austur eftir Hverfisgötu frá Barónsstíg áleiðis að stígnum niður að "Iðunni", en vænzt að "Iðunn"kosti leiðsluna frá Hverfisgötu í verksmiðjuna.

4. Beiðni Guðmundar Olsen um að bætinn kosti að nokkru leyti leiðslu að húsi hans, synjað að svo komnu.

5. Samþykkt að leggja pípu niður að bryggju Jes Zimsen til þess þar að taka vatn handa skipum á höfninni, og ennfremur að setja brunahana nálægt bæjarbryggjunni, þannig að einnig úr honum megi taka vatn til skipa ef með þarf.

6. Formanni falið að leita samninga við Jes Zimsen kaupmann um að taka að sér flutning á vatni í skip á höfninni og annast sölu á því.

7. Voru lagðir fram reikningar frá G. Lössl yfir aukavinnu, en hann tjáist hafa látið í té við lagning æðarinnar frá Elliðaánum að Rauðarárholti, fyrir fluttning á pípum o.fl.
Nefndin neitaði að samþykkja reikning þennan að svo komnu, en fól formanni sínum að leita samkomulags við G. Lössl..

8. H. A. Hansen verkfræðingur var á fundinum og skýrði frá því, að hann ekki teldi nauðsynlegt að leggja á þessu sumri vatnsgeymirinn á Rauðarárholti, og lagði til að því yrði frestað. Nefndin samþykkti að fresta fyrst um sinn að láta byggja vatnsgeymi þennan.

9. Samþykkt var að ~~sleppa=mætti~~ hleypa mætti vatni úr Elliðaánum inn í pípuna, ef það álitist nauðsynlegt til að bæta úr vatnsskorti í bænum, og það þætti gjörlegt án þess að valda of mikilli truflun á vatnsveituverkinu, sérstaklega pípulagningunni inn í húsin..



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Samþykkt var að bjóða út uppskipun á pípum o.s.frv. sem von er á frá Sophus Berendsen í lok þessa mánaðar, og flutning á þeim upp fyrir Elliðaár með fram skurðinum.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Klemens Jónsson. Þ. J. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár æ909, þ. 25. maí, var fundur haldinn í vatnsveitunefndinni. Á vundinum voru mættir: Borgarstjórinn,- Klemens J-nsson og Þ. J. Thoroddsen. Gjörðist þá það er hér segir:

1. Lögð fram tilboð þau, er gjörð höfðu verið í upp~~setningu~~skipun og flutning pípna o.fl., er vatnsveitunefndin á von á frá Sophus Berendsen í lok þessa mánaðar. Voru öll tilboðin athuguð og samþykkti nefndin að taka tilboði þeirra Péturs Ingimundarsonar, Helga Jónssonar og Sigurðar Jónssonar, en þeir bjóðast til að skipa upp pípunum fyrir kr. 2.55 pr. ton, og að flytja þær úr bænum á leiðina frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum fyrir kr. 2.40 fyrir hverja pípu að meðaltali.

2. Var lagt fram tilboð frá Helga Magnússyni & Co. dags. dags. 19. þ.m., þar sem þeir bjóðast til að flýta innlagningunni í húsin svo, að þeir hafi lokið henni fyrir 15. júlí þ.á., gegn því að fá 500 kr. aukaþóknun.- Vatnsveitunefndinni þótti ekki ástæða til að svo komnu að sinna boði þessu og var því hafnað.

3. Var lagt fram bréf dags. 22. þ.m. frá Birni hreppstjóra Bjarnarsyni í Gröf og reikningur að upphæð 123 kr. 75 a., er hann telur sig eiga að fá í skaðabætur o.fl. fyrir usla þann er næstliðið ár hafi orðið á landi ~~hans~~ jarðar hans við mælingu leiðarinnar frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum og fyrir byggingu húss þess þar, sem og grunnleigu fyrir húsið. Nefndin vildi ekki samþykkja reikning þennan, en fól formanni,sínum að leita við tækifæri samkomulags við jarðareiganda.

4. Út af málaleitun er komið hafði frá frá stjórn geðveirahælisins að Kleppi, fól nefndin verkfræðingi H. A. Hansen að gjöra lauslega áætlun yfir hvað kosta muni að leggja 2" pípur úr aðalvatnsæðinni niður að geðveikrahælinu.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Klemens Jónsson. Þ.J.Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 13. júlí átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist það á fundinum, er hér segir:

1. Formaður tilkynnti að nokkrir brunahanar hefðu verið pantaðir í viðbót við þá, er áður höfðu verið keyptir, og var það samþykkt.

2. Var rætt um að fullgera samning við H. A. Hansen um kaup hans, og skýrði borgarstjóri frá því, að hann auk kaupskilmála þeirra, er honum voru boðnir á fundi nefndarinnar 27. des. f.á. krefðist að fá kostpeninga fyrir þá daga, er hann dvelur fyrir ofan Elliðaár eftir reikningi, þó ekki yfir 6 krónur á dag. Nefndin vill principaliter fresta að ákveða nokkuð um þetta mál þar til verkinu er lokið em subsidiært heimilar hún borgarstjóra að bjóða Hansen 4 kr. kostpeninga á dag þá daga, sem hann er upp í Rauðhólum.

3. Formaður nefndarinnar skýrði frá því að ekki hefði fengizt neitt samkomulag við G. Lössl um niðurfærzlu á reikningum hans fyrir aukavinnu, er hann tjáist hafa látið bænum í té fyrir flutning á pípum o.fl.við lagningu vatnsæðarinnar frá Elliðaánum að Rauðarárholti sbr. fundargjörð 12. maí þ.á. - Nefndin neitaði að greiða reikninga þessa..

4. Nefndin krefst þess að verkfræðingur H.A. Hansen sjái um, að þeir O. V. Kjögx og G. Lössl láti nú tafarlaust gjöra það sem á vantar til þess að samningum samkvæmt verði gengið frá yfirborði vatnsveituskurðarins frá Elliðaánum að Rauðarárholti, svo sem að tyrfa skurðinn þar, sem það á að gjöra, veita frá leysingarvatni, gjöra við skemmdir á Blesugróf og víðar o.s.frv., og að því loknu vill nefndin fá yfirlýsingu H.A.Hansen um að frá verkinu sé gengið samkvæmt samningi.

Loks ákvað nefndin að láta gjöra sem fyrst, það sem bærinn á að gjöra til þess að vernda yfirborð skurðarins frá skemmdum, svo sem að þekja með torfi eða grjóti þar sem melur er o.s.frv.

5. Samkvæmt ályktun á fundi nefndarinnar 12. maí þ.á. hafði borgarstjóri leitað samnings við kaupmann Jes Zimsen um afhendingu vatns til skipa á höfninni. Voru lögð fram undirstöðuatriðin til slíks samnings og var borgarstjóra falið að halda áfram þeim samningaumleitunum og síðan leggja fram frumvarp til slíks samnings.

Einnig var á fundinum lagt fram bréf frá Emil Strand, um að fá að afhenda vatn til hafnarinnar - eða að fá vatn keypt, til þess aftur að selja það skipum. Nefndin tók enga ákvörðun um erindi þetta að þessu sinni, en það verður tekið til íhugunar seinna samhliða frumvarpinu til samningsins við Jes Zimsen.

6. Verkfræðing K. Zimsen falið að breyta að nokkru frumvarpinu til bráðabirgðareglugjörðar fyrir innlagningarmenn.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Borgarstjóra falið að láta semja skýrslur þær, sem nau synlegar eru til að byggja á tillögur nefndarinnar um niðurjöfn un vatnsskattsins, og samning reglugjörðar um notkun vatnsveitunnar.

8. Voru lagðar fram beiðnir ýmsra, um að fá götuæðar lag ar meðfram húsum þeirra. Nefndin áleit rétt að fresta að sinna beiðnum þessum þar til aðalvatnsveitan væri fullgjörð.

9. Lögð fram beiðni frá Jónasi Þorsteinssyni um að fá upp bót á akkorði. Skjöl þau er fylgdu þessari beiðni voru þannig úr garði gjörð, að ekki þótti geta komið til mála að gjöra tillögu um hana að svo komnu, og var formanni nefndarinnar falið að benda beiðandanum á þettað.

Kristján háyfirdómari Jónsson ekki á fundi. Þ. J. Thorodd sen fór af fundi áður en honum var lokið.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. K. Zimsen. Þ. J. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 20. júlí átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi. Gjörðist þá það er hér segir:

Var lögð fram kæra frá 4 nafngreindum mönnum yfir því að Kjögx hagi ofanímokstrinum í pípuskurðinn ofan við Elliðaár öðruvísi en áskilið er í samningunum, og þannig að óforsvaranlegt sé.

Samþykkt að fela borgarstjóra og verkfræðing Knud Zimsen að fara upp eftir og rannsaka þetta, og taki þeir með sér og ~~þá~~ til ~~menn~~ þess þá menn, er þeir þurfa.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. K. Zimsen. Kristján Jónsson.
Þ. J. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 23. júlí, átti vatnsveitunefndin fund með sér á skeifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Fór þá fram á fundinum það er hér segir:

1. Samkvæmt ályktun ~~fundarins~~ nefndarinnar á síðasta fundi, höfðu borgarstjórinn og Knud Zimsen verkfræðingur farið upp fyrir Elliðaár og rannsakað ofanímoksturinn í vatnsveituskurðina fyrir ofan Elliðaárnar. Gefa þeir um það skriflega skýrslu, sem lesin var upp á fundinum. Nefndin fól borgarstjóra að skrifa verktakanda, að hún krefðist þess, að ofanímoksturinn í skurðina, sem og öllu verkinu að öðru leyti, yrði hagað nákvæmlega samningi samkvæmt, og geymir nefndin bæjarstjórninni allan rétt hennar óskertan gegn verktakanda og tilsjónarmanni, ef út af því er brugðið.

2. Samþykkt að krefjast þess, að verktakandi O. V. Kjögx reki Einar Teitsson tafarlaust burt úr vinnunni og burt af vinnusvæðinu, en Einar þessi Teitsson hefir á vinnusvæðinu ráðizt á og barið til meiðsla mann, er var þar samkvæmt ósk vatnsveitunefndarinnar.-

3. Borgarstjóri skýrði frá því, að er hann og K. Zimsen hefðu í gær komið á vinnustaðinn, hefði verkfræðingur H.A.Hansen verið þar mikið drukkinn og rutt úr sér meiðandi og móðgandi orðumum um þá, vatnsveitunefndina og bæjarstjórnina. Nefndin ályktaði að fela borgarstjóra að krefjast þess bréflega, að H. A. Hansen innan 24 klukkustunda afsakaði framkomu sína á fullnægjandi hátt, og gjöri Hansen það ekki, ætlar nefndin að leggja það til, að hann verði tafarlaust sviptur stöðu sinni.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. K. Zimsen. Kl. Jónsson.
Þ. J. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 26. júlí, átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema K. Zimsen.

Á fundinum gjörðist það er hér segir:

Var lagt fram bréf H. A. Hansen verkfræðings, dags. 24. þ. m. - Nefndin tekur eftir atvikum afsökunina í bréfinu gilda, en felur að öðru leyti borgarstjóra að svara bréfinu eins og við á.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Þ. J. Thoroddsen. Klemens Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 4. sept. átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi.

Lögð fram og tekin til umræðu skýrsla verkfræðings Sigurðar Thoroddsen, um galla á vatnsveitunni á svæðinu frá Elliðaánum að Rauðarárholti. Var samþykkt að senda verkfræðing H.A.Hansen skýrslu þessa til umsagnar, og jafnframt að vatnsveitunefndin fengi 2 - tvo - menn til þess að ransaka hvernig gengið væri frá verkinu á þessu svæði.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. K. Zimsen. Þ.J.Thoroddsen. Kl. Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 14. september átti vatnsveitunefndin fund með sér. Allir nefndarmennirnir á fundi nema Klemens Jónsson. Gjörðist á fundinum það er hér segir.

1. Var lögð fram skaðabótakrafa frá G. Lössl, að upphæð 35000 kr., er umboðsmaður hans O. tritein hafði afhent borgarstjóra nýlega. Nefndin neitaði að taka kröfu þessa til greina, og borgarstjóri gat þess, að hann sömuleiðis hefði neitað réttmæti kröfunnar um leið og hún hafði verið afhent honum.-

2. Var lagður fram reikningur Jónasar Þorsteinssonar steinsmiðs, er á að sýna tap það, er hann hafi beðið á akkorði við grjót innanbæjar næstliðinn vetur. Nefndin neitaði fyrir sitt leyti að taka kröfu þess til greina, en væntanlega kemur krafan ~~fyrir~~ seinna fyrir bæjarstjórnina.

3. Samþykkt var að panta einn vatnsmælir, er afhenda skyldi eftir vatn til hafnarinnar.

4. Samþykkt var að panta efni í girðingu kring um Gvendarbrunna, þar sem álíta má að hentugt efni fáist ekki til hennar í bænum.

5æ Nefndin veitti leyfi til að stjórn geðveikrahælisins á Kleppi keggi 2 þumlunga pípu úr aðalvatnsveitunni niður að geðveikrahælinu, þetta þó því aðeins, að lagning þessarar vatnsæðar fari fram undir umsjón verkfróðs manns, er nefndin telur hæfan.

6. Samþykkt að selja mætti bæjarstjórninni á Ísafirði einn 4 þumlunga stopphana.

Fleira ekki samþykkt.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 27. sept. átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru mættir auk formanns nefndarinnar: Klemens Jónsson landritari og Knud Zimsen verkfræðingur.- Gjörðist það er hér segir.

1. Var lesin upp og athuguð skýrsla sú er þeir Gísli Finnsson og Einar Finnsson hafa gefið um frágang á vatnsveituskurðinum frá Elliðaánum að Rauðarárholti.

Nefndin samþykkir að krefjast þess að þeir O. V. Kjögx og G. Lössl láti gjöra við það, sem ábótavant er við leiðsluna frá Elliðaánum að Rauðarárholti, bæta ofan á hauginn svo að hvergi sé grynnra að rörum en 4 fet, gjöra við vatnsipin svo forsvaranleg séu o. s. frv., og sé verkinu lokið fyrir 5. n.m.

2. Samþykkt að fá áætlun um hvað kosta muni gaddavírsgirðing kring um lindarnar bæði með járnstólpum og tréstólpum.

3. Ákveðið með meiri hluta að krefjast þess, að O. V. Kjögx láti á sinn kostnað hreinsa úr engjum grjót það, er kastazt hefir út á þau frá sprengingum. (sprengingunum).

4. Samþykkt að láta bæjarverkfræðinginn rannsaka vatnsveituna ofan Elliðaáa áður en vatnsveitunefndin tekur við henni af H. A. Hansen.

5. Voru lagðar fram til umsagnar beiðnir frá Th. Rostgaard og páli Magnússyni járnsmið um að þeir verði löggiltir sem innlagningamenn. Nefndin álítur að búið sé að löggilda nægilega marga menn fyrst um sinn og leggur til að þeim að svo komnu verði synjað um löggildingu.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 4. okt. átti vatnsveitunefndin fund með sér. Á fundinum voru auk formanns nefndarinnar: Klemens Jónsson og Knud Zimsen.- Gjörðist þá það er hér segir:

1. Var lagt fram frumvarp til samnings við Jes kaupmann Zimsen um sölu á vatni vatnsveitunnar til skipa á höfninni. Nefndin féllst á innihald samningsins og leggur til að bæjarstjórnin samþykki hann og feli borgarstjóra að undirskrifa hann fyrir sína hönd.

2. Nefndin leggur til að vatnsskattur verði innheimtur fyrir ársfjórðunginn frá 1. okt. til 31. des. þ.á.- Verði það samþykkt mun nefndin fyrir næsta fund bæjarstjórnarinnar hafa samið frumvarp til reglugjörðar um niðurjöfnun og innheintu skattsins.

3. Samþykkt með meiri hluta samkvæmt tillögu H. A. Hansen að láta girða Gvendarbrunna með gaddavírsgirðingu og stólpum úr pitchspine og borgarstjóra ásamt H. A. Hansen falið að fá því komið í framkvæmd hið allra fyrsta.

4. Lögð fram beiðni,Sigurgeirs Finnssonar um að fá löggildingu sem innlagningarmaður vatnsveitunnar. Nefndin álítur að búið sé að löggilda nægilega marga innlagningamenn fyrst um sinn, og keggur til að beiðninni sé hafnað.

5. Erindi Bjarna snikkara Jónssonar um að fá vatnsæðina á Frakkastíg framlengda, var athugað og vill nefndin að það sé gjört, og sömuleiðis að æð sé lögð í Vegamótastíg ef efni í hvorutveggja reynist að vera fyrir hendi.

6. Rætt var um við H. A. Hansen hvað gjöra skyldi til að hreinsa lokuðu enda vatnsveitunnar í bænum og koma sambandi milli þeirra. Var samþykkt að taka lokin frá nokkrum þeirra til reynzlu og að skola út um brunahana þá er næstir þeim væru.-

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Klemens Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 18. október átti vatnsveitunefndin fund með sér. Allir nefndarmennirnir á fundi nema Þ. J. Thoroddsen. Gjörðist þá á fundinum það er hér segir:

1. Samþykkt að H. A. Hansen afhendi bæjarverkfræðingnum vatnsveituna, teikningar, og kort, áhöld og allt annað henni viðvíkjandi og skyldi bæjarverkfræðingurinn láta rannsaka verkið allt sérstaklega frá Rauðarárholti upp að Gvendarbrunnum og síðan gefa vatnsveitunefndinni skýrslu, sem ítarlegasta. Skyldi rannsókninni vera lokið svo fljótt sem hægt er og ekki síðar en nokkrum dögum fyrir 4. nóv. næstkomandi svo að verkfræðingur H. A. Hansen geti farið heim á leið með skipi því er fer þann dag til kaupmannahafnar.-
Jafnframt gat borgarstjóri þess, að H. A. Hansen hefði tilkynnt að kaflinn frá Gvendarbrunnum niður að veiðimannahúsunum væri fullbúinn til afhendingar.

2.2=Samþykkt að láta fylla ofan á rörin í og meðfram Barónsstíg og upp með brunahönunum þar sem þess þyrfti.

3. Samþykkt að láta merkja með staurum ventla og lofthana frá Gvendarbrunnum að bænum, svo hægt sé að finna þá þó snjó leggi.

4. Nefndarmönnum afhent frumvarp til reglugjörðar um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. Þ. J. Thoroddsen. K.Aimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 2. nóvember, átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi.

1. Var lögð fram og lesin upp skýrsla frá Sigurði Thoroddsen verkfræðingi um fráganginn og ásigkomulag vatnsveitunnar frá Gvendarbrunnum að Rauðarárholti. Samþykkti nefndin að krefjast skriflegrar skýrslu af verkfræðing H. A. Hansen um lið fyrir kið í skýrslu Thoroddsens.

2. Var lagður fram reikningur o. V. Kjögx yfir akkorðsverk hans frá Gvendarbrunnum að Elliðaánum o. fl. og samkvæmt honum gjörir hann reikning fyrir eftirstöðvum af kaupi sínu kr. 9276.ol og hefur H. A. Hansen ritað á reikninginn ávísunarheimild. Nefndin samþykkti að halda skyldi eftir af upphæð þessari 10% af hinni umsömdu akkorðsborgun fyrir verkið í heild sinni. Þá liði reikningsins er ekki falla undir akkorðssamninginn athugar nefndin nánara á næsta fundi.

3. Samþykkt að borga ekki H. A. Hansen fyrst um sinn meira en mánaðarkaup það, er honum hefir verið .

Páll Einarsson. Þ.J.Thoroddsen. Kristján Jónsson. K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, þ. 15. nóv. átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi nema Þ. J. Thoroddsen. Bæjarverkfræðingurinn Sigurður Thoroddsen var einnig til staðar á fundinum og tók hann þátt í umræðunum.-
Fór það fram er hér segir:

1. Lögð var fram og athugað skýrsla bæjarverkfræðingsins um vatnsveituna frá Gvendarbrunnum að Rauðarárholti, svör þeirra H. A. Hansens og O. V. Kjögx, og skýrsla borgarstjóra og verkfræðings Knud Zimsen. Nefndin öll hafði ætlað að skoða verkið, en þrír af nefndarmönnum voru forfallaðir, þegar skoðunin fór fram. Eru ályktanir og tillögur nefndarinnar á þessa leið í samræmi við tillögur bæjarverkfræðings.

I. Kaflinn frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum. Eftir skýrslum er liggja fyrir, verður nefndin að álíta, að þegar verktakandi hefur bætt ofan á hauginn á tveimur smáköflum, þar sem dýptin er ekki nóg, sé vel og forsvaranlega frá þessu verki gengið, að því einu undanskildu, að stærri steinar eru sumstaðar notaðir til uppfyllingar í skurðinn, en heimilt er samkvæmt skilmálunum, þar sem þó akstaðar munu vera fets þykkt lag af smágerðri fyllingu ofan á sjálfum rörunum þykir ekki líklegt, að neitt tjón hljótist af þessu. Ef ekki koma fram neinar skemmdir vegna þessa á næsta ári, mun vera fengin full ve vissa fyrir að skemmdir ekki seinna komi fram. Þykir því nefndinni ekki ástæða til a- gjöra annað út af þessu en að halda eftir í eitt ár svo miklu sem þurfa þykir af tryggingarfénu um þennan tíma, til til þess að bæta skemmdir er síðar kunna að koma fram, og er það álitið að 2000 krónur muni nægja. Er það því tillaga nefndarinnar að:

1. bæjarstjórnin taki við þessu verki eins og það er af verktakanda, og heimili að útborga eftirstöðvarnar af reikningi verktakanda en að

2. haldið sé eftir í eitt ár, umfram hinn áskilda ábyrgðartíma 2000 kr. af veðinu fyrir þessu verki þannig að af þeirri upphæð verði rekið það er þarf til þess að endurbæta skemmdir þær, er kunna að koma fram og orsakast af því, að of stórt grjót hefur verið látið í skurðinn.-

II. Kaflinn frá Elliðaám að Rauðarárholti. Með skýrslunum er það upplýst, að víða er ekki næg fylling ofan á pípunum og ekki gengið frá yfirborði haugsins og eins á að vera m.m. og leggur nefndin til, að öllu veðinu er sett var fyrir þessu verki sérstaklega verði haldið eftir og á næsta vori verði verkið endurbætt að fullu á kostnað verktakanda, og að það er með þarf verði tekið af tryggingarfénu.-

III. Heimför og kaup H. A. Hansen.- Vísast til eftirrits af kaupsamningnum. Nefndin ákvað að veita honum heimfararleyfi með "Sterling" er fer 19. þ. m. og að honum skyldi útborgą hið umsamda mánaðarkaup til loka nóvembermánaðar og ferðakostnað heim.
En hinsvegar leggur nefndin það undir úrskurð bæjarstjórnarinnar hvort honum skuli greiða aukaborgun þá, er honum var heitin, ef hann skilaði vatnsveitunni af sér að öllu leyti sem góðu og fullgildu verki.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. K. Zimsen. Kl. Jónsson.
Sig. Thoroddsen
með fyrirvara um fáein atriði í I.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 24. nóv. átti vatnsveitunefndin fund með sér. Á fundinum voru auk formanns nefndarinnar þeir Klemens Jónsson og Knud Zimsen. Gjörðist þá það er hér segir :

Kl. Jónsson

1. Var rætt á ný frumvarpið um niðurjöfnun vatnsskattsins og vildi nefndin fyrir sitt leyti aðhyllast tillögur, er henni höfðu borizt frá einum bæjarfulltrúanum, með nokkrum breytingum.

2. Formaður nefndarinnar skýrði frá því, að verktakandi O. V. Kjörgx mundi vilja leggja undir úrskurð gerðardómsins allan ágreining, sem er milli hans og bæjarstjórnarinnar út af verkum þeimra, er hann hefur unnið að vatnsveitunni, bæði frá Gvendarbrunnum að veiðimannahúsunum og þaðan að Rauðarárholti. Nefndin lítur svo á, að O. V. Kjögx eigi rétt á að leggja þetta í gjörð, og leggur því til, að bæjarstjórnin samþykki fyrir sitt leyti, að leggja hvorutveggja þetta í gjörð, og sé gjörðadómstóllin þannig skipaður, að hver málsaðilja skipi útnefni einn mann, en þess utan lögfræðing, sem oddamann.
Ef bæjarstjórnin ekki sjálf útnefnir manninn væntist að hún feli nefndinni að gjöra það.

3. Nefndin leggur til að selt verði við uppboð hús vatnsveitunnar í Rauðhólum, brýrnar á ánum, hestur og nokkuð af skrifstofuáhöldunum.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. Kristján. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 11. des. átti vatnsveitunefndin fund með sér. Allir nefndarmennirnir á fundi. Var lagt fram bréf verkfræðings Knud Zimsen dags. 23. f.m., þar sem hann sem umboðsmaður Sophus BerendsenA/B, krefst þess að fá útborgaðar eftirstöðvar af andvirði 12" pípna, er komu á þessu ári, og telur hann að óborgaðir séu 130 metrar. Lagði borgarstjóri það undir álit nefndarinnar, hvort greiða skyldi þetta.- Kom nefndin og umboðsmaður Sophus Berendsen sér saman um, að leggja ágreing allan, sem hér er um að ræða, undir úrskurð gjörðardómstóls, þess hins sama, sem nú hefir með höndum málin milli vatnsveitunefndarinnar og O. V. Kjögx, og að hlýta úrskurði þess dómstóls.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. Þ. J. Thoroddsen. Kristján Jónsson. K. Zimsen.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 10. janúar átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Klemens Jónsson. Gjörðis þá það er hér segir.

1. Borgarstjóra falið að svara bréfi Christensen Franch fyrir hönd nefndarinnar.

2. Lögð fram reikningsuppgjörð frá umboðsmanni Sophus Berendsen í Kaupmannahöfn, og þar sem gjörðadómurinn hafði ákveðið O. V. Kjögx aðeins 100 kr. í skaðabætur í skaðabætur fyrir það, að pípurnar til vatnsleiðslunnar fyrir ofan Elliðaár höfðu komið of seintog þar sem ~~Sophus~~ umboðsmaður Sophus Berendsen hafði að öðru leyti gengið inn á, að borga það er nefndin fór fram á, samþykkti nefndin nefndin nú að fráfalla kröfu sinni um að leggja reikninginn í gjörð, heldur skyldi greiða hann. Þetta þó með því skilyrði, að nefndarmaður sá, er fjarverandi var, einnig samþykkti það..-

3. Formanni nefndarinnar falið að skrifa gjörðardómurum í málinu gegn O. V. Kjögx hverjar endurbætur þurfi að gjöra á vatnsleiðslunni frá Elliðaánum að Rauðarárholti svo að verkið verði samningi samkvæmt af hálfu O. V. Kjögx.

4. Var lögð fram beiðni frá Jónasi Þorsteinssyni steinsmið um að fá greiddar 1325 kr. 69 aura úr bæjarsjóði, en hann tjáist hafa tapað á akkorðsvinnu, er hann vann við skurðgröft vatnsveitunnar innanbæjar í fyrra.- Vatnsveitunefndin leggur til að þessari beiðni sé synjað.

5. Jóhannes Jónsson, Tóptum biður sömuleiðis um að fá greiddar 1145 lr., en hann hafi tapapð á akkorði við skurðgröft innanbæjar. Nefndin leggur einnig til að þessari beiðni verði synjað.-

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 28. febrúar átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist það er hér segir:

1. Var lagt fram bréf dags. 27. f. m. frá verkfræðing H. A. Hansen, en í bréfi þessu krefst hann að fá útborgaðar eftirstöðvarnar af kaupi sínu 1166 kr. 67 a., en kaupi þessu hafði honum verið heitið umfram hina áskildu mánaðarborgun, ef hann á tilætluðum tíma skiðaði vatnsveitunni af sér í hendur bæjarstjórninni, sem góðu og fullgildu verki og eftir að hún hefði verið prófuð nægilega.-

Á fundi 18. nóv. f. á. frestaði bæjarstkórnin að taka ákvörðun um greiðslu á kaupbæti þessum, þar sem hún ekki þá þegar vildi taka við vatnsveitunni sem góðu og fullgildu verki.-
Nú er þegar búið að reyna vatnsveituna alla í heild sinni fulla fimm mánuði og hefur hún reynzt vel, og ennfremur hefir gjörðardómur dæmt í tveimur málum milli bæjarstjórnarinnar annars vegar og O. V. Kjögx og G. Lössl og O. V. Kjögx hinsvegar, um galla þá, er bæjarstjórninni þótti vera á verki þeirra, og ákveðið bæjarstjórninni bætur fyrir galla þá, er gjörðardómurinn áleit þá skylda til að bæta, og hefur bæjarstjórnin í höndum fé frá þeim, eftir ákvæðum gjörðardómsins. Álítur því vatnsveitunefndin að ekki sé lengur heimild til að halda eftir eftirstöðvunum af kaupi verkfræðings H. A. Hansens, og leggur nefndin til, að bæjarstjórnin heimili borgarstjóra að útborga kaupeftirstöðvarnar 1166 kr. 67 a..-

2. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin veiti borgarstjóra heimild til að semja svo um við eftirgreindar fjórar stofnanir fyrir tímabilið frá 1. október 1909 til 31. des. 1910, að þær megi nota vatn úr vatnsveitunni eftir þörfum fyrir borgun þá, er hér segir :
Verksmiðjunni "Iðunn" 60 kr. pr. mánuð.- Slippfélaginu fyrir 25 kr. pr. mánuð.- Baðhús Reykjavíkur fyrir 15 kr. pr. mán. Þvottahús Rostgaards fyrir 10 kr. pr. mán. og verði borgarstjóra að öðru leyti falið að gera samninginn eins og honum þykir við eiga.

3. Nefndin leggur til, að borgarstjóra verði geimilað að selja vatnsveituhúsið í Rauðhólum, ef 500 kr. boð fæst í það.

4. Nefndin samþykkir að greiða Birni hreppstjóra Bjarnarsyni í Gröf, 60 kr. fyrir spjöll þau, er orðið hafa á landi hans. við lagning vatnsveitunnar næstliðið ár, og er þá þar í talin grunnleiga fyrir húsið í Rauðhólum.

Fleira gjörðist.ekki. Fundi slitið.

PÁll Einarsson. Kl. Jónsson. Kristján Jónsson. K. Zimsen. Þ. J. Thoroddsen.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 12. aðríl 1910 varð það að samkomulagi milli undirritaðs borgarstjóra og ábúanda Árbæjar, ekkjunnar Margrétar Pétursdóttur, að hún skyldi fá 30 krónur skaðabætur fyrir landspjöll á Árbæjarlandi við lagningu vatnsveitunnar.-

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þ. 17. maí kom vatnsveitunefndin hin nýkosna í fyrsta sinn á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það er hér segir:

1. Var tekið fyrir erindi kaupmanna dags. 29. f.m., er bæjarstjórnin hafði vísað til umsagnar nefndarinnar, en í erindi þessu, er þess farið á leit, að sölubúðir verði undanþegnar því að greiða aukagjald samkv. 2. gr., 4. lið í reglugjörðinni um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts. Leggur nefndin til að bæjarstjórnin gjöri um þetta ályktun á þessa leið: "Bæjarstjórnin telur gjaldsins vera krafizt eins og ætlazt var til samkvæmt reglugjörðinni, en hlýtur dómsúrskurði um þetta og lofar jafnframt að taka þetta atriði til sérstakrar athugunar þegar reglugjörðin verður endursamin um næstu áramót.
Að öðru leyti vísar nefndin til munnlegrar framsögu.

2. Erindi talsímahlutafélags Reykjavíkur, dags. 20. f. m., þar sem spurzt er fyrir um hvort félagið geti fengið vatn úr vatnsveitunni til reksturs rafmagnsvélar, 1 ½ hestafls, sem ætlast er til að vinni ca. lo klukkustundir á dag.-
Nefndin telur mjög varhugavert að veitt sé leyfi til að nota vatn úr vatnsveitunni til stöðugrar aflframleiðslu og leggur til að synjað verði um vatn til þessarar notkunar En vilji bæjarstjórnin veita leyfið, er það tillaga nefndarinnar, að gjaldið verði innheimt samkvæmt 3. gr. reglugjörðarinnar, en engin ívilnun veitt frá taxtanum.

3. Hlutafél. "Baðhús" Reykjavíkur" fer þess á leit, að bæjarstjórnin ákveði vatnsskatt félagsins ekki hærri en 8 kr. á mánuði, í staðinn fyrir 15 krónur.-
Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að óbreytt verði látin standa ~~ákvörðun sú~~ þetta ár ákvörðun sú, er bæjarstjórnin hefir gjört um vatnsskatt baðhússins á fundi lo. marz þ.á.-

4. Nefndin samþykkir að leyfa mætti húsunum stðst á Bergstaðastræti að taka vatn til heimilisþarfa úr brunahana þar nálægt til næsta hausts gegn gjaldi því, er samkomulag yrði um.

5. Samþykkt ráðstöfun formanns nefndarinnar að setja brunahana á gasstöðvarlóðina.-

6. Samþykkt að kaupa handa umsjónarmanni vatnsveitunnar mæli til að mæla þrýsting vatnsins í vatnsæðunum.

7. Samþykkt að fá keypt hjá bæjarverkfræðingnum tillögur um að leggja vatnsæðar í nokkra götuspotta, sem enn er ólagt í og áætlun um hvað það muni kosta.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Þorláksson. Bríet Bjarnhéðinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 5. júlí var fundur haldinn í vatnsveitunefndinni á skrifstofu borgarstjórs. Mættir voru formaður nefndarinnar og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Einnig bæjarverkfræðingurinn. Jón Þorláksson ekki í bænum. Fór þá fram það, er hér segir.:

1. Var lagt fram og tekið til íhugunar erindi stjórnarnefndar holdsveikraspítalans, dags. 14. f.m., þar sem þess er farið á leit, að bærinn láti leggja vatnsveituæð að spítalanum. Erindinu fylgir áætlun verkfræðings Th. Krabbe yfir hvað kosta muni að leggja álmu þessa, og áætlar hann, að hún muni kosta ca. 10. 000 krónur.-

Nefndin hefur athugað, að virðingarverð húsa þeirra, er æð þessi kemur til að liggja fram hjá, er samtals ca. 200 þúsund krónur, og yrði því vatnsskattur af þeim húsum 6-700 kr. á ári eftir taxtanum. Hér við bætast fiskþvottastöðvar H/F Ísland og Th. Thorsteinsson ~~& Co~~, en hvor þeirra um sig mundi ganga inn á samning, að greiða 150 kr. á ári.- Það má því þannig ganga út frá, sem vísu, að bærinn mundi fá þegar í byrjun 8-10% af því fé, sem lagt yrði til vatnsæðar þessarar. Leggur því nefndin til, að bærinn láti leggja vatnsæðina á þessu sumri, enda gjörir nefndin ráð fyrir, að hún muni kosta minna en áætlað er af verkfræðing Th. Krabbe.

Ef bæjarstjórnin samþykkir að leggja vatnsæðina, þykir vatnsnefndinni rétt að verkið verði boðið út, bæði allt í heild sinni, og hvort fyrir sig lagning pípnanna og gröftur og ofan í mokstur, og væntist að bæjarstjórnin feli nefndinni að koma verkinu í framkvæmd.-

2. Þorkell Þ. Clementz sækir um að verða löggiltur, sem innlagningamaður vatnsæða.- Nefndin mælir með því, að hann verði löggiltur til þess.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 13. júlí kom vatnsveitunefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra.

Mætt voru formaður nefndarinnar og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, en Jón Þorláksson var fjarverandi.- Bæjarverkfræðingurinn var til staðar á fundinum.

Var rætt um lagningu vatnsveituæðar að Laugarnesi og var bæjarverkfræðingnum falið að bjóða út verkið með auglýsingu í blöðunum, og semja útboðsskilmálana samkvæmt því, er talað var um á fundinum.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sig. Thoroddsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 15. ágúst kl. 12 á hádegi átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.- Mættir voru formaður nefndarinnar og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, en Jón Þorláksson var fjarverandi.- Bæjarverkfræðingurinn var einnig mættur á fundinum, og sömuleiðis nokkrir er gjört höfðu tilboð um lagning vatnsæðar niður að Laugarnesi.-

Tilboðin áttu samkvæmt auglýsingunni að opnast á skrifstofu borgarstjóra kl. 12 þennan dag og var það gjört stundvíslega og reyndust tilboðin að vera þessi:

I. Tilboð í gröftinn:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Jón Guðlaugsson pr. metri - | kr. 3.20 |
| 2. | Helgi Jónsson og I. Jónsson pr. metri | - 2.75 |
| 3. | Guðni Þorsteinsson og Hallgrímur Þorsteinsson - pr. metri | - 2.25 |
| 4. | T. Tómasson - - | - 4.00 |
| 5. | Guðm. Magnússon - - | - 2.45 |
| 6. | Eggert Pálsson - - | - 2.35 |
| 7. | Magnús Vigfússon o. fl. pr. metri | - 2.25 |
| 8. | Valentínus Eyjólfsson, Jens Eyjólfsson og Kr. Sigurðsson pr. metri | - 2.00 |

II. Tilboð í pípur og lagningu:

1. Heilgi Magnússon & Co.

| | | |
|---|---|---|
| 4" pípur | pr. metri | kr. 2.56 |
| og lagning þeirra | pt. metri | - 0.60 |
| 3" pípur | pr. metri | - 1.67 |
| og lagning þeirra | - - | - 0.50 |

2. Valentínus Eyjólfsson o. fl.:

| | | |
|---|---|---|
| 4" pípur og lagning | pr. metri | kr. 4.13 |
| 3" pípur og lagning | pr. metri | - 3.55 |

III. Tilboð í pípur eingöngu:

Sophus Berendsen:

| | | |
|---|---|---|
| 4" pípur | pr. metri | kr. 2.565 |
| 3" - | - - | - 1.685 |

og auk þessa tilboð í brunahana, þó með annari gerð en þeir, sem fyrir eru - 45 kr. pr. stk.

Tilboðin voru öll afhent bæjarverkfræðingnum, til þess að hann gerði tillögur til nefndarinnar um þær.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sig. Thoroddsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 16. ágúst 1910 átti vatnsveitunefndin enn fund með sér.- Mættir voru frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir og borgarstjórinn og bæjarverkfræðingurinn, en Jón Þorláksson var fjarverandi.-

Bæjarverkfræðingur lagði fram tillögur sínar og álit um tilboð þau er komið höfðu í lagning vatnsæðarinnar að Laugarnesi í bréfi dags. 16. þ.m., og samkvæmt áliti hans leggur nefndin til:

1) að öll vatnsæðin verði gjörð úr 4" pípum.-
2) að tilboð þeirra félaga Valentínusar Eyjólfssonar, Jens Eyjólfssonar og Kristins Sigurðssonar um gröft og ofanímokstur, 2 kr. pr. m. verði samþykkt.
3) að tilboð Helga Magnússonar & Co. um pípur og lagningu æðarinnar ~~verði=tekið=~~ og stopphanar verði ~~tekið~~ samþykkt.
4) að brunahanar verði keyptir hjá Sophus Berendsen, helzt af sömu gerð og þeim sem fyrir eru í bænum.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sig. Thoroddsen. Bríet Bjarnhéðinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þann 12. sept. átti vatnsnefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru mættir borgarstjórinn og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir og bæjarverkfræðingurinn. En Jón Þorláksson var fjarverandi.- Á fundinum gjörðist það, er hér segir:

1. Nefndin tók til athugunar beiðnir þær, er komið höfðu frá ýmsum húseigendum, um að fá vatnsæðar lagðar að húsum þeirra, þar sem þr eru ekki enn komnar, sem og í aðra götustúfa, er nefndinni þótti rétt og nauðsynlegt að leggja í. Leggur nefndin til að vatnsæðar verði lagðar í eftirtalda götustúfa, og er áætlaður kostnaður tilgreindur við hvern þeirra, sem og tekjuauki, er vatnsveitan fær við lagningu hvers eins eftir núgildandi vatnsskattstaxta:

1. Framhald Skálholtsstígs frá Laufásvegi að Fríkirkjulóð. 40 metrar 2" pípur á kr. 3.75 - kr. 150.- Skattauki ca.90 kr. eða ef til vill ca. 140 kr.
2. Frá Ægisgötu að Norðurbæ í Hlíðarhúsum, 25 metrar. 2" pípur á kr. 3.75 - kr. 93.75. Skattauki ca, 7 kr.
3. Frá Norðurstíg neðst vestur eftir til húss Sig. Þórðarsonar 42 metrar. 2" pípur á kr. 3.75 = kr.157.50. Skattauki ca. 11 kr.
4. Vegamótastígur frá Laugavegi til húss Davíðs Jóhannessonar, 57 metrar 5/4" galvaníseraðar pípur á kr. 3.50 pr. m. = kr.299.50 Skattauki yfir 20 kr.
5. Frakkastígur efst að húsi Hjálmars Þorsteinssonar , 55 m. 2" steyptar pípur á 5 kr. = kr. 275.oo. Skattaauki ca. 27 krónur.
6. Mýrargata vestur frá Bakkastíg, 128 m. 2" pípur á kr. 3.75 = 480 krónur. Skattauki rúmar 40 krónur.

Í sambandi við þennan lið leggur nefndin til, að synjað verði beiðni um að leggja æð í neðsta hluta Brekkustígs, er kosta mundi c. 170 kr., að húsi Þorsteins Sveinssonar, þar sem það hús getur án verulegs kostnaðarauka náð í vatn úr þessum hluta Mýrargötu.

7. Frá Sellandsstíg eftir Bræðraborgarstíg á móts við húsið í Sauðagerði, 252 metrar 3" pípur á kr. 4.50 = 1134 kr.-
   Nefndin vill setja það sem skilyrði fyrir þessari framlengingu, að eigendur hússins í Sauðagerði ábyrgist bænum tekjuauka fyrir þessa framlengingu, er nemi 10% af lagningarkostnaðinum þó ekki af meiru en 1200 kr., en þetta hafa eigendur boðið í umsókn sinni.
8. Frá Suðurgötu til Garðastrætis til húss Bjarna Matthíassonar, 95 m. 2" pípur, á 4 kr. = kr. 380.- Skatturinn eftir virðingarverði hússins verður 26 kr. og leggur nefndin til að þessi æð verði því aðeins lögð, að húseigandi ábyrgist 10% tekjur af lagningarkostnaðinum.-

2. Nefndin fól bæjarverkfræðingnum að gjöra áætlun um hvað kosta mundi lagning vatnsæðar í framhald Bergstaðastrætis móts

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viâ Ingólfshúsið.

3. Nefndin tók til athugunar erindi Jóns snikkara Sveinssonar, dags. 1. f.m., en í erindi þessu fer hann þess á leit, að bæjarstjórnin felli burtu aukagjaldið (700) af húsi hans í Templarasundi nr. 3.- Nefndin sér enga ástæðu til að fella burtu aukagjaldið og það því síður, sem í húsinu auk ljósmyndastofunnar er útsölustaður, er samkvæmt vatnsskattsskránni heimilar álagningu aukagjaldsins.-

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 5. október átti vatnsveitunefnd fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir mættir. Gjörðist þá það, er hér segir:

1. Nefndin tók á ný til athugunar beiðni eigenda Sauðagerðis um að fá framlengda vatnsæðina í Kaplaskjólsvegi og heldur vatnsnefndin fast við tillögu sína á síðasta fundi.

2. Var lögð fram beiðni nokkurra ábúenda á Bráðræðisholti um að fá settan vatnspóst í samband við vatnsæðina á Bráðræðisholti til afnota fyrir hús þau, er ekki hafa samband við æðina.- Nefndin leggur til að vatnspóstur þessi verði settur verði settur þar hið fyrsta og áætlar að kostnaður við það mundi ekki fara fram úr 100 krónum. Jafnframt leggur nefndin til að hús þau er nota póstinn skuli nota hálfan vatnsskatt.-

3. Jón Lúðvíksson biður um að fá lán úr bæjarsjóði til að leggja vatnsæð í hús sitt á Arnarhólslóð. Nefndin felur bæjarverkfræðingnum að rannsaka staðhætti þar, áður en hún gjörir tillögur um beiðni þessa.-

4. Nefndin ákvað að gjöra tvær vatnsþrær, aðra í hestaréttinni og hina á Lækjartorgi eða í nánd við það, þar sem brynna megi hestum.

5. Jónas Þorsteinsson, steinsmiður krefst enn að fá borgun fyrir vinnu, er hann kveðst hafa innt af hendi umfram samning við skurðgröft, er vatnsveitan var lögð, eða til vara að gjörðadómur verði skipaður til að dæma um hvort hann eigi rétt til endurgjalds fyrir þetta.-
Bæjarstjórnin hefir áður neitað því, að hann ætti nokkurt tilkall til skaðabóta eða endurgjalds fyrir aukaverk, og stendur sú ályktun óhögguð. En hinsvegar eru svo í akkorðssamningunum ákveðið að hvor málsaðili geti krafizt að ágreiningur sé lagður í gjörð, og keggur því nefndin til, að vara kröfu Jónasar verði sinnt, og að bæjarstjórnin útnefni einn mann í gjörðardóminn, en hann aftur ásamt þeim, er Jónas útnefnir, tilnefni oddamann.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 18. okt. átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir borgarstjóri og bæjarverkfræðingurinn.
Gjörðist á fundinum það, er hér segir:

1. Var tekin til athugunar beiðni Jóns Lúðvíkssonar um að fá lánaðar úr bæjarsjóði 125 krónur til að leggja vatnsæð í hús hans á Arnarhólslóð með sömu kjörum og öðrum húseigendum hefur verið lánað til vatnsinnlagninga. Húsið liggur ca. 30 metra frá norðurenda Smiðjustígs og ekki við neina götu. Nefndin leggur til að umsækjanda verði lánuð upphæð sú er hann biður um, með sömu lánskjörum og aðrir húseigendur hafa fengið.-

2. Fjórir húseigendur við framhald Nýlendugötu biðja um framlengingu vatnsveitunnar þar, um 50 metra, sem áætlað er að kosta muni 4 kr. pr. metri eða 200 krónur.- Vatnsskatturinn af húsunum verður rúmar 20 krónur og leggur nefndin til að beiðnin verði tekin til greina.

3. Helgi Jónsson steinsmiður, biður um að bæjarstjórnin leggi 1" galvaníseraðar pípur frá æðinni frá æðinni niður að Laugarnesspítalanum heim að húsi því er hann nú í sumar hefur byggt við veginn inn að Elliðaám, en sjálfur býðst hann til að kosta gröft og ofanímokstur. Vegalengd sú, sem hér er um að ræða, er ca. 120 metrar og kemur leiðslan til að kosta ca. 130 krónur, en vatnsskatturinn af húsinu verður ca. 42 kr. . Leggur nefndin því til, að beiðnin verði tekin til greina.

4. Þrír húseigendur við fyrirhugaða framlengingu Ránargötu, milli Bræðraborgarstígs og Brekkustígs biðja um vatnsæð þar, vegalengd ca. 60 m. Æð verður ekki lögð þar, nema með afarmiklum kostnaði, þannig að spottinn mundi kosta 800-1000 kr. auk þess, sem bær er þar í vegi, sem æðin helzt ætti að liggja um, en skattauki yrði aftur lítill. Leggur því nefndin til, að beiðninni um æð, verði synjað, en að þar í nánd verði settur vatnspóstur á hentugum stað, er hús umsækjenda o. fl. geti notað gegn því að greiða ½ vatnsskatt.-

5. Jónas Þorsteinsson, steinsmiður, tilkynnir að hann hafi tilnefnt Eggert Claessen, málaflutningsmann, sem sinn gjörðardómara í máli því, er ræðir um í 5. lið síðustu fundargjörðar.- Leggur nefndin til, að bæjarstjórnin ~~til~~ útnefni af sinni hálfu Forberg símstjóra.

6. Beiðnum eigenda húsanna á Melnum og við Sellandsstíg um vatnsæð þangað og beiðni eigenda Hákots um sama vísað til bæjarverkfræðingsins til rannsóknar á staðháttum og undirbúningi.-

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarssin. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 29. nóvember kom vatnsveitunefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi, og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist þá það, er hér segir.

1. Var lagt fram til umsagnar erindi Th. Thorsteinson, kaupm. dags. 15. þ.m., en í því fer hann þess á leit, að sér verði leyft að nota vatn úr vatnsveitupípunum, sem aflvaka til reksturs 2 litlum hreyfivélum í(fiskverkunarhúsi) fiskþurrkunarhúsi hans á Kirkjusandi. Er gjört ráð fyrir, að vatnsbrúkunin verði 2-4 tunnur á klukkustund, þegar hreyfivélarnar eru í gangi.
Nefndin mælir með því, að þetta verði leyft, en að leyfið sé uppsegjanlegt með 3ja mánaða fyrirvara, og að það sé bænum ábyrgðarlaust, þótt svo komi fyrir, að vatn sé ekki til í hvert sinn, sem á því þarf að halda til hreyfivélanna. Nefndin leggur til, að vatnið verði selt eftir máli, og gjaldið verði sett 1 kr. 5o a. fyrir 100 hektólítra.

2. Voru rædd nokkur önnur mál, en engin ályktun eða tillaga gjörð um þau.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Þorlaksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 12. desember kom vatnsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Var þá tekið fyrir, að semja frumvarp til reglugjörðar um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskattsins, leggur nefndin til, að frumvarpið verði eins og bráðabirgðareglugjörðin með þessum breytingum:

2. gr.

Eftir síðasta lið 4. flokks bætist : Sölubúð, ein eða fleiri í sama húsinu, telssem ein íbúð væri.- Síðasta málsgreinin "Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr. sem aukagjald" falli burt.

3. gr.

Í staðinn fyrir 1 kr. komi : 1 kr. 50 a.-

4. gr.

Aftan við hana bætist: -sé það flutt á bátum í skipin, en 1 kr. 25 a. ef það er látið í skipin við bryggju.

7. gr.

Falli burt.-

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Þorláksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 16. jan. kom vatnsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Fór þá fram það er hér segir:

1. Samþykkt að leggja til, að verða við beiðni Jóhanns S. Hjörleifssonar og Runólfs Magnússonar um að leggja vatnsæð í framhald Unnarstígs að húsi Jóhanns Hjörleifssonar. Vegalengd 51 metri, kostnaður með 2"pípum áætlaður áætlaður kr. 5.50 pr. m. eða alls um 280 kr.- Virðingarverð húsa, er ná vatn úr álmunni ca. 4000 kr., skattauki ca. 17 kr.

2. Samþykkt að leggja til, að lögð verði 2" vatnsæð frá ~~fyrirhuguðum~~ Bræðraborgarstíg eftir fyrirhuguðuð Sellandsstíg að Ási. Vegalengd 175 m. Kostnaður áætlaður 6 kr. pr. metri eða 1050 kr. Virðingarverð húsa, er skattskyld verða kr. 29000.oo og skattauki ca. 105 kr.-

3. Samþykkt að leggja til, að vatnsæðin í Bergstaðastræti verði framlengd að Ingólfshúsinu. Fá þá 3 hús vatn, sem jú eru vatnslaus, og er virðingarverð þeirra samtals kr. 21.000.oo og skattauki 82 kr.. Vegalengdin 175 metrar og kostnaður áætlaður 1050 kr.

4. Á bæjarstjórnarfundi 20. okt. f.á., var umsókn eigenda þriggja húsa um,að fá vatnsæð lagða í framlengjingu Ránargötu milli Bræðraborgarstígs og Brekkustígs, synjað, en í þess stað samþykkt að setja þar á hentugum stað vatnspóst til afnota fyrir húsin.- Samkvæmt nýrri rannsókn og athugun bæjarverkfræðingsins er það álitið, að leggja megi vatnsæð að 2 þessara húsa, frá Framnesvegi, 36 metra, fyrir 180 krónur, og leggur því nefndin nú til, að þess vatnsæðarspotti verði lagður, en að felld verði úr gildi sú ályktun bæjarstjórnarinnar að setja vatnspóst á þessum stað. Virðingarverð þeirra tveggja húsa, er ná til vatnsins frá æðinni er kr. 8.400.oo, og skattsauki ca. 33 kr.-

5. Samþykkt að ávísa megi 80 krónum er eftir standa af hinni umsömdu borgun fyrir skurðgröft og jarðvinnu við lagning Laugarnesálmunnar.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Þorláksson. Bríet bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, hinn 25. apríl kom vatnsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn.

1. Framlagt tilboð frá P. Smith um kaup á því, sem bærinn kynni að vilja selja af 12 þumlunga vatnspípum þeim, sem liggja á Lækjartorgi, fyrir 24 kr. hverja. Nefndin álítur að afgangurinn af þessum pípum, sem er 36 stykki, sé óþarflega mikill til viðhalds þeim kafla vatnsveitunnar, sem samskonar pípur eru í. Pípurnar kosta bæinn tæpar 38 kr. hver, að meðtöldum uppskipunarkostnaði, og vill nefndin leggja til að bæjarstjórnin selji 25 ~~pípur~~ af pípum þessum fyrir það verð, sem P. Smith býður, með því að henni þykir vonlaust um að fá hærra verð.

Fleira var ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Þorláksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
B. Jónasson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, þann 17. maí átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru mætt borgarstjóri og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, en Jón Þorláksson var fjærverandi. Á fundinum gjörðist það er hér segir:

1. Samþykkt að leggja vatnsæð frá Bræðraborgarstíg að Skálholt og Brekkuholtshúsunum.- Vegalengd ca. 36 metrar, átlaður kostnaður 180 kr.- Skattauki ca. 30 krónur.

2. Samþykkt að leggja æð að húsinu nr. 28 við Barónsstíg. Vegalengd 20 metrar áætlaður 100 kr. Skattaauki kr. 14.50.

3. Nefndin leggur til að vatnsæð verði lögð úr Laugarnesæðinni í sundlaugina, 2" æð. Vegalengd 310 metrar. Kostnaður áætlaður 1240 krónur.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, þ. 3. júlí, átti vatnsnefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Mætt voru formaður nefndarinnar ogfrú Bríet Bjarnhéðinsdóttir.-

Lagt fram erindi frá 2 mönnum við Frakkastíg, um að fá vatnsveituna í götunni framlengda. Bæjarverkfræðingurinn hefur gjört áætlun um kostnaðinn, og álítur að framlenging muni kosta 270 kr.- Tekjuauki veitusvæðisins verður 19 kr. Leggur nefndin til að æðin í Frakkastíg verði framlengd.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 30. sept. átti vatnsnefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru: K. Zimsen settur borgarstjóri, nefndarmennirnir, bæjarverkfræðingurinn.

1. Guðm. Thorsteinsson, Lækjarhvammi, sækir um að bærinn leggi til pípur í vatnsæð frá aðalvatnsæð bæjarins að húsi hans. Vegalengdin er um 300 metrar, og er á ætlað að 3/4 þuml. pípur kosti um 250 kr. Vatnsskattur af húseigninni verður um 26 kr., en auk þess má vænta nokkurs aukagjalds fyrir stórgripi. Nefndin leggur til að beiðnin verði veitt.-

2. Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður sækir um að vatnsæð ~~verði~~ í Bakkastíg verði lengd. Lengingin nemur 40 m. Kostnaður áætlaður 160 kr. (2" æð). Vatnskattsauki um 30 kr. Nefndin leggur til að umrædd lenging verði framkvæmd.

3. Húsið við Garðastræti nr. 1 (á Gróubæjarlóðinni) nær ekki til vatns; eigendurnir hafa farið fram á að fá lagðan æðarspotta í Garðastræti frá Vesturgötu. Lengdin er 30 metrar, en nefndin álítur að í Garðastræti eigi að koma 4" æð á sínum tíma, og vill því nota pípur með þeirri vídd, og verður kostnaðurinn þá um 220 kr., en skattaukinn, sem stendur ca. 18 kr. Nefndin leggur til að spotti þessi verði lagður.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. B. Jónasson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 29. janúar átti vatnsnefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

1. Þórður Þórðarson bóndi í Laugarnesi sækir um vatnsæð heim að Laugarnesbæ. Vegalengdin er 230 metrar, og kostnaðurinn áætlaður kr. 1.75 fyrir hvern metra, eða alls kr. 402.50.
Nefndin leggur til að vatnsæð þessi verði lögð, gegn því, að ábúandi borgi venjulegan vatnsskatt, og leggur nefndin til, að jafnframt verði gerð vatnsþró fyrir hesta á hentugum stað við bæinn.

2. Var rætt um lagningu vatnsæðar suður á Grímsstaðaholt, og ákveðið að fá upplýsingar um verð á pípum.

Fleira kom ekki fyrir.

Allir á fundi.

Páll Einarsson. Jón Þorláksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
B. Jónasson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 10. febr. átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru borgarstjóri,- Jón Þorláksson og bæjarverkfræðingurinn.

Var lagt fram tilboð dags. 31. jan. og 10. febr. þ. á. um sölu á pípum til vatnsveitunnar.- Nefndin samþykkir tilboðin frá Helga Magnússyni & Co.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Þorláksson. B. Jónasson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, 21. dag marzmánaðar, átti vatnsveitunefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru borgarstjóri, Lárus H. Bjarnason og Þorvarður Þorvarðsson.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Skrifari kosinn Þorvarður Þorvarðsson.

2. Lagt fram bréf frá Ögmundi Hanssyni, Hálabrekku á Grímsstaðaholti, viðvíkjandi Grímstaðaholts vatnsæðinni og lesið svar borgarstjóra.

Fundi slitið.

Páll.Einarsson. Lárus H. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, mánudaginn 15. apríl átti vatnsveitunefndin fund með sér. Allir á fundi nema Þorvarður Þorvarðarson. Bæjarverkfræðingur við.

Samþykkt að leggja til bæjarstjórnina að leggja vatnsæð 8 cm. víða og 150 langa frá Bráðræðisholti og niður að Eiðsgranda, upp frá æð P. J. Thorsteinsen & Co. og Duusverzlun, greiði hvor um sig 20 kr. árgjald.

Páll Einarsson. Lárus H. Bjarnason. B. Jónasson.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, mánudaginn 1. júlí, kom vatnsveitunefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Fjarverandi var Lárus H. Bjarnason prófessor.

Fyrir lá beiðni frá Páli Halldórssyni skólastjóra, um að fá endurgreiddar pípurnar heim að Seljalandi í Kringlumýri. En pípurnar eru 182 metrar á lengd og kosta kr. 181.55. Af því að bærinn hefir áður endurgoldið pípurnar heim að Lækjarhvammi, þar sem alveg eins stendur á, leggur nefndin til að umsækjanda verði endurgoldið andvirði pípnanna.

Erindi Jóns Pálssonar og Jóns Jónssonar, um að fá framlengda vatnsæðina neðst á Vatnsstígnum vísað til bæjarverkfræðingsins til rannsóknar.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, þriðjudaginn 30. júlí kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í vatnsveitunefndinni. Fjærverandi Lárus H. Bjarnason prófessor.

1. Tekið til athugunar á ný erindi Páls skólastjóra Halldórssonar, um að bærinn endurgjaldi nú andvirði vatnspípnanna heim að húsi hans í Kringlumýrinni með kr. 181.55.- Nefndin ítrekar tillögu sína frá fundi 1. þ.m., um að bærinn greiði þessa upphæð gegn því, að bærinn verði eigandi vatnsleiðslunnar.

2. Erindi Jóns Pálssonar og Jóns Jónssonar, Vatnsstíg 16 A og 16 B, um að fá framlengda vatnsæðina í veginum að húsum þeirra var tekið fyrir. Leggur nefndin til, að beiðnin verði tekin til greina. Vegalengdin er 70 m., og hefir bæjarverkfræðingurinn áætlað, að hver metri kosti 5 kr. eða alls 350 kr., en skattauki sá, er bærinn fær, er 31 kr. 33 aurar.

3. Erindi Þorsteins Einarssonar í Akurgerði, um að fá vatnsæð lagða heim til sín, leggur nefndin til að verði synjað, þar sem kostnaðurinn yrði ~~meiri~~ mjög mikill, en tekjuaukinn mjög lítill.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, 3. dag desembermánaðar, kl. 7½ síðdegis kom vatnsnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.-

1. Beiðni frá Þórarni Arnórssyni á Þormóðsstöðum, um að komast í samband við vatnsæð bæjarins. Beiðninni, sem er dags. 25. okt., frestað..

2. Erindi frá Jóhann Þorbjörnssyni Jórunnarseli, dags. 28. sept., um vatnsæð, vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Lárus H. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, þ. 17. des. kom vatnsveitunefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það, er hér segir.

1. Var tekið til athugunar erindi Þórarins Arnórssonar á Þormóðsstöðum, dags. 25. okt. þ.á., þar sem hann spyrst fyrir um, hvort hann geti fengið að leiða vatn úr vatnsveitunni heim að Þormóðsstöðum til afnota fyrir hann.
Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að honum verði leyft að leggja á sinn kostnað allt að "3/4" æð úr bæjaræðinni á Grímsstaðaholti, þó þannig, að verkið verði unnið undir umsjón bæjarverkfræðingsins, og settur stopphani á æðamótum, enda greiði hann gjald eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnarinnar, og sé það haft í samningnum, að bæjar stjórnin geti sagt upp vatnsneyzlunni eftir nánara tiltekinn árafjölda.-

2. Lagt til að bærinn að bærinn leggi vatnæð heim í Jórunnarsel. Er áætlað að hún kosti 75 kr. - Vatnsskattur af húsinu er kr. 3.60.

3. Nefndin leggur það til, að Jónasi Þorsteinssyni verði greiddar úr bæjarsjóði kr. 276.14 - kr. 39.10, er hann telur sig eiga til góða fyrir akkorðsvinnu við gröft fyrir vatnsveituna innanbæjar, samkvæmt virðingu bæjarverkfræðingsins nýgjörðu á götum þeim, sem hann gróf fyrir rörum eftir akkorðs samningi hans.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Lárus H. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, 2. dag aprílmánaðar, var fundur haldinn í vatnsveitunefndinni, kl. 2 síðdegis.

Var þá tekið fyrir:

Beiðni frá Páli Halldórssyni skólastjóra, um að bærinn kaupi vatnsæðina heim að húsi hans í Kringlumýrinni eða til vara að fá að grafa brunn á erfðafestulandinu. Treystir bæjarstjórnin sér ekki til að samþykkja tillögur nefndarinnar 1. júlí og 30. júlí f.á., þó leyfir nefndin sér að leggja til að beiðanda verði leyft að grafa brunninn.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðsson. Lárus H. Bjarnason.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, 3. júní, kom vatnsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist þetta á fundinum:

1. Lagðar voru fram beiðnir frá íbúum í Kaplaskjóli og Austurkoti, um að fá vatnsveitu hei, að húsum sínum. Vegalengdin frá vatnsveituendanum að húsum umsækjenda, er allt að 1000 metrar, og kostnaðurinn við framlenginguna mundi ekki verða minni en 5 -6000 kr., en vatnsskattsauki mundi aðeins nema 40 - 50 kr. Nefndin leggur því til að beiðninni verði synjað, og það því fremur, sem vatnsból er í Kaplaskjóli sem hingað til hefir komið að fullum notum. Felur nefndin bæjarverkfræðingnum að athuga brunn þennan, og láta bæta hann, ef með þarf..-

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Lárus H. Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, mánudaginn 31. dag ágústmánaðar, kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í vatnsnefndinni.

Þetta gjörðist:

1. Erindi frá Einari Benediktssyni , um að leggja vatnsleiðslu að íbúðarhúsi hans "Héðinshöfða" frá Laugaveginum. Verkfræðingur bæjarins, hr. Sigurður Thoroddsen, hafði mælt vegalengdina, og áleit að "leiðslan" mundi kosta c. 2000 kr. Nefndin áleit sjálfsagt að bærinn yrði við beiðninni, þar sem vatnsskatturinn af húsum þeim, er nota vatnið, eða bæri að borga vatnsskatt, mun metinn c. 320 kr. á ári, eða um 16% af lagningarkostnaðinum.- Nefndin gengur út frá því, að 50 m.m. víð æð verði lögð að lóð Magnúsar Magnússonar og Valentýnusar Eyjólfssonar við Fúlutjörn og 32 m.m. víð æð að húsi Einars Benediktssonar þaðan.-

2. Nefndin leggur til, að settur verði vatnsmælir við öll fiskþvottahús og hjá þeim er nota mikið vatn til iðnaðarfyrirtækja, og að fé verði veitt til þess og að kostnaður við það í næstu fjárhagsáætlun.

3. Nefndin ákveður að kaupa vatnsþrýstingsmæli, er sé settur niður á hentugum stað í bænum - til þess að fá fulla vitneskju um vatnsnotkunina.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jóhannes Jóhannesson. Sigurður Thoroddsen. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, miðvikudaginn 10. marz, var haldinn fundur í vatnsnefndinni kl. 5 síðdegis.

Þetta gerðist:

1. Samþykkt að lengja vatnsæðina frá Laugavegi að lóð fiskifélagsins "Defensor" alla leið niður að húsum félagsins og setja þar brunahana.

2. Samþykkt að leita tilboða í vatnsmæla þá, er ákveðið hefir verið að kaupa handa fiskverkunarstöðvunum o. fl., hjá Helga Magnússyni & Co., Gísla Finnssyni og Ólafi Hjaltested.

3. Jón Jónsson, Brunnstíg 9, fer fram á, að hann sé leystur undan vatnsskatti fyrir árin 1913-1914. Nefndin samþykkti að verða við beiðninni, þar sem húsið liggur ekki að götu og engin vatnsæð er lögð í það.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Thoroddsen. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Magnússon.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, þriðjudaginn 26. október, kl. 2 síðdegis, kom vatnsnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist á fundinum:

1. Lagt fram erindi frá búendum við Lágholtsveg, um að vatnsæð verði lögð í veginn nú þegar í haust. Bæjarverkfræðingurinn hefur áætlað, að kostnaðurinn verði 910 kr., ef farið er að Lágholti, en 1235 kr., ef æðin er lögð alla leið að Setbergi. Vatnsskattur mun verða um 70 kr. af þeim húsum, sem þar eru nú. Nefndin leggur til, að vatnsæð verði lögð frá Framnesvegi að Setbergi, og að veitt verði fé til þess á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, enda er ekki hægt að vinna verkið á þessu ári, þar sem ekki fást pípur í bænum.

2. Nefndin leggur til, að fjárveiting til rekstyrskostnaðar og viðhalds ~~æðum~~ vatnsveitunnar verði verði áætlaður næsta ár ekki minna en 1500 kr.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Jón Magnússon.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, þriðjudaginn 5. sept. kl. 12 á hádegi, kom vatnsnefndin nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.-

Þetta var gert:

Lögð fram beiðni um nýjar vatnsæðar:
1. María Gísladóttir, Holtsgötu 12.
2. Arnlaugi Ólafssyni, Akurgerði.
3. Mörtu Strand, Sundlaugaveg.
4. Elíasi Stefánssyni, Rauðarártúni.
5. Ólafi Jónssyni, Laugalandi.
6. Búendur við fyrirhugaða Hringbraut. Nefndin sér sér ekki fært að svo stöddu að leggja til, að þessum beiðnum verði sinnt, en vill hinsvegar, að þær verði teknar á ný til athugunar, þegar næsta fjárhagsáætlun verður samin.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Jón Magnússon.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, þriðjudaginn 30. október kl. ko árdegis, var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Var þá tekið fyrir:

1. Erindi frá Einari Sigurðssyni á Ívarsseli um vatnsleiðslu að húsi hans. Nefndin sér sér ekki fært að sinna þessu fyrri en efni fæst til þess með sæmilegu verði.

2. Erindi frá búendum á Bráðræðisholti um vatnsleiðslu að húsum þeirra. Nefndin sér ekki fært að sinna þessu nú meðan efni er í svo afar háu verði, en álítur rétt að framkvæma þetta verk þegar rör og annað kemst í skaplegt verð.

3. Nefndin leggur til, að vatnsæð verði lögð niður á hafnaruppfyllinguna á næsta ári ef efni fæst og felur bæjarverkfræðingnum að gera áætlun um kostnaðinn á þeirri leiðslu og leggja fyrir fjárhagsnefnd.

4. Nefndin leggur til, að veittar verði 3000 kr. til reksturskostnaðar og viðhalds vatnsveitunnar á næsta ári.

5. Nefndin leggur til, að vatnsskattur af húsum, sem vegna dýrtíðar eru eða verða ~~reist upp til bráðabirgða,~~ virt upp til brunabóta, sé næsta ár miðaður við fyrri brunabótavirðingu.-

6. Nefndin felur bæjarverkfræðingnum, að athuga hvernig haganlegast yrði að koma fyrir vatnshæðamæli í vatnsgeyminum og gera kostnaðaráætlun um það.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristján V. Guðmundsson. Þór Kristjánsson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, þriðjudaginn 22. jan. kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Rætt var um vatnsskortinn í bænum og borgarstjóra falið í samráði við bæjarverkfræðinginn að ráða fram úr erfiðleikunum á þann hátt, er álízt heppilegast og að svo miklu leyti, sem unnt er.

2. Nefndin gaf borgarstjóra heimild til að láta opna nokkra brunahana ef nauðsyn krefur, til þess að almenningur geti sótt vatn í þá.

3. Borgarstjóra falið að fara fram á það við við stjórnarráðið, að það vildi hlutast til um, að útvega leiðslupípur frá Danmörku eða annarsstaðar frá, og er sú ráðstöfun gerð, til þess að eitthvert efni sé fáanlegt íxhúsumxþegarxþiðnar til viðgerðar í húsum þegar þiðnar.

4. Erindi frá Jes Zimsen konsul, þar sem hann fer fram á að fá hækkað flutningsgjald á vatni frá því sem áður hefir verið greitt eða ef það fæst ekki, þá segir hann upp samningum um vatnsflutninginn frá 16. apríl næstkomandi. Nefndin er þeirrar skoðunar, að höfnin eða hafnarnefnd eigi að taka að sér vatnsflutninginn og æskir álits hafnarnefndar um málið, áður en vatnsnefndin gerir frekari tillögur.

Helgi Magnússon mætti á fundinum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristján V. Guðmundsson. Þór. Kristjánsson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, 15. apríl var fundur haldinn í vatnsnefndinni. Jón Þorláksson erlendis.-

Rætt um vatnsskortinn í bænum, sem hefir verið tilfinnanlegur undanfarið, og ekki tekizt að finna verulegan leka á vatnsæðunum, þrátt fyrir ~~ver~~ ítarlegar leitir og rannsóknir.- Bæjarverkfræðingur og Helgi Magnússon járnsmiður komu á fundinn.

Nefndin samþykkti að gera þá ráðstöfun fyrst um sinn, að loka vatnsveitunni kl. 7 að kvöldi og opna aftur kl. 7 að morgni.- Auglýsa skyldi þettað og ~~aðvara=fólk=um~~ jafnframt aðvara fólk um að spara notkun vatns svo sem unnt er.

Helga Magnússyni falið að sjá um lokun og opnun vatnsveitunnar og gera jafnframt mælingar á vatnshæðinni í geyminum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristján V. Guðmundsson. Þór. Kristjánsson. Helgi Magnússon.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, laugardaginn 26. október, var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin leggur til að veittar verði 4500 kr. til reksturskostnaðar og til viðhalds vatnsveitunni 1919.-

2. Lögð fram beiðni frá 4 húseigendum á Bráðræðisholti um vatnsæð. Vegna þess að ekki eru líkur til, að hægt verði að ná í vatsrör fyrst um sinn, getur nefndin ekki lagt til, að beiðninni sé sinnt.

3. Nefndin sér nauðsyn á því að ~~veita~~ setja vatnskrana á hafnarbakkanum, svo menn eigi aðgang að vatni sér til drykkjar. Í því skini vill nefndin leggja til, að á næstu fjárhagsáætlun verði veittar 500 kr.

á fund vantaði Jón Þorláksson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Lárusson, settur.- Kristján V. Guðmundsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, hinn 20. júní, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Beiðni Sigurðar Guðmundssonar, Laugavegi 54, um löggildingu til lagninga á vatnsæðum, hefur bæjarstjórnin vísað til nefndarinnar til afgreiðslu. Nefndin veitir hina umbeðnu löggildingu, með því skilyrði, að lagt verði eftir þeim reglum sem nú eru eða settar verða, og með þeim takmörkum að innlagningamaðurinn má ekki án sérstaks leyfis umsjónarmanns bæjarvatnsveitunnar loka vatnspípum bæjarins eða setja vatnsæðar í samband við götuæðarnar.

2. H/f. Bræðingur sækir um leyfi til að leggja vatnsæð frá vatnsæð bæjarins hjá Hólabrekku og að Þormóðsstöðum, til neyzlu handa fólki og skepnum. Nefndin mælir með því að leyfið verði veitt, með þeim skilyrðum að leyfisbeiðandi leggi til vatnsmælir, en komið verði fyrir , þar sem vatnsæð beiðanda byrjar, og að hann greiði gjald fyrir vatnið, 2 kr. fyrir hverja 100 hektólítra, en þó aldrei minna en 100 kr. á ári. Framkvæmd verksins alls sé bæjarsjóði að kostnaðarlausu, og bæjarverkfræðingi greidd hæfileg þóknun fyrir eftirlit með verkinu.

3. Borgarstjóri lagði fram bréf stjórnarráðsins dags. 10. þ.m. viðvíkjandi vatnsskatti af bifreiðum. Eftir að hafa athugað bréfið, lítur nefndin svo á, sem ekki muni vera tiltækilegt, að koma í framkvæmd ályktun þeirri, er bæjarstjórnin hefir gert um vatnsskatt þennan.

4. Var rætt um vatnsskattinn í bænum. Þykir nefndinni sýnt, að ekki verði stórum lengur komizt af án þess að auka vatnsveituna með lagningu nýrrar pípu frá Gvendarbrunnum til bæjarins, og óskar eftir heimild bæjarstjórnarinnar til þess að láta gera áætlun um lagningu slíkrar pípu, og um aðrar nauðsynlegar endurbætur á vatnsveitunni.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Kristján V. Guðmundsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 30. júní, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fund vantaði Þórð Bjarnason, sem er ekki í bænum.

1. Lagt fram bréf frá íbúum við Bergþórugötu, um vatnsæð í götuna. Ákveðið hefur verið að leggja vatnsæðina, og verður byrjað á því um miðjan júlímánuð.

2. Lögð fram lögregluskýrsla um vatnsnotkun á Kirkjusandi.

3. Jón Þorláksson gaf skýrslu um rannsóknir á vatnsveitunni. Samkvæmt þeim flytur utanbæjarleiðslan eins mikið vatn til vatnsgeymisins á Rauðarárholti, og henni er ætlað, þegar loft er ekki í leiðslunni. Nú er lofti hleypt úr leiðslunni á hverjum sunnudegi, en ekki þykir tiltækilegt að loka vatnsleiðslunni svo lengi, sem þyrfti til þess á virkum dögum. Síðustu daga hverrar viku er loftið orðið rennslinu mjög til tálmunar. Þá hefir verið rannsakað, hve mikið vatn gengi til þurðar úr vatnsgeyminum til bæjarins að nætur þeli, og kom í ljós, að frá kl. 1 til kl. 4 að nóttu, eyðist sem svarar 27-28 lítrar á sekúndu, en það samsvarar hér um bil 3/4 af vatnsmagni því, sem utanbæjarleiðslan flytur, ef hún er í lagi. Loks hefir verið rannsakað hvernig þetta vatnsrennsli skiptist á bæjarhlutana og virðist það vera jafndreift um allann bæjinn, frá Barónsstíg og vestur úr, en fyrir austan Barónsstíg eyddist ekkert vatn þá nóttina, sem sá bæjarhluti var ~~mældur~~ prófaður. Af því að næturrennslið er jafndreift um allan bæjinn virðist líklegra að það stafi frá húsæðum en frá mörgum smálekum á götuæðunum.
Nefndin leggur til:
a. Að keyptir verði 20 sjálfverkandi tvöfaldir lofthanar til að setja á vatnsæðina frá Gvendarbrunnum niður að Elliðaám, og verði jafnframtsett 6 þuml. standrör á pípurnar rétt við Gvendarbrunna.
b. Að settur verði sjálfverkandi vatnshæðarvísir í vatnsgeyminum á Rauðarárholti.
c. Að reynt verði enn að nýju, hvort vatnsrennslið í bæjinn muni vera svo mikið, sem að framan segir, og séu með aðvaraðir með auglýsingu fyrirfram um það, að loka vatnskrönum sínum og láta gera við bilanir á húsæðum sínum. Reynist þá enn að vera næturrennsli svo um muni verður gerð skoðun á öllum húsæðum í bænum.
d. Að sett verði reglugerð um notkun vatns og húsæðalagningar, og mun nefndin leggja frumvarp til slíkrar reglugerðar fyrir bæjarstjórnina að afloknu verki því, er ræðir um í c. lið.
e. Að fengnir verði tveir vatnsmælar til þess að setja á vatnsæðar til fiskþvottastöðva að reynzla fáist um það, hvort tiltækilegt þyki að láta fiskþvottahúsum í té vatn eftir mæli úr vatnsveitunni framvegis.
Kostnaðaráætlun um sérstaka vatnsæð frá vatnsgeyminum í Rauðarárholti að Njálsgötu verður lögð fram innan skamms.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 10. nóv. hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Borgarstjóri lagði fram yfirlit yfir reikninga vatnsveitunnar frá upphafi og til ársloka 1919, er hann hefur dregið út úr bæjarsjóðsreikningunum. Samkvæmt því á vatnsveitan innistandandi í bæjarsjóði í árslok 1919, h. u. b. 110.000 kr., en af skuldum bæjarsjóðs hvíla kr. 347.232.66 á vatnsveitunni. Tölur þessar eru ef til vill ekki alveg nákvæmar, því að vafi er enn um einstöku upphæðir í reikningunum.

Nefndin leggur til:

1. að frá 1. jan. 1920 verði fjárhagur vatnsveitunnar aðgreindur frá fjárhag bæjarsjóðs.-
2. Að bæjarsjóður greiði vatnsveitusjóði skuld sína með 6 1/4% skuldabréfum er afborgist með útdrætti á 20 árum.
3. Að starfsmenn bæjarsjóðs annist reikningshald, innheimtu og fjárreiður vatnsveitunnar og greiðist fyrir það borgun í bæjarsjóð, sem fyrst um sinn fyrir árin 1920 og 1921 reiknist 5% af tekjum vatnsveitunnar, af vatnsskatti og vatnssölu.

2. Nefndin gerir svofelldar tillögur um tekjur og gjöld vatnsveitunnar 1921:

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Vatnsskattur | kr. 60.000.- |
| Vatnssala til skipa | - 12.000.- |
| Vextir af skuld bæjarsjóðs | - 6.000.- |
| Samtals | kr. 78.000.- |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Afborgun lána | kr. 6.100.- |
| Vextir | - 15.600.- |
| Reikningshald | - 3.600.- |
| Reksturskostnaður og viðhald | - 25.000.- |
| Aukning | - 26.000.- |
| Tekjuafgangur | - 1.700.- |
| Samtals | kr. 78.000.- |

Liðinn reksturskostnað og viðhald sundurliðar nefndin þannig:

| | |
|---|---|
| Venjuleg starfræksla og viðhald | 10 þúsund krónur |
| Vatnshæðarvísir, vatnsmælar, lofthanar | 10 þús. krónur |
| Skoðun húsæða | 5 þús. krónur. |
| Alls | 25.000.oo |

Til aukninga leggur nefndin til að varið sé:

| | |
|---|---|
| Til vatnsæðar að Suðurpól | kr. 20.000.oo |
| Til nýrra brunahana | - 6.000.oo |
| Samtals | kr. 26.000..oo |

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, hinn 5. nóvember, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Var rætt um undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Málinu varð ekki lokið og frestað, og frestað til næsta fundar.

Bæjarverkfræðingur var á fundi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, hinn 7. nóvember hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra:

1. Var samþykkt tillaga um fjárhagsáætlun vatnsveitunnar sem hér segir:

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Vatnsskattur | kr. | 80.000.- |
| Vatnssala til skipa | - | 12.000.- |
| Vextir af skuld bæjarsjóðs | -b | 7.500.- |
| Samtals | kr. | 99.500.- |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Afborganir lána | kr. | 6.500.- | |
| Vextir | - | 18.200.- | (15.200.-) |
| Reikningshald 5% af 92000 kr. | - | 4.600.- | |
| Reksturskostnaður og viðhald | - | 25.000.- | |
| Vatnsmælar | - | 8.000.- | |
| Aukning | - | 8.000.- | |
| Tekjuafgangur til afnota | - | 32.200.- | |
| Samtals | kr. | 99.500.- | |

Um liðinn reksturskostnaður og viðhald athugast, að nefndin væntir þess að slökkviliðið geti tekið að sér opnun og lokun vatnshananna í bænum, með þeim starfskröftum, sem það nú hefir á að skipa, gegn hætilegri þóknun, sem greiðist af þessum lið, og stingur nefndin upp á að sú þóknun verði ákveðin 2400 kr. fyrir næsta ár. Ennfremur er áætlað að af þessum lið greiðist kostnaður við skoðun vatnsæða og uppsetningu vatnshæðarmælis, sem ráðgert var á yfirstandandi ári, en hefur ekki komizt í framkvæmd. Vatnsmæla er áætlað að kaupa handa fiskþvottastöðvunum og nokkrum öðrum, sem brúka mikið vatn til iðnaðar, en notendur kosti sjálfir uppsetningu mælanna.

Aukning er ráðgerð einungis niður á nýja hafnarbakkann.

2. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að semja og leggja fyrir nefndina:

a. Frumvarp til breytingaá vatnsskattsskránni, einkum að því er snertir gjald fyrir vatn eftir mæli.
b. Frv. til reglugerðar um notkun vatns, meðferð á vatnsæðum o.s.frv.

Fleira var ekki gert.

Bæjarverkfæðingur var á fundi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, hinn 13. júlí, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögð var fram bráðabirgða áætlun um nýja vatnsæð frá Gvendarbrunnum til Reykjavíkur. Bæjarverkfræðingurinn hefir samið áætlun þessa og hefir hann komið fram með 3 tillögur um lagninguna. Gert er ráð fyrir að hin nýja vatnsæð flytji 2500 m3 og gömlu vatnsæðinni er ætlað að flytja 3000 m3. Sem stendur flytur gamla vatnsæðin aðeins 2500 m3.

Nefndin hallast helzt að tillögu nr. 2, og mælir með að verkið verði gert í samræmi við þá tillögu. Kostnaður er áætlaður: Með járnpípum kr. 505.000.oo. Með trépípum kr. 442.000.oo.

Nefndin álítur, að ekki verði hjá því komizt að hefja framkvæmdir á verki þessu þegar í stað og leggur til að bæjarstjórnin ákveði að láta gera fullnaðaráætlun um verkið og fela borgarstjóra að leitast fyrir um allt að 500 þús. kr. láni í því augnamiði.

Fleira var ekki gert. Bæjarverkfræðingurinn var á fundinum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson. H. Klitgaard-Möller.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 18. september, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Auk nefndarmannanna mættu á fundinum bæjarverkfræðingurinn og verkfræðingur Jón Þorláksson, sem sérstaklega hafði verið boðinn að koma á fundinn.

Skýrði Jón Þorláksson frá því að borgarstjóri hefði lauslega minnst á við sig, hvort hann mundi geta orðið bænum til aðstoðar við væntanlega bygging vatnsveitunnar og kvaðst hann því aðeins geta skipt sér af og borið ábyrgð á verkinu, að honum væri falið að gera fullnaðaráætlun þá, um verkið, sem nú liggur fyrir að gerð verði. Gat hann þess að aðstoð sín mundi kosta kr. 12.500.-, miðað við að vatnsveitan kostaði 500 þús. krónur, og er þar talin öll umsjón verksins.

Bjarverkfræðingurinn lét þess getið, að ef til vill mætti fá drykkjarvatn úr Elliðaánum, er gerði óþarfa leiðslu frá Gvendarbrunnum niður að ánum. Mundi það spara frá 130 - 150 þús. krónur á kostnaðaráætlun þeirri, sem lauslega hefir gerð verið (nr. 1 og nr. 2).

Frestað að leggja neinar ákveðnar ákveðnar tillögur fyrir bæjarstjórnina þar til bæjarverkfræðingurinn hefir fengið verðlag á vatnsleiðslupípum, og er búizt við því í þessum mánuði.

Fleira ekki gert.

Fundi slotið.

Sig. Jónsson. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson. H. Klitgaard-Nielsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, 31. október, var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Auk nefndarinnar var bæjarverkfræðingurinn á fundinum.

Settur borgarstjóri skýrði frá því, að lán til vatnsveitunnar væri fengið, danskar kr. 500.000.oo, í "Bikuben" í Kaupmannahöfn, fyrir milligöngu dr. P. Beyer, og að stjórnarráðið hafi lofað ábyrgð sinni með þeim skilyrðum, að það hefði umráð yfir hinum erlenda gjaldeyri, sem með láninu fengist, og að það fengi bakábyrgð í vatnsveitunni.- Lánssamningum mun samt ekki að fullu lokið ennþá.

Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá, að undanfarið hefði verið unnið að rannsókn svæðis þess, sem vatnsleiðslan verður lögð um, og ýmsar mælingar. Mun því verða lokið næstu daga. Ákveðið var að láta rannsaka hversu mikið vatnsmagn væri í Gvendarbrunnum.

Vísað hafí verið til nefndarinnar áskorun frá verkamannafélaginu Dagsbrún um að hefja nú þegar verk við vatnsveituna.- Nefndin getur ekki að svo stöddu látið byrja áð st rfa að þessu fyrr en fullnaðarákvörðun hefir verið tekið af bæjarstjórn um fyrirkomulagið ogframkvæmdir á vatnsveitunni. Annars mælir nefndin með því, að strax og slík ákvörðun hefir verið tekin, verði byrjað að vinna að þeim hluta verksins, sem tækt þykir að vinna í vetur.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Björn Ólafsson. Þórður Bjarnason.
H. Klitgaard-Nielsen.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, 15. nóvember, var fundur haldinn í vatnsnefndinni í skrifstofu borgarstjóra. Bæjarverkfræðingurinn var viðstaddur.

Rætt var um tvær tillögur, sem bæjarverkfræðingurinn lagði fram um tilhögun og kostnað á vatnsveitunni, en vegna þess að nefndinni þótti þetta ekki nógu vel undirbúið til þess að leggjast fyrir bæjarstjórnina, var ákveðið að bæjarverkfræðingurinn kæmi meðfullnaðaráætlun og tillögur til þess að leggjast fyrir aukafund bæjarstjórnarinnar í næstu viku.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður bjarnason. Björn Ólafsson. H.Klitgaard-Nielsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, 20. nóvember, var fundur haldinn í vatnsnefndinni í skrifstofu borgarstjóra. Bæjarverkfræðingurinn var viðstaddur.

Lagðar fram tillögur frá bæjarverkfræðingi um lagningu vatnsleiðslunnar og kostnaðaráætlun um hverja tillögu .

Tillaga:Ia: Leiðsla með járnpípum eingöngu. Einföld leiðsla frá Gvendarbrunnum að Elliðaám og tvöföld leiðsla þaðan til bæjarins. Flytur um 9000 kúbikmetra á sólarhring. Áætlað verð kr. 560.000.

Tillaga 1 c.: Leiðsla með tré og járnpípum frá Gvendarbrunnum að Elliðaám. Tvöföld leiðsla þaðan með járnpípum. Flytur um 9000 teningsmetra.- Áætlað verð kr. 538.000.- Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að pípur þær, sem nú liggja frá Gvendarbrunnum að ánum, verði teknar upp og lagðar frá ánum til bæjarins.

Tillaga II a. Tvöföld leiðsla með járnpí pum alla leið. Gamla leiðslan látin óhögguð að mestu leyti. Flytja um 6850 teningsmetra.- Áætlað verð kr. 533.000.-

Kostnaðaráætlunum þessum fylgdi nákvæmt yfirlit og athuganir þar að lútandi frá bæjarverkfræðingnum.

Ákveðið að láta þýða tillögurnar og áætlanirnar, og fá síðan prentað.

Tillögur um áætlun á tekjum og gjöldum vatnsveitunnar 1923.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Vatnsskattur | kr. | 85000 |
| Vatnssala til skipa | - | 15000.- |
| Vextir af inneign og skuldabréfum | = kr | 8000.- |
| | Kr. | 108000.- |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir af lánum | kr. | 6700.- |
| Vextir | - | 15000.- |
| Gengismunur | - | 5000.- |
| Innheimta og reikningshald | - | 5000.- |
| Reksturskostnaður | - | 15000.- |
| Aukning vatnsveitunnar í bænum | - | 35000.- |
| Tekjuafgangur | - | 26300.- |
| | kr. | 108000.- |

Ætlazt er til að lagðar verði nýjar vatnsæðar í Garðastræti, Öldugötu, Bárugötu og Njarðargötu að einhverju leyti..

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson. H. Klitgaard-Nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, 24. nóvember, var fundur haldinn í vatnsnefndinni í skrifstofu borgarstjóra.- Þórður Bjarnason boðaði forföll (var veikur). Bæjarverkfræðingurinn var á fundi.

Rætt var um tillögur bæjarverkfræðingsins um lagningu vatnsveitunnar, og leggur nefndin til að farið verði eftir tillögu I. Eftir uppástungu borgarstjóra hafði bæjarverkfræðingur gert áætlun um breytingu á stefnu leiðslunnar næst bænum, og telur hann að með þeirri breytingu megi spara um 10 þús. krónur, og telur nefndin rétt að eftir því sé farið. Með þessari breytingu á tillögu I er áætlað að kostnaðurinn verði samtals 528 þús. krónur. Auk þeirra smábreytinga, sem gera þarf á innanbæjarleiðslunum í sambandi við nýju leiðsluna. Nefndin hefir athugað Kostnaðaráætlunina eftir föndum og vill Láta þess getið að henni þykir ekki ólíklegt að kostnaðurinn muni fara nokkuð fram úr áætlun, en þykist þó fullviss um það, að lánsféð ásamt fé vatnsveitunnar hjá bæjarsjóði muni hrökkva til fyrir öllum kostnaðinum.

Nefndin vill ekki að svo stöddu ~~um~~ gera tillögu um hvaða tegundir af pípum verði notaðar, þar til komin eru fram tilboð um þær píputegundir, sem gert er ráð fyrir að nota megi.

Nefndin leggur til að bæjarstjórnin feli henni frekari undirbúning og framkvæmd verksins.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björm Ólafsson. H. Klitgaard-Nielsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922, 9. desember kl. 10-1, var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Rætt var um að fela þegar í stað hæfum manni að gera fullnaðaráætlun um vatnsveituna, undirbúning útboða o.fl., því að komið hefir í ljós, að áætlun bæjarverkfræðingsins er ófullkomin, og í ýmsum atriðum óábyggileg. Frestað ákvörðun til fundar síðar um daginn, kl. 3.

Fundur var aftur haldinn kl. 3 og kom fjárhagsnefndin á fundinn.

Fjárhagsnefnd var vatnsnefndinni sammála um það, að nauðsynlegt væri að ráða mann nú þegar, til þess að hafa á hendi undirbúning og umsjón vatnsveitunnar. Var borgarstjóra falið að gera samning við Jón Þorláksson verkfræðing um þetta.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson. Jón Ólafsson. Þórður Sveinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922, 30. desember var fundur haldinn í vatnsnefndinni í skrifstofu ~~borgarstjóra~~ Jón Þorlákssonar verkfræðings.

Rætt var um nokkur atriði um tilhögun vatnsveitunnar innanbæjar, og gat Jón Þorláksson þess, að hann mundi senda nefndinni bráðabirgðaáætlun þar að lútandi mjög bráðlega.

Nefndin óskaði þess að fá sem fyrst sundurliðaða skrá yfir pípur, sem þarf í Njarðargötu og Bárugötu, með því að reumzt hefir að stærð þeirra pípna, sem fengnar hafa verið, er ekki fullnægjandi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Jón Þorláksson. Björn ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, 21. janúar var fundur haldinn í vatnsnefndinni í skrifstofu borgarstjóra.

Lögð var fram sundurliðuð skrá frá Jóni Þorlákssyni verkfr. um steypujárnspípur og tengistykki í Bárugötu og hluta af Njarðargötu. Þar sem nauðsynlegt er, til þess að halda áfram vinnu í þessum götum, að fá pípurnar hið allra fyrsta, var ákveðið að leita tilboða um þær strax hjá firmum hér í bænum..

Þórður Bjarnason var ekki á fundi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, 6. febrúar var fundur haldinn í varnsnefndinni í skrifstofu borgarstjóra. Jón Þorláksson verkfræðingur var viðstaddur.

Lagt var fram: "Frumdrættir að aukningu Vatnsveitu Reykjavíkur 1923", er Jón Þorláksson hafði gert. Í áætlun þessari er gert ráð fyrir að járnpípur verði notaðar eingöngu á efri hluta leiðslunnar, en ekki trépípur, sökum þess að frágangssök var talin að bota trépípur, eins og tilhagar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að leiðslan flytji álíka mikið vatn óg áætlun bæjarverkfræðingsins gerði ráð fyrir.

Kostnaðurinn er áætlaður sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Innanbæjarveitan | | kr. 104000.oo |
| Utanbæjarveitan | | - 590000.oo |
| | Samtals | kr. 694000.oo. |

Lagðir voru fram útboðsskilmálar um pípur og formstykki. Ákveðið var að gera útboðið nú þegar, og var Jóni Þorlákssyni falið að annast framkvæmdir þar að lútandi.

Þess skal getið að frumdrættirnir gera ráð fyrir skyptri rennu á 1600 metra kafla næst Gvendarbrunnum og eru því ekki boðnar út pípur fyrir þann kafla leiðslunnar.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Björn Ólafsson. Þórður Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, 23. febrúar, var fundur haldinn í vatnsnefnd -inni í skrifstofu borgarstjóra.

Af tilboðum um pípur og tengistykki í Bárugötu og Njarðargötu, hafði aðeins komið fram eitt tilboð, frá Nathan & Olsen.- Önnur ~~tilbo~~ firmu, sem tilboð ætluðu að gera, gátu ekki haft þau tilbúin í tækan tíma, og var því ákveðið, eins og sakir stóðu, að framlengja tilboðsfrestinn til 3. marz kl. 4.

Lagt var fram bréf frá Klitgaard-Nielsen um tilboð á síunartækjum við Elliðaárnar. Jóni Þorlákssyni verkfræðing falið að athuga þetta.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Björn Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, hinn 3. marz kl. 4, er opna skyldi tilboð þau, er getur um í fundargjörð vatnsnefndar 23. febr. 1923, var enginn bjóðandi mættur og enginn nefndarmaður utan borgarstjóri. Voru tilboðin því látin óopnuð og boðað til fundar aftur í nefndinni þriðjudag 6. marz kl. 4.

K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, hinn 5. marz kl. 4 var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra til að opna tilboð þau er getur um í fundargerð 23. febr. og 3. þ.m.

Fyrir lágu 4 tilboð.

1. Frá firmanu Nathan & Olsen, er býður 260 hlaupandi metra 175 m/m. múffurör þýsk "normale" á d. kr. 8.61 pr. meter. 240 hlaupandi metra, 125 m/m. múffurör á d. kr.5.78 pr. metri.
Normale muffe-fittings á d. kr. o/28 pr. kíló
Flangse-fittings - - - o/36 - -
Allt fob Kaupmannahöfn, afgreiðsla eftir c. 2 mán.
Greiðsla nettó kontant í dönskum krónum áður en vörurnar fara um borð. Tilboðið bundið þeim fyrirvara að flutningsgjöld ~~verði~~ með þýzkum járnbrautum breytist ekki til neinna muna áður vörurnar verða afgreiddar.

2. Hallgrímur Benediktsson & Co. býður 7 þuml. og 5 þuml. pípur þýzkar "normale".- Múffurör pr. 1000 kíló, d. kr. 224.oo fob. Kaupmannahöfn. Fittings - 1000 - á - - 382.- fob Kaupmannahöfn.- Afhendingartími 3 vikur og auk þess er tilboðið bundið ~~þeim skilyrðum~~ venjulegum skilyrðum "force majenre".

3. H. Klitgård-Nielsen býður:
For rörene danske kr. 215.00 pr. ton.
- forbindelsesstykker kr. 365.oo pr. ton - eller samlet efter efter specificationc (210+240 m. rör og 37 stk. forbindelsesstykker net. vægt 20 ton) d. kr. 4500.- fob. Köbenhavn.- Leveringstid fra Köbenhavn 3 uger efter ordrens modtagelse. - Betalingsvilkår pr. kontant.

4. Helgi Magnússon & Co. býður:
7" syeyptar múffupípur 11 sh. 7d. pr. cwt.
5" - - 1o - 6- - -
Samtengingarstykki, allar stærðir 26 sh. pr. cwt. Verðið er fyrir pípurnar fob. Leith. Afgreiðsla 1o dagar eftir að verksmiðjan hefir móttekið pöntun.

Tilboðið frá Nathan & Olsen er ódýrast og ákveður því nefndin að taka því.

Björn Ólafsson mætti ekki á fundinum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, 28. marz, var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra, til þess að opna tilboð þau er komið höfðu um pípur og efni til vatnsveitunnar.

Borgarstjóri gat þess að tilboðin væru opnuð 4 dögum síðar en gert var ráð fyrir, sökum þess að Botnia varð á eftir áætlun.

Þessi tilboð komu:

1. The Scottish Tube Co. Ltd. Glasskow, dags. 14/3.
2. Nyeboe & Nissen Köbenhavn - 8/3
3. A. Buchardt, Köbenhavn - 13/3
4. Bang & Pingel - - 12/3
5. Edwards Rasmussn, Köbenhavn - 12/3
6. Brödrene Dahl - - 15/3
7. Sophus Berendsen - - 15/3
8. Halldór Guðmundsson & Co. f/h. A/S Norzk Trærör Kompami, Krist. 28/2
9. Guss. Armaturwerk Kaisclunterrn - 8/3
10. The. Stanton Ironworks Co. Ltd. Nothingham 8/3
11. H. Klitgaard- Nielsen, Rvík og Einarsson & Funk dags. 27/3
12. sömu f.h. Halberger hütte A/G Brebach - 3/3
13. Paul Smith f.h. A/G Ferrum Beræín - 8/3
14. Paul Smith f.h. Skand. Trærör A/S Kristiania - 6/3
15. J.E.+Spencer Ltd. London - 7/3
16. Einar Juel f.h. Thópsen & Co. Mulheim - 9/3
17. Mangano A/S Köbenhavn - 10/3

Jóni Þorlákssyni verkfræðing falið að athuga tilboðin.- Næsti fundur ákveðinn 31. marz.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn ~~Þorláksson.~~ Ólafsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1923, 31. marz, hélt vatnsnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Til umræðu voru tilboðin um pípur til vatnsveitunnar. Jón Þorláksson verkfræðingur lagði fram skýrslu um tilboðin og lagði hann til að gengið yrði að tilboði um steypujárnspípur frá Stanton Ironworks Company Ltd. fyrir allar stærðir undir 400 m/m. og þeir beðnir að framlengja tilboð sitt um 400 m/m. og 450 m/m til 15. apríl, og sé sá tími notaður til þess að rannsaka trépípur í þeirra stað. Nefndin ákveður að síma firmanu fyrirspurn um þessa framlengingu áður en frekari ákvarðanir eru teknar.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn Ólafsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, 5. apríl, hélt vatnsnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Var ákveðið að ganga að tilboði The Stanton Ironworks Company Ltd. fyrir allar pípur og samtengingarstykki minni en 400 m/m. og 400 metra af 400 m/m pípum og 400 m/m tengistykki, eftir því sem nánar verður ákveðið af verkfræðingnum næstu daga.- Óskað er eftir 250 og 300 m/m pípum með -de Lavand "Spun" aðferð, ef þær geta orðið tilbúnar til afskipunar með S/S Lagarfossi 3. maí.- Útboð hefir verið gert á trépípum, og því frestað að gera kaup á 400 m/m og 450 m/m pípum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, 16. apríl hélt vatnsnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.-

Lögð voru fram tvö tilboð um trépípur samkv. útboði 31/3.
1. Frá Paul Smith dags. 13. apríl
2. Halld. Guðmundss. & Co. dags. 13. apríl.

Tilboð P. Smith var lægra, kr. 173.930.- fyrir pípurnar uppsettar í skurði.

Ákveðið að taka tilboði P. Smith, ef samkomulag næst um samning sem gera þarf. Jóni Þorlákssyni falið að útbúa samninginn. Endanleg ákvörðun verður samt ekki tekin fyrr en samningur hefir gerður verið og fengið samþykki bæjarstjórnar til þess að nota trépípur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, 16. apríl hélt vatnsnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.-

Lögð voru fram tvö tilboð um trépípur samkv. útboði 31/3.
1. Frá Paul Smith dags. 13. apríl
2. Halld. Guðmundss. & Co. dags. 13. apríl.

Tilboð P. Smith var lægra, kr. 173.930.- fyrir pípurnar uppsettar í skurði.

Ákveðið að taka tilboði P. Smith, ef samkomulag næst um samning sem gera þarf. Jóni Þorlákssyni falið að útbúa samninginn. Endanleg ákvörðun verður samt ekki tekin fyrr en samningur hefir gerður verið og fengið samþykki bæjarstjórnar til þess að nota trépípur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. apríl 1923 hélt vatnsnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Jón Þorláksson lagði fram uppkast að samningi við hr. P. Smith, og Jens Eyjólfsson um sölu og lagningu trépípna, samkvæmt áður gerðu tilboði.
Samþykkt var að taka tilboðinu, og að því er greiðsluskilmála snertir, þá áskilur nefndin, að greiðsla fari fram gegn farmskírteini í Noregi eða að trygging sé sett gegn 1/3 andvirðis ef sú fjárhæð er greidd fyrirfram, ísl. kr. 17600.oo. Járnbönd sé galvaniseruð gegn aukaborgun.
Verkstjóri er ráðinn Jóhann Ólafsson, smiður, til ýmsra þeirra verka sem framkvæmd verða fyrir reikning vatnsveitunnar og ekki verða boðin út.-

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

- 106 -

Ár 1923, hinn 26. apríl, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.- Björn Ólafsson var fjærverandi úr bænum.

Framlagt bréf frá verkfræðingi Paul Smith, þar sem hann tilkynnir að hann vilji ganga að borgunarskilmálum þeim er nefndin setti á síðasta fundi, að opnaður sé remburs fyrir 2/3 af umsaminni upphæð, en þá hækki hún jafnframt um kr. 7540.- = Stafi þessi hækkun af því að efni hefir til muna hækkað frá því hann gerði tilboðið.

Tilboð þetta er samt lægra en hitt tilboðið, sem fram hafði komið, enda óvíst að við það verði staðið nú.- Verkfræðingur Jón Þorláksson upplýsir að tilboð Paul Smith fullnægi að öllu þeim kröfum, sem gerðar eru í útboðsskilmálunum og ræður til að því verði tekið. Nefndin ákveður því að samþykkja tilboðið eins og það nú liggur fyrir og felur borgarstjóra að fullgera samninginn.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. apríl 1923, hélt vatnsnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Lagðir voru fram útboðsskilmálar um vinnu við gröft neðan við Elliðaár, og voru þeir samþykktir. Ákveðið var að bjóða út vinnu í smáhlutum eftir því sem hentugast þykir. Eftirlitsmanni og borgarstjóra falið að sjá um útboðið.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn Ólafsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, miðvikudaginn 9. maí, kl. 5 síðdegis voru á skrifstofu borgarstjóra opnuð tilboð þau, sem komið höfðu í gröft fyrir pípum frá Tungu að Elliðaánum - 6443 metrar - . 6 tilboð höfðu komið og voru þau afgreidd til verkfræðings Jóns Þorlákssonar til umsagnar.

K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíku

Laugardaginn 12. maí 1929, var fundur haldinn í vatnsnefndinni í skrifstofu borgarstjóra.

Jón Þorláksson lagði fram tilboð þau, sem komið höfðu um jarðvinnu fyrir vatnsæðina milli Reykjavíkur og Elliðaánna skv. útboði dags. 2. þ.m. Tilboðin eru þessi :

| | | |
|---|---|---|
| 1. Kristinn Sigurðsson + Val. Eyjólfsson | Kr. | 47.000.- |
| 2. Páll Jónsson + Erl. Jónsson | - | 42.400.- |
| 3. Sig. Jónsson + Hafliði Sæmundsson | - | 41.805.- |
| 4. Sigurður Jónsson, Grettisgötu 20 | - | 40.700.- |
| 5. Verkamannafélagið Dagsbrún | - | 38.000.- |
| 6. Jón B. Valfells + Tómas Hallgrímsson | - | 29.900.- |

Samþykkt að taka lægsta tilboðinu gegn tryggingu þeirri, sem áskilin er í útboðsskilmálunum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn Ólafsson. Jón Þorláksson. Þórður Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíku

Miðvikudaginn 23. maí 1923, voru á skrifstofu borgarstjóra opnuð tilboð þau, sem borizt höfðu í flutning á efni(o.s.frv.) o. fl. til vatnsveitunnar.- / tilboð höfðu komið:

1. Frá Hafliða Sæmundssyni, Kárastíg 2:
   Flutningur kr. 18.300.-
   Vegagerð - 6.000.-
2. Frá Sigurði Jónssyni Óðinsgötu 17 og Magnúsi Jónssyni:
   Flutningur kr. 18.800.-
   Vegagerð - 6.000.-
3. Frá Gísla Gíslasyni, Skólavörðustíg 12:
   Flutningur kr. 18.800.-
   Vegagerð - 8.000.-

K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíku

Laugardaginn 26. maí var haldinn fundur í vatnsnefndinni í skrifstofu borgarstjóra út af tilboðum, sem borizt höfðu um flutning á efni til vatnsveitunnar.

Samþykkt var að hafna öllum tilboðunum, en Jóni Þorlákssyni falið að gera samning við lægstbjóðandann Haflliða Sæmundsson, um flutninginn, fyrir kr.15.800.- og vegabæturnar fyrir kr.6000, en bærinn leggi til timbur og saum í brýr, sem nauðsynlegar kunna að verða, vegna flutninganna, enda séu brýrnar bæjarins eign.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn Ólafsson. Jón Þorláksson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíku

Ár 1923, föstudaginn 1. júní kl. 5 síðdegis voru opnuð tilboð í blý og hamp og í samsetningu pípna.

Þessir sendu tilboð um sölu á blýi og hampi:

O. Johnson & Kaaber
Nathan & Olsen
H. Benediktsson & Co.
Helgi Magnússon & Co.

Tilboð í samsetningu pípna kom aðeins eitt, frá Chr. ~~Smith~~ Schmidt, er býður að vinna verkið fyrir kr. 11.232.oo.
Tilboðin afgreidd til verkfræðings Jóns Þorlákssonar.

K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 2. júní kl. 11½ hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Samþykkt að ganga að tilboði Chr. Smidt um lagningu steypujárnspípna fyrir kr. 11.232.oo, að því tilskildu að hann setji tryggingu samkvæmt útboðsskilmálunum.

2. Samþykkt að ganga að tilboði Nathan & Olsen, i, kaup á 7 tonnum af blýi fyrir 92 aura pr. kg. afhent í pakkhús hér, og á 1200 kr. af hampi, fyrir kr. 105 pr. kg.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, þriðjudaginn 17. júlí, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Borgarstjóri skýrði frá, að sér hefði borizt margar umkvartanir yfir misrétti því er menn yrðu fyrir við greiðslu vatnsskattsins, því fjöldi af nýbyggðum húsum fengi lítið og ónógt vatn, en greiddu þó hærri vatnsskatt, en rétt væri í hlutfalli við aðra bæjarbúa, þar sem virðingarverð þeirra húsa væri miklu hærra en á gömlu húsunum. Nefndin féllzt á, að misrétti eigi sér hér stað og nauðsynlegt sé að fá meiri jöfnuð á skattgreiðsluna, en til þess þarf lagabreytingu, sem hægt væri að leggja fyrir næsta Alþingi, en til bráðabirgða leggur nefndin til, að eigendur húsa, sem byggð hafa verið eftir 1. janúar 1917, á svæðinu austan Bergstaðastrætis - sunnan Grettisgötu og vestan Hringbrautar, að meðtöldum húsum beggja vegna við þær götur, borgi aðeins hálfan vatnsskatt fyrir yfirstandandi ár.

Björn Ólafsson, erlendis.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vatnsnefndin hélt fund í skrifstofu borgarstjóra 26. nóvember 1923, kl. 5 síðdegis.

Tillögur um tekjur og gjöld vatnsnefndar 1924:

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Vatnsskattur | kr. | 100.000.oo |
| Vatnssala til skipa | - | 15.000.oo |
| Vextir af eignum + skuldabréfum | - | 500.oo |
| | Kr. | 115.500.oo |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir af lánum | kr. | 23.000.oo |
| Vextir af lánum | - | 38.500.oo |
| Gengismunur | - | 15.000.oo |
| Innheimta + reikningshald | - | 5.000.oo |
| Rekstur skostnaður | - | 10.000.oo |
| Tekjuafgangur | - | 24.000.oo |
| | Kr. | 115.500.oo |

Nefndin ætlast til, að það sem eftir er af fé því, sem veitt var á þessu ári til aukningar vatnsveitunni í bænum, verði yforfært til næsta árs undir sama lið.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Björn Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 15. marz 1924 hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Samkvæmt kosningu bæjarstjórnar 7. febr. skipa nú nefndina: borgarstjóri, Þórður Bjarnason, Hallbjörn Halldórsson.

1. Framlagt bréf Jóns Þorlákssonar, dags. 29. febr., þar sem hann skilar af sér verki sínu og sendir ýms plögg því viðvíkjandi. Vatnsveitan er nú fullgerð að undanskildu ýmsu, er verður að bíða vors. Kostnaður hefir í lok febrúarmánaðar numið, eftir bókuðum reikningum kr. 676.564.50.

2. Framlagðir reikningar fyrir landspjöll og jarðrask, frá eigendum jarða, er vatnsleiðslan liggur um, ásamt áliti verkfræðings um spjöllin:

a. Frá Magnúsi Hjaltested fyrir Vatnsendaland, að upphæð kr. 250.00., Mat verkfr, kr. 250.00.

b. Frá Birni Bjarnarsyni fyrir Grafarholtsland að upphæð kr. 460.00. Mat verkfræðings kr. 170.00.

c. Frá Rauðarárbúinu kr. 200.00. Mat verkfr. kr.130.00.

d. Frá Eggert G. Norðdahl fyrir Hólmsland að upphæð kr. 400.00. Mat verkfr. kr. 280.00.

e. Frá Emil Rolstad fyrir Elliðavatnsland, að upphæð kr. 2500.00.- Mat verkfr. kr. 1200.00, auk hestabeitar.

Nefndin ákveður að borga fyrir landspjöllin samkv. tillögum verkfræðings.

3. Lagt fram bréf frá Eggert G. Norðdahl á Hólmi, er gerir kröfur til að fá borgun fyrir vatn úr Gvendarbrunnum til Vatnsveitu Reykjavíkur, 1 kr. 50 aura á dag, eða 547 kr. 50 aur. á ári. Nefndin sér ekki fært að sinna þeirri kröfu sbr. vatnalög 25. gr.

4. Ákveðið að leggja 2" vatnsæð frá Íþróttavellinum að Haga, gegn því að eigandi Haga greiði kostnað við lagning æðarinnar, en bærinn leggi til pípurnar.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hallbjörn Halldórsson. Þórður Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, þriðjudaginn 28. október kl. 5 síðdegis hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndin gerir svofellda tillögu um tekjur og gjöld vatnsveitunnar 1925:

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Vatnsskattur | kr. | 100.000.oo |
| Vatnssala til skipa | - | 18.000.oo |
| Vextir af inneign og skuldabréfum | | 2.000.oo |
| | Kr. | 120.000.oo. |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir af lánum | kr. | 24.000.oo |
| Vextir | - | 37.500.oo |
| Gengismunur | - | 12.000.oo |
| Innheimta og reikningshald | - | 5.000.oo |
| Reksturskostnaður | - | 15.000.oo |
| Aukning innanbæjar | - | 15.000.oo |
| Tekjuafgangur | - | 11.500.oo |
| | Kr. | 120.000.oo. |

Lagt fram erindi frá Finnboga Þorvaldssyni, L. Andersen og Tómasi Jónssyni um vatnsþrær á Rauðarárholti. Nefndin leggur til að þeim verði leyft að gjöra þrærnar, gegn því að þeir borgi varnsveitunni 50 aura fyrir hvern teningsmetra af is er þeir taka.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Bjarnason. Hallbjörn Halldórsson.
Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, miðvikudaginn 25. febr. kl. 5 síðdegis, hélt vatnsnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra, til að athuga með hvaða kjörum hægt væri að selja Bræðrunum Espholín vatn til fyrirhugaðs frystihússfyrirtækis.- Er áætlað að vatnseyðslan verði c. 70 tonn á dag til ístilbúnings og c. 30 tonn til annars þar með talið kælivatn til kondendators.

Nefndin leggur til að frystihúsfyrirtækinu verði gefinn kostur á að fá það vatn sem fyrirtækið þarfnast til rekstursins að undanskildu kælivatni fyrir 25 aura tonnið, enda þarf þá að leggja stærri vatnsæð í Skúlagötu, sem kostar c. 75 þús. krónur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hakkbjörn Halldórsson. Þórður Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, mánudaginn 2. nóv. kl. 10 árdegis, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndin gjörir svofellda tillögur um tekjur og gjöld vatnsveitunnar 1926.

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur: | | |
| Vatnsskattur | | Kr.115.000.oo |
| Vatnssala til skipa | | - 25.000.oo |
| Vextir af inneign | | - 5.000.oo |
| | | Kr.145.000.oo |
| | | |
| Gjöld: | | |
| Afborgun | | kr. 25.000.oo |
| Vextir | | - 36.500.oo |
| Gengismunur | | - 9.000.oo |
| Innheimta og reikningshald | | - 5.000.oo |
| Reksturskostnaður | | - 19.000.oo |
| Aukning vatnsveitunnar: | | |
| Framlenging Barónsstígs | Kr.8000.- | |
| Æð í Tryggvagötu | - 11000.- | |
| Á Sólvallatúni | - 10000.oo | |
| - Hlíðarhúsatún | - 10000.- | |
| Ýmislegt | - 6000.- | |
| | Kr.45000.- | |
| Sjóðsaukning | - 6500.- | 51500.oo |
| | | Kr.145000.oo |

Lagt fram bréf frá búendum Kaplaskjóls um vatnsæð þangað. Nefndin sér sér ekki flrt að mæla með beiðninni.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hallbjörn Halldórsson. Þórður Bjarnason. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, föstudaginn 12. nóvember var fundur haldinn í vatnsnefndinni hjá borgarstjóra.

Í nefndinni eru nú auk borgarstjóra:

Hallbjörn Halldórsson
Hallgrímur Benediktsson
Jónatan Þorsteinsson
Björn Ólafsson.

Lögð fram skýrsla frá Gísla Guðmundssyni gerlafræðing um gerlarannsóknir í drykkjarvatni bæjarins. Ákveðið að láta halda áfram þessum rannsóknum.

Nefndin gerir svofelldar tillögur um tekjur og gjöld vatnsveitunnar 1927:

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vatnsskattur | kr. | 120.000.oo |
| 2. Vatnssala til skipa | - | 25.000.oo |
| 3. Vextir af inneign | - | 5.000.oo |
| | Kr. | 150.000.oo |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Afborganir | kr. | 28.000.oo |
| 2. Vextir | - | 34.200.oo |
| 3. Gengismunur | - | 15.000.oo |
| 4. Innheimta og reikningshald | - | 5.000.oo |
| 5. Reksturskostnaður | - | 20.000.oo |
| | Kr. | 102.200.oo |
| Aukning vatnsveitunnar | - | 45.000.oo |
| Sjóðsaukning | - | 2.800.oo |
| | Kr. | 150.000.oo |

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn Ólafsson. Hallbjörn Halldórsson. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1927, fimmtudaginn 28. júlí var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Borgarstjóri skýrði frá, að ekki yrði lengur komizt hjá að gjöra aðalvatnsæð þá, sem ráðgerð hefir verið í Skúlagötu.- Lögð var fram áætlun hvað kostaði að leggja nefnda æð frá Rauðarárstíg að Pósthússtræti með sambandsæð við Hverfisgötu um Kalkofnsveg. Er allur kostnaður áætlaður 80.000 krónur.

Nefndin telur rétt að tekin verði nú þegar ákvörðun um framkvæmd verksins og gerð kaup á pípum, svo.vinnan geti orðið framkvæmd í vetur, að svo miklu leyti, sem hægt er.

Vatnsveitan á í sjóði (inneign hjá bæjarsjóði) nægilegt fé til framkvæmda á þessu verki, og leggur nefndin til að bæjarstjórnin samþykki lagningu ofannefndrar æðar.

2. Erindi nokkurra manna um lagningu á vatnsæð suður með Hafnarfjarðarvegi sér nefndin sér ekki fært að sinna.

Á fund vantaði Björn Ólafsson og Jónatan Þorsteinsson, sem eru fjarverandi úr bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hallbjörn Halldórsson. Hallgrímur Benediktsson.
Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1927, mánudaginn 10. október voru opnuð tilboð í steypujárnspípur til Skúlagötu.

Tilboð bárust frá:

1. Jón Þorláksson & Norðmann 1 tilboð.
2. Ísl. Jónssyni 1 tilboð.
3. Helgi Magnússon & Co. 2 tilboð.
4. P. Smith 1 tilboð í stálpípur og 1 tilboð í steyptar .

K. Zimsen. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samanburður á tilboðum þeim í vatnsveitupípur er opnuð voru 1o/1o '27.

1. Jón Þorláksson & Norðmann: 1 tilboð. Allt efni er boðið fob Hamborg, en flutningsgjald frá Hamborg til Reykjavíkur er boðið ísl. kr. 36.oo, pr. 1000 kg. og iðgjald 3/4 %. Sé reiknað með theoretiskri þyngd pípna verður tilboðið þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Pípurnar | 159940 kg. | D. kr. | 25875.5o |
| Tengistykki | 7231.5 kg. | D.kr. | 2009.44 |
| Rennilokur | 1346 | - - | 482.1o |
| | Alls | D.Kr. | 28367.14 |

D.kr. 28367.14 á 1.219 = ísl. kr. 34579.54
Flutningsgjald 168.5173 á 36/- = 6066.62
Iðgjald o.75/1oo (4.64646+1o%) = 335.3o
Alls ísl. kr.40981.46

Í tilboðinu er ekki getið hvaðan pípurnar séu - ganga má út frá að þær séu þýzkar .

2. Ísleifur Jónsson : 1 tilboð.- Verið er gefið cif. Reykjavík í d. kr.

| | | |
|---|---|---|
| Pípurnar | d. kr. | 30673.9o |
| Tengistykki | - - | 2239.54 |
| Rennilokur | - - | 544.5o |
| Alls | D. kr. | 33457.94 á 1.219 |
| | | = ísl. kr. 40785.22. |

Í tilboðinu er ekki getið hvaðan pípurnar séu, en ganga má út frá að þær séu þýzkar.

3. Helgi Magnússon & Co. 2. tilboð.
Tilboð a. er að öllu leiti eins og tilboð Ísleifs Jónssonar.- Þýzkar pípur.
Alls ísl. kr. 4785.22

b. Enskar pípur frá The Stanton Ironworks Company Ltd. Gerð pípnanna er samkvæmt þýzkum reglum.
Þetta tilboð nær aðeins til pípna og tengistykkja og verðið er gefið c.i.f. Reykjavík í enskri mynt. Seu nú rennilokur teknar úr fyrra tilboðinu og reiknað með gengi £ 1.oo.oo = = ísl. kr. 22.15
fæst:

| | | |
|---|---|---|
| Pípur | ísl. kr. | 36881.3o |
| Tengistykki | - - | 2666.25 |
| Rennilokur d.kr.544.5o á 1.219 | - | 663.74 |
| Alls | ísl. kr. | 40211.29 |

4. P. Smith. 1 tilboð.
Tilboðið er í tvennu lagi:
a. Steypujárnsrennilokur. Verðið er gefið R.Mk. cif Bergen.- Með gengi 1R.Mk.= 1o8.62 ísl. kr. fæst=
Rennilokur 1290 kg. ísl. kr. 726.o9.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

b. Dregnar stálpípur frá Röhren-Verband.
C.m,b.k. Duesseldorf. Verðið er gefið í enskri mynt cif. Bergen. Með gengi £ 1.0.0.= ~~22.15=£~~ ísl. kr. 22.15 fæst:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Pípurnar | 105847 kg. | ísl. kr. | 32406.90 |
| Tengistykki | 4724 - | - - | 3584.81 |
| | Samt. | ísl. krónur | 35991.71. |

Rennilokur, pípur og tengistykki
til samans ísl. kr. 36717.80.
Umskipun í Bergen og
fluningskostnaður til Reykjavíkur
ísl. kr. 50.00 pr. 1000 kg. = 111.86+50 = - - 5593.05
Alls ísl. kr. 42310.85

Þess skal getið að ekki hefir verið hægt að fá fast verð frá Bergen og umskipun þar og eru þessar 50 kr./tonn því aðeins áætlunarupphæð.

Ennfremur skal þess getið að í útboðinu var ekki gert ráð fyrir öðru en steypujárnspípum, og hafa því bjóðendur aðrir en P. Smith, ekki gert sér far um að gefa tilboð um dregnar stálpípur.

11/10 -'27.
Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, miðvikudaginn 12. október, var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Fyrir lágu tilboðin um vatnspípur í Skúlagötu, sem opnuð voru 10. þ.m.

Lægsta tilboðið var frá Stanton Iron-Works Comp. Ltd. (sent frá H. Magnússon & Co.) samtals ísl. kr. 40.211.29. Var samþykkt að taka því tilboði.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn Ólafsson. Hallbjörn Halldórsson. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1927, miðvikudaginn 16. október, var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndin gerir svofelldar tillögur um tekjur og gjöld vatnsveitunnar 1928.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vatnsskattur | kr. 135.000.oo |
| 2. | Vatnssala til skipa | - 20.000.oo |
| 3. | Vextir af inneign | - 4.000.oo |
| | | Kr. 159.000.oo |
| 4. | Notað af inneign vatnsveitunnar | 62.000.oo |
| | | Kr. 221.000.oo |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Afborganir | Kr. 29.000.oo |
| 2. | Vextir | - 33.000.oo |
| 3. | Gengismunur | - 14.000.oo |
| 4. | Innheimta + reikningshald | - 5.000.oo |
| 5. | Reksturskostnaður | - 20.000.oo |
| | | Kr. 101.000.oo |
| | Aukning vatnsveitunnar | - 120.000.oo |
| | | Kr. 221.000.oo |

Fundi slitið.

K. Zimsen. Björn Ólafsson. Björn Ólafsson. H. Benediktsson.
Valgeir Björnsson. Hallbjörn Halldórsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1928, 24. október, var fundur haldinn í vatmsnefnd á skrifstofu borgarstjóra:

Nefndina skipa nú auk borgarstjóra:

Guðrún Jónasson, Hallgrímur Benediktsson, Ólafur Friðriksson og Magnús Kjaran:

1. Lagt fram erindi frá Vatnsveitufélagi Skildinganeskauptúns, þar sem fél. fer fram á, að fá að setja 100 m.m. vatnsæð í samband við vatnsveitu kaupstaðarins á vegamótum Njarðargötu og Laufásvegar og leggja vatnsæðina þaðan suður yfir Vatnsmýri að landamerkjum Skildinganess.

Málinu frestað til frekari athugunar.

Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Magnús Kjaran.
Hallgrímur Benediktsson. Valgeir Björnsson. Ólafur Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn hinn 6. nóvember 1928 var fundur haldinn í vatnsnefndinni í skrifstofu borgarstjóra.

1. Tekið fyrir á ný erindi Vatnsveitufélags Skildinganeskauptúns um að setja 100 m/m vatnsæð í samband við vatnsæðina í Njarðargötu, sem einnig er 100 m/m og fullnægir ekki vatnsþörfinni við Laufásveg. Vatnsnefndin sér·sér ekki fært að verða við beiðni þessari.

2. Tekið fyrir erindi frá búendum í Sogamýri, um að settir verði brunahanar nálægt býlum þeirra. Erindinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

3. Nefndin gerir svofelldae tillögur um tekjur og gjöld vatnsveitunnar árið 1929.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vatnsskattur | Kr. | 140.000.00 |
| 2. Vatnssala til skipa | - | 20.000.00 |
| 3. Vextir af inneign | - | 3.000.00 |
| 4. Notað af inneign vatnsveitunnar | - | 25.000.00 |
| | Kr. | 188.000.00. |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Afborganir | Kr. | 30.000.00 |
| 2. Vextir | - | 32.000.00 |
| 3. Gengismunur | - | 14.000.00 |
| 4. Innheimta og reikningshald | - | 5.000.00 |
| 5. Reksturskostnaður | - | 25.000.00 |
| 6. Aukning | - | 82.000.00 |
| | Kr. | 188.000.00 |

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Hallgr. Benediktsson.
Valgeir Björnsson. Ólafur Briðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 20. apríl 1929, kl. 11 f.h. , var fundur haldinn í vatnsnefnd á skrifstofu borgarstjóra.

Voru þá opnuð tilboð í vatnspípur.
Þessi tilboð komu:

1. Á. Einarsson & Funk:
Kr. 18350.oo í ákveðnum í ákveðnum lengdum.
- 17580.oo í mismunandi lengdum.
~~Kr.~~ 2. H. Benediktsson & Co.
Kr. 16787.oo í mismunandi lengdum.
3. Helgi Magnússon & Co.
K. 16800.oo .
4. Ísleifur Jónsson.
Kr. 15399.oo með nokkrum breytingum.
5. Jón Þorláksson & Norðmann.
Kr. 16876.oo í mismunandi lengdum
- 17676.oo í ákveðnum lengdum.
6. Nathan & Olsen:
3 tilboð - ekki samkv. útboði og ekki með útreiknaðri heildarupphæð.
7. Poul Smith:
1 tilboð án útreiknaðrar heildarupphæðar.

Bæjarverkfræðingi falið að gera samanburð um tilboðin.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hallgrímur Benediktsson. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á sumardaginn fyrsta, sem var 25. apríl 1929, var fundur haldinn í vatnsnefnd Reykjavíkurborgar. Var hann settur 10½ f.h. af því fundarmenn sumir komu hálftíma of seint.

1. Bæjarverkfræðingur skýrði frá, að tilboð þau er opnuð höfðu verið á síðasta fundi og ekki voru útreiknuð, væri bæði mun hærri en þau önnur rilboð er fyrir lágu.

Þar eð tilboð H. Benediktsson & Co., að upphæð kr. 16787.oo er lægst af þeim tilboðum er fullnægja skilmálunum, ákvað nefndin að taka því boði.

2. Erindi frá Olíusölunni h/f um vatn til bifreiðaþvotta. Ákveðið að veita þetta, en setja mæli á þær vatnsæðar, sem notaðar eru ril bifreiðaþvotta, og sé gjald greitt eftir gjaldskrá kr. 1.5o pr. 100 hektólítrar (10 tonn).

3. Bæjarverkfræðingi falið að setja mæla á nokkrar fiskverkunarstöðvar til þess að rannsaka vatnseyðsluna.

4. Lagt fram erindi frá hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps um leyfi til þess að leggja 80 m.m. æð úr vatnsæðinni í Kaplaskjólsvegi, framundan Sauðagerði. Borgarstjóri hafði sent bæjarverkfræðingi erindi þetta til athugunar, en bæjarverkfræðingur skýrði frá, að málið væri ennþá of óupplýst til þess að hann gæti í ljósi að svpo stöddu.

Á fundinum kom sú skoðun fram, að ákvæði laga nr. 46, 20. júní 1923, um rétt Seltirninga til þess að fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, svo og svipuð ákvæði vatnalaganna, mundu koma í bága við stjórnarskrána, og að sjálfsagt væri að láta dóm ganga í málinu, áður en bærinn æéti vatnið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ólafur Friðriksson. Hallgrímur Benediktsson.
Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 1. júní kl. 10 f.h. árið 1929 hélt vatnsnefnd Reykjavíkurbæjar fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögð fram tillaga dags. 23/5 1929, undirskrifuð af Jóni Þorlákssyni verkfr. og Valgeiri Björnssyni bæjarverkfr. um vatnsveituæð frá króknum við Rauðarárstíg, yfir Norðurmýri yfir í Hringbraut, meðfram Landsspítalalóðinni að Barónsstíg við Laufás, og eftir Laufásvegi að Njarðargötu og eftir þeirri götu.

2. Bréf frá vatnsveitufélagi Skildinganeskauptúns, dags. 24/5 1929, með beiðni um að bæjarstjórn samþykki að leggja áðurnefnda vatnsæð, gegn 8 - átta - þúsund króna framlagi frá Vatnsveitufélaginu, og leyfi Vatnsveitufélaginu að leggja á sinn kostnað vatnsæð þaðan að Skildinganeskauptúni, þannig að æðin frá Fjölugötu að Sóleyjargötu verði 100 mm. víð, og eign Reykjavíkur, en æðin frá Sóleyjargötu til Skildinganess 80 mm.
Nefndin er þeirrar skoðunar, að ef Reykjavíkurbær er skildugur til þess að láta Skildinganeskauptúni vatn í té, muni sú leið, sem talin er hér að framan vera einna heppilegust, en þar eð Ólafur Friðriksson bað um frest til þess að athuga vatnslögin betur, var málinu frestað.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ólafur Friðriksson. Magnús Kjaran. Hallgr. Benediktsson. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 18. júní kl. 10 f.h. árið 1929, var haldinn fundur í vatnsnefnd Reykjavíkurkaupstaðar á skrifstofu borgarstjóra.

Tekið fyrir erindi Vatnsnefndar Skildinganeskauptúns um vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Ólafur Friðriksson ber fram svohljóðandi tillögu:
"Þar eð óvíst er að ákvæði 34. gr. vatnslaganna nr. 15 frá 20. júní 1923 eigi við annað en vatnsveitufélög einstakra manna, og þá jafnframt óvísst hvort þau skylda bæjarfélög til þess að láta menn er búa utan takmarka bæjarfélagsins fá vatn úr bæjarvatnsveitu,
og þar eð ákvæðið, um að Reykjavíkurborg eigi að láta Seltjarnarneshrepp fá vatn úr vatnsveitu sinni, sem er í 3. gr. laga nr. 46 frá 20. júní 1923, um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, ekki var í samningi þeim er Seltjarnarneshreppur og Reykjavíkurborg gerðu með sér og álítast verður að greinin komi í bága við stjórnarskrána,
ákveður bæjarstjórn Reykjavíkur að láta Seltjarnarneshrepp, eða Vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns, ekki fá hið umbeðna vatn nema hæstaréttardómur hafi áður úrskurðað að Reykjavík beri skylda til þess að láta vatnið".
Vatnsnefndin telur rétt að bæjarstjórnin taki afstöðu til þessarar tillögu, áður en frekara er aðhafzt í málinu.

Magnús Kjaran var á fundi frá kl. 10 til kl. 11, en gat þá ekki lengur frestað för sinni til Þingvalla.- Á fundinn vantaði frú Guðrúnu Jónasson.

Fundi slitið kl. 12.10 á hádegi.

K. Zimsen. Ólafur Friðriksson. Valgeir Björnsson.
Hallgrímur Benediktsson, með fyrirvara.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 31. ágúst 1929, var fundur haldinn í vatnsnefnd Reykjavíkur á skrifstofu borgarstjóra.

1. Samþykkt að löggilda Sigurjón Fjeldsted sem vatnsvirkja í Reykjavík, enda hlyti hann þeim reglum, sem settar hafa verið og settar kunna að verða um störf og skyldur vatnsvirkja.

2. Lagt fram bréf frá Sv. Helga Jónassyni þar, sem hann skýrir frá því, að vatnsæð sú, sem upphaflega var lögð að Kleppi sé nú ónóg orðin og fer fram á að úr því verði bætt. Bæjarverkfræðingur hefur gert áætlun um það, að fullnægjandi leiðsla frá Suðurlandsvegi um Skúlaveg norður með Langholti og alla leið að Kleppi muni kosta um 26.000 krónur, en að Kleppslandi um 22.000 krónur. Nefndin leggur til að þessi verði lögð að Kleppslandi við veginn.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hallgr. Benediktsson. Magnús Kjaran.
Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 12. október 1929, kl. 11 f. h., var fundur haldinn í vatnsnefnd Reykjavíkurbothar í skrifstofu ~~Reykjav=~~ borgarstjóra.

Voru þá opnuð tilboð í vatnspípur, samkv. útboði bæjarverkfræðings dags. 23. f.m.:

| | | |
|---|---|---|
| Á Einarsson & Funk | kr. | 10.825.00 |
| Einar O. Malmberg | - | 10.998.36 |
| H. Benediktsson & Co. | - | 10.320.00 |
| Helgi Magnússon & Co. danskar cif. | - | 8.100.00 |
| Ísleifur Jónsson | - | 10.500.00 |
| Jón Þorláksson & Norðmann | - | 10.015.00 |
| Nathan & Olsen | - | 11.160.89. |

Nefndin ákveður að taka tilbiði Jóns Þorlákssón & Norðmann.

Lagt fram bréf frá Lofti Bjarnasyni járnsmið, Hallveigarstíg 2, þar sem hann fef fram á að verða löggiltur ~~rafvirki~~ vatnsvirki. Erindinu frestað til athugunar.

Ólafur Friðriksson veikur. Magnús Kjaran fjærverandi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson. Hallgrímur Benediktsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 18. nóv. 1929, kl. 2 síðdegis var fundur haldinn í vatnsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin gerir svofelldar tillögur um tekjur og gjöld vatnsveitunnar(1930) árið 1930:

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Vatnsskattur | kr. | 160.000.oo |
| 2. | Vatnssala til skipa | - | 25.000.oo |
| 3. | Vextir af inneign | - | 7.000.oo |
| 4. | Notað af inneign vatnsveitunnar | | 34.000.oo |
| | | Kr. | 226.000.oo |

Gjöld.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Afborganir | kr. | 32.000.oo |
| 2. | Vextir | - | 30.000.oo |
| 3. | Gengismunur | - | 14.000.oo |
| 4. | Innheimta og reikningshald | - | 5.000.oo |
| 5. | Reksturskostnaður | - | 25.000.oo |
| 6. | Aukning | - | 120.000.oo |
| | Samtals | Kr. | 226.000.oo |

2. Samþykkt að löggilda Loft Bjarnason, sem vatnsvirkja í Reykjavík, enda hlýti hann þeim reglum sem settar eru og settar kunna að verða um störf og skyldur vatnsvirkja í Reykjavík (Samanber fundargjörð 12. október þ.á.)

Ólafur Friðriksson og Magnús Kjaran fjærverandi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðrún Jónasson. Hallgrímur Benediktsson.
Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 1. apríl 1930, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa bæjarfulltrúarnir:

Ágúst Jósefsson
Guðmundur Ásbjörnsson
Guðrún Jónasson
Ólafur Friðriksson
Pétur Halldórsson.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar og skrifari Ágúst Jósefsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram 3 erindi frá búendum við Þórsgötu, Freyjugötu, Lokastíg og fleiri götum í Skólavörðuholtinu, um að gerðar verði ráðstafanir til að bætt verði úr vatnsskortinum í þessum bæjarhluta.

Frá því um miðjan febrúar hefir borið á vatnsskorti í þessum hluta bæjarins, sem hátt liggur, og sérstaklega hefir skorturinn verið tilfinnanlegur þegar frost hefir verið.

Reynt hefir verið að bæta úr vatnsskortinum með því að einangra sérstaka bæjarhluta og á annan hátt, og hefir ástandið batnað nokkuð, svo að nú er alstaðar vatn í húsum mestan hluta sólarhringsins, þótt vatn þrjóti nokkrar stundir dagsins.

Vatnsæðarnar hafa verið rannsakaðar ítarlega bæði innan- og utanbæjar, og engar bilanir fundizt, enda virðist vatnsrennslið eðlilegt í aðalæðunum.

Vatnsskorturinn virðist einkum stafa af óeðlilega mikilli vatnsnotkun sökum hirðuleysis notenda vatnsins, er láta vatn renna að óþörfu við þvotta, afvötnun saltmetis o.þ.h. og í frostum til þess að ekki frjósi í húsæðum.

Jafnframt munu vera mikil brögð að því, að vatnskranar og vatnssalerni leki, án þess að hirt sé um að gera við lekann.

Þar sem bætur á vatnsveitunni, sem ákveðið er að gera á þessu ári bygging nýs vatnsgeymis og lagning nokkurra vatnsæða innanbæjar, munu að sjálfsögðu bæta úr ástandinu, en til fulls verður ekki úr því bætt, nema vatnsnotkunin haldist innan skynsamlegra takmarka.

Til þess að hindra óþarfa vatnseyðslu eru ýms ráð, en fyrst og fremst verður að sjá um, að vatnsæðar séu þéttar, og ákveður nefndin að gera nú þegar gangskör að því, að skoðaðar verði húsæðar í bænum, og gengið ríkt eftir því, að gert verði við allar bilanir. Leggur nefndin til að bæjarverkfræðingi verði falið að sjá um þessa skoðun, og greiðist kostnaðurinn af fé vatnsveitunnar, að svo miklu leyti sem húseigendum er ekki skylt að greiða hann.

2. Samþykkt að löggilda J. Sveinbjörnsson, Frakkastíg 2 og Valdimar Kr. Árnason Vitastíg 9, sem vatnsvirkja í Reykjavík,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með sömu skilyrðum og tekin eru fram í fundargjörð vatnsnefndar 12. október 1929.

3. Biskupinn í Landakoti hefir farið fram á, að lækkaður verði vatnsskattur af kirkjubyggingu trúboðsins í Landakoti.
Málinu frestað.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 31. maí 1930 hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tekið fyrir að nýju erindi biskupsins í Landakoti, um lækkun á vatnsskatti af kirkjubyggingu kaþólska trúboðsins.
Nefndin leggur til, að erindinu verði ekki sinnt.

2. Lagður fram dómur hæstaréttar í Skildinganesmálinu, er skyldar Reykjavíkurbæ til að láta Vatnsveitufélag Skildinganess í té nægilegt vatn til heimilis og búsþarfa.
Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin leyti engra samninga um vatnstökuna.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson. Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson. Ólafur Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 16. júlí 1930, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Opnuð tilboð um byggingu nýs vatnsgeymis í Rauðarárholti, sem boðið var út með auglýsingu í dagblöðunum 8/7 þ.á.
Fyrir fundinum lá aðeins eitt tilboð um byggingu geymisins frá Kristni Sigurðssyni múrarameistara fyrir kr. 29300.oo.
Bæjarverkfræðingur hafði áður áætlað byggingu geymisins kr. 38.700.oo.
Nefndin leggur til að tilboði Kristins verði tekið.

2. Lagt fram bréf dags. 9. júlí þ. á. frá Þorkeli Þorkelssyni veðurstofustjóra og Emil Jónssyni bæjarstjóra, sem hafa verið útnefndir til að meta væntanlegar vatnstekjur Vatnsveitufélags Skildinganess úr vatnsveitu Reykjavíkur, þar sem þeir fara fram á ýmsar upplýsingar viðvíkjandi vatnsveitukerfi bæjarins, sem þeir ætla að nota við matið. Bæjarverkfræðingi falið að láta matsmönnunum í té þær upplýsingar er þurfa þykir.

Á fund vantaði Guðmund Ásmundsson, Pétur Halldórsson og Ólaf Friðriksson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 14. nóv. 1930, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1 Nefndin leggur til, að Óskari Smith, Laugavegi.144 verði veitt vatnsvirkjaréttindi.

2. Lagt fram erindi fráFlugfélaginu um að lögð verði vatnsleiðsla að flugskálum í Vatnagörðum og flugvarðarskýlinu þar.
Nefndin vill ekki að svo stöddu leggja til að erindinu verði sinnt, vegna vatnsleysis.

3. Lagt fram bréf frá vatnsveitufélagi Skildinganeskauptúns ásamt matsgjörð matsmanna um vatnstöku úr vatnsveitu Reykjavíkur til handa Skildingarneskauptúni. Málinu Frestað.

4. Lagt fram erindi frá 4 íbúum á Seltjarnarnesi næst Kaplaskjóli, um leyfi til að fá vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur.
Frestunartillaga felld, og erindinu því synjað.

5. Gerðar tillögur til fjárhagsáætkunar, sem verða færðar inn síðar.

6. Lagt fram erindi frá bæjarverkfræðingi ásamt tillögum um nauðsynlega aukning vatnsveitunnar utanbæjar.
Erindið ásamt tillögunum verður fjölritað og sent bæjarfulltrúunum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Guðrún Jónasson. Pétur Halldórsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson. Ólafur Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áætlun um tekjur og gjöld vatnsveitunnar árið 1931.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vatnsskattur | Kr. | 175.000.oo |
| 2. Vatnssala til skipa | - | 30.000.oo |
| 3. Vextir af inneign | - | 1.000.oo |
| | Kr. | 206.000.oo |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Afborganir | Kr. | 33.000.oo |
| 2. Vextir | - | 29.000.oo |
| 3. Gengismunur | - | 14.000.oo |
| 4. Innheimta og reikningshald | - | 5.000.oo |
| 5. Rekstrurskostnaður | - | 25.000.oo |
| 6. Aukning innanbæjar | - | 100.000.oo |
| | Kr. | 206.000.oo |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 9. desember 1930, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Meiri hluti vatnsnefndar leggur til, að bæjarstjórnin samþykki, að fella sig við mat þeirra Emils Jónssonar og Þorkels Þorkelssonar, dags. 29. sept. 1930, um það hvar og hvernig Vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns skuli taka vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur, en tekur fram, að ef síðar þarf að flytja úr stað vatnsæð vatnsveitufélagsins vegna gatnagerðar eða bygginga, skuli það gert á kostnað félagsins.

Ennfremur leggur nefndin til, að fengið verði mat á því hvert vatnsgjald skuli greiða fyrir vatnsnotin, áður en byrjað verður á framkvæmd verksins.

2. Lögð fram skýrsla frá bæjarverkfræðingi, um stækkun vatnsveitunnar, bæði utanbæjar og innan. Er gert ráð fyrir að þessi aukning kosti 715 þúsund krónur.

Nefndin leggur til, að á fjárhagsáætlun vatnsveitunnar fyrir næsta ár, verði varið 715 - sjö hundruð og fimmtán þúsund- krónur til aukningar vatnsveitunnar .

Til þessara framkvæmda þarf 500.000.oo - fimm hundruð þúsund - krónur lántölu auk 100.000 - eitt hundrað þúsund - krónur, sem eru áætlaðar tekjur 1931 og 115.000 - eitt hundrað og fimmtán þúsund - krónur af innstæðu vatnsveitunnar hjá bæjarsjóði.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ólafur Friðriksson. Guðmundur Ásbjörnsson.
Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson. Páll Halldórsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 18. maí 1931 hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa:
Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Guðrún Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson.
Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar og Ágúst Jósefsson skrifari.

Þetta gjörðist:

1. Rætt um vatnsskattinn í bænum. Borgarstjóri stakk upp á að sett yrði reglugjörð um vatnsnotkun í bænum. Nefndin vildi fresta að setja reglugjörð að svo stöddu, en felur borgarstjóra að hafa í sumar stöðugt eftirlit með vatnsnotkuninni, til að hindra ónauðsynlega notkun vatnsins.

2. Lagt fram bréf ~~húse~~ frá húseigendum í Skólavörðuholti fyrir sunnan Njálsgötu og austan Óðinsgötu, um að þeim verði gefinn eftir vatnsskattur fyrir árið 1931.
Frestað að taka ákvörðun að sinni.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Guðmundur Ásbjörnsson. ~~Ágúst= Jósefsson.~~== Guðrún Jónasson. Bolli Thoroddsen. Pétur Halldórsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1931, mánudaginn 15. júní, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Opnuð tilboð í vatnspípur.
Tilboð barst frá þessum firmum.
Vald. Kr. Árnason
J. Þorláksson & Norðmann
Íleifur Jónsson
H. Benediktsson & Co.
Helgi Magnússon & Co.
Raftækjaverzlun Íslands.
Bæjarverkfræðingi falið að gera samanburð á tilboðunum, og leggja hann fyrir nefndina.

Á fund vantaði Ágúst Jósefsson, Guðrúnu Jónasson og Ólaf Friðriksson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1931, fimmtudaginn 18. júní, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Rætt um tilboð í vatnspípur. Bæjarverkfræðingur lagði fram samanburð á tilboðunum í pípurnar, og komst að raun um, að tilboð Ísleifs Jónssonar samsvaraði útboðsskilmálunum og væri lægst:

| | | |
|---|---|---|
| a. Innanbæjarvatnsveitupípur | Kr. | 87.600.oo |
| b. Gaspípur | - | 27.100.oo |

Nefndin leggur til, að tekið verði tilboði Ísleifs Jónssonar.

Ákveðið var, að taka ekki neinu af tilboðunum um utanbæjarpípur.

Bæjarverkfræðingi falið að athuga, hvort ekki væri hægt að nota ódýrari utanbæjarpípur en út voru boðnar.

Fundi slitið.

K. Zimsen Ágúst Jósefsson. Guðrún Jónasson. Guðm. Ásbjörnsson. Ólafir Friðriksson. Pétur Halldórsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 12. október 1931, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá oddvita Seltjarnarneshrepps um að mega leggja 80 m.m. víða vatnsæð frá Grandavegi fram á Seltjarnarnes í Vatnsgeymi, sem ~~vatnsnefndin ætlar að~~ hreppsnefndin ætlar að byggja á nesinu, og verði vatnið látið renna í geyminn á nóttunni. Geymirinn á að taka sólarhrings forða.

Verði ekki komizt hjá að láta Seltjarnarnesi vatn í té, eins og dómur í vatnsmáli bæjarins við Skildinganes bendir til, telur nefndin tilhögun þá, sem gert er ráð fyrir í bréfi oddvita Seltjarnarness haganlega, en frestar að gera tillögur í málinu unz fullnaðar áætlun liggur fyrir.

2. Lagt fram erindi fr á 6 búendum í Seltjarnarneshreppi, um að mega taka vatn úr vatnsæðinni í Kaplaskjóli inn í hús sín, en þau eru rétt fyrir austan hreppsmörkin.

Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin samþykki að verða við beiðni þessara 6 húseigenda með því skilyrði, að þeir leggi á eigin kostnað ½ tommu pípur inn í hús sín, og borgi sama vatnsskatt af húsum sínum í bæjarsjóð, og húseigendur í bænum borga.

3. Rafmagnsstjórnin hefir vísað erindi Jóns Bergssonar um sumarbústað í Elliðavatnslandi til umsagnar vatnsnefndar.

Nefndin er því mótfallin að sumarbústaðir séu hafðir nálægt Gvendarbrunnum, og væntir þess aðerindinu verði synjað.

Jafnframt mælist nefndin til þess við rafmagnsstjórnina að hún sjái um, að þeir tveir sumarbústaðir, sem eru á þessum slóðum, verði teknir burtu þegar í stað.

Ennfremur leggur nefndin til, að farið verði fram á við eiganda og ábúanda Hólms, að bæjarstjórnin fái unnið yfir stærra landssvæði kringum Gvendarbrunna, sem afgirða megi.

4. Rædd tillaga frá borgarstjóra, um að vatnsskattur af húsum í bænum sé hækkaður um 45 % á næstu 4 árum til þess að geta greitt kostnað við aukningu vatnsveitunnar utanbæjar án lántöku.

Málinu frestað.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson. Ólafur Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 29. október 1931, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Rætt um tillögu borgarstjóra um hækkun á vatnsskatti. Tillaga borgarstjóra er:
-að bæjarstjórnin samþykki að hækka vatnsskattinn af öllum húsum í bænum um 40 % frá því, sem hann nú er ákveðinn árin 1932-1935.
Nefndin leggur til, að tillaga borgarstjóra verði samþykkt.

2. Lagt til, að vatnsþróin við Zimsensgarðinn verði rifin, sökum þess að hún hindrar mjög umferðina milli Hafnarstrætis og Hverfisgötu, og þörfin til brynningar er orðin hverfandi hjá því sem áður var.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðrún Jónasson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 14. nóv. 1931, hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Rætt um ályktun bæjarstjórnar 5. nóv. þ.á., þar sem vatnsnefnd er falið að athuga hvort ekki megi selja vatn eftir mæli til stórra atvinnunotenda vatnsins, og draga með því úr hækkun vatnsskatts á íbúðarhúsin.
Nefndin hefir athugað hvað 14 fiskverkunarstöðvar greiða umfram almennan vatnsskatt, og nemur sú upphæð kr.4900.oo, en a lls greiða þær kr. 8418.7o. í vatnsskatt.
Nefndin telur ekki mögulegt að auka tekjur vatnsveitunnar að neinu ráði með því að hækka vatnsskatt á fiskverkunarstöðvunum, og sízt með því að selja vatn eftir mælum, sem eftir upplýsingum bæjarverkfræðings endast illa og verða því ónákvæmar. Eftir athugun á vatnssölu hafnarinnar og hagnaði hafnarinnar á vatnssölunni, leggur nefndin til, að hækkun á vatnsskatti á fasteignum samkvæmt fyrri tillögum nefndarinnar verði ákveðinn 25% í stað 40 %, en að mismunur á áætluðum tekjum verði fenginn af nettóhagnaði af vatnssölu til skipa, sem frá ársbyrjun 1931 renni til vatnsveitunnar, og séu jafnframt athuguð viðskipti hafnar og vatnsveitu síðustu árin.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Pétur Hallsórsson. Guðrún Jónasson. Guðm. Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 5. júlí 1932 hélt vatnsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa þessir bæjarfulltrúar:

Ágúst Jósefsson,
Guðmundur Ásbjörnsson,
Guðrún Jónasson,
Ólafur Friðriksson,
Pétur Halldórsson.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar og Ágúst Jósefsson ritari.

Þetta gerðist:

1. Útaf erindi um vatnsleiðslu til tveggja húsa í Norðurmýri samþykkti nefndin að fela bæjarverkfræðingi að greiða úr málinu að svo miklu leyti , sem hægt er.

2. Lagt fram erindi frá nokkrum búendum í Seltjarnarneshreppi skammt fyrir vestan hreppsmörkin um að fá að taka vatn úr vatnsveitu bæjarins í hús sín.

Nefndin leggur til að bæjarstjórnin samþykki, að verða við beiðni þessara húseigenda með því skilyrði, að þeir leggi á sinn kostnað ½ tommu pípur inn í hús sín og borgi sama vatnsskatt af húsum sínum í bæjarsjóð og húseigendur í bænum borga (sbr. fundargjörð vatnsnefndar frá 12. okt. 1931).

3. Lögð fram áætlun um vatnsæð vestur á Valhúshæð á Seltjarnarnesi (sbr. fundargjörð vatnsnefndar 12. okt. 1931).

4. Lögð fram beiðni frá Á. Einarsson & Funk um leyfi fyrir Wabter Kratch til að tengja vatnsleiðslur við vatnsæð bæjarins.

Vatnsnefndin leggur til, að erindinu sé synjað, því maðurinn er ekki íslenzkur ríkisborgari.

5. Lagt fram bréf frá Ísleifi Jónssyni, þar sem hann fer fram á, að sér verði greiddar kr. 604.75, sem uppbót fyrir lengdarmismun á vatnsleiðslupípum, sem hann seldi bæjarsjóði í fyrra samkvæmt tilboði.

Nefndin getur ekki samþykkt að þessi fjárhæð verði greidd.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. M.Júl.Magnús. Guðrún Jónasson.
Pétur Halldórsson. Valgeir Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur